




16

Óveðurspeysa
Aðalheiðar Láru
Guðmundsdóttur
heitar Kafla



26

Yngsti kúabóndinn ræsti
nýja ostalínu MS á Akureyri

34



Nautgriparæktin
á tímamótum

Bændablaðið

21. tölublað 2013 • Fimmtudagur 31. október • Blað nr. 406 • 19. árg. • Upplag 31.000

Risatómataver í Grindavík talið vera skýjaborgir

– margt vanhugsað í dæminu segir garðræktarráðunautur hjá RML

Hollenskt fjárfestingarfyrirtæki, EsBro, hefur hug á því að byggja stórt gróðurhús í nágrenni Grindavíkur og rækta þar tómata til útflutnings. Ef verkefnið verður að veruleika yrði um 15 hektara gróðurhús að ræða. Magnús Agústsson, garðræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, telur litlar líkur á að verkefni af þessu tagi geti borið sig.

Allt að 6,5 milljarða dæmi

Að því er fram kom á kynningarfundum í Grindavík fyrr í mánuðinum verður kostnaður við uppbygginguna á bilinu 5 til 6,5 milljarðar króna og myndu um 125 ný stórf skapast ef

af yrði. Þá kom einnig fram að búið væri að semja við birgja í Bretlandi um smásölu á tómötunum.

Fyrir tveimur árum síðan var undirritaður samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Geogreenhouse ehf. um uppbyggingu á stóru ylæktarveri til tómataframleiðslu í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar. Um mjög áþekkt verkefni var að ræða og það sem EsBro hefur nú kynnt. Enn hefur hins vegar ekki orðið neitt úr þeim framkvæmdum.

Vekur margar spurningar

„Þetta kemur mér nú spáskt fyrir sjónir, ég verð að segja eins og er,“ segir Magnús Agústsson „Rekstur

fyrirtækja af þessu tagi í Hollandi gengur nú ekki allt of vel. Þó að horft sé til ódýrari orku hér á landi þarf umtalsvert meiri lýsingu en úti í Hollandi til að ná sama árangri. Hér á landi er algengast að verið sé að nota 220 vött á fermetra en þessir aðilar eru að tala um að nota 80 til 100 vött á fermetra. Með því væru þeir búinir að búa til svipaðar aðstæður og eru úti í Hollandi, en án lýsingar.“

Magnús segir að fleiri atriði veki spurningar.

„Þarna er sagt að um lífræna ræktun verði að ræða. Ef svo er má ekki nota tilbúinn áburð og ég velti fyrir mér hvar þeir ætli að nálgast lífrænan áburð. Samkvæmt reglum hér má heldur ekki rækta lífræna tómata nema í jarðvegi hér á landi. Það má sem sagt ekki rækta í fötum eða pokum. Hvar er sá jarðvegur sem til þarf þarna í Grindavík? Í ofanálag er tveggja ára aðlögunartími að lífrænni ræktun hér á landi en á það hefur ekki verið minnst.“

Skýjaborgir

Magnús segist telja að þarna séu menn að reisa skýjaborgir.

„Mér finnst verst ef Grindvíkingar verða plataðir inn í þetta. Það verð sem tíðkast á tómötum úti er þannig að ég sé ekki að þetta geti gengið.“



Sauðfjårbændur víða um land halda sína uppskerudaga eins og fleiri bændur á haustin. Þá koma menn gjarnan saman, slá upp hátíð, gera sér glaðan dag og halda sýningar þar sem fé sem þykir skara fram úr í gæðum fær sína dóma. Félag sauðfjårbænda í Rangárvallasýslu hélt þannig Dag sauðkindarinnar hátíðlegan hinn 19. október síðastliðinn. Auðvitað fékk unga fólkio að fylgjast með og hér er Viðar Steinarsson á Kaldbak með Viðar Frey í fanginu sem er þokkalega stoltur og með verðlaunum í hendi fyrir efsta lambhrútin. – Sjá nánar bls. 7 Mynd / Einar Magnússon



Íslenski sveppamassinn bannaður í lífrænni ræktun:

Að óbreyttu leggst lífrænt vottuð grænmetisframleiðsla af

– framleiðendur í lífrænum búskap telja óraunhæft að hægt sé að mæta kröfum Vottunarstofunnar Túns um slíka ræktun

Frá því var greint í Bændablaðinu hinn 3. október síðastliðinn að notkun sveppamassa sem áburðargjafa í lífrænt vottuðum landbúnaði væri á undanþágu til næsta ræktunartímabils. Þórður Halldórsson, Akri í Laugarási, er formaður Félags framleiðenda í lífrænum búskap. Hann segir óraunhæft fyrir bændur sem framleiða lífrænt vottað grænmeti, ávexti og krydd að mæta þessum kröfum.

Gunnar Gunnarsson frá Vottunarstofunni Túni sagði í blaðinu 3.

október síðastliðinn að notast væri við ákvæði sem heimiluðu undanþágu á meðan lífræn búfjárrækt væri að byggjast upp í einstökum löndum. Nú væri hins vegar komið að því að framleiðendur kæmu sínum málum í lag.

Jarðvegur Flúðasveppanna

Sveppamassinn, stundum kallaður rotmassi, er sá jarðvegur sem Flúðasveppir spretta úr. Í sveppamassa er meðal annars notaður hænsnaskítur úr hefðbundinni hænsnarækt og það

er ástæða bannsins.

Róttin að umfjöllun Bændablaðsins um þetta mál er grein sem birtist í blaðinu 4. júlí síðastliðinn, með fyrirsögninni Sveppamassi bannaður frá og með 1. júlí 2013. Hana skrifaði Christina Stadler, kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í greininni var greint frá



niðurstöðum verkefnis sem Christina Stadler stýrði, en tilgangur þess var einmitt að kanna hvaða áburður gæti komið í staðinn fyrir sveppamassann í lífrænni ræktun. Þar kemur fram að það sé lítil sem engin lífræn ræktun hænsnugla og því falli lítið til af vottuðum slíkum skít – sem gæti hentað í lífrænt vottaðan

eða víðurkenndan sveppamassa. Niðurstaða verkefnisins er að molta úr búfjåraburði er talin vera jafngóð sveppamassanum og fiskimjól enn betra.

Aðgengi ekki fyrir hendi

Þórður segir að félagið hafi ekki tekið formlega afstöðu til ákvörðunar Túns. Það sé hins vegar ljóst að aðgengi að nothæfum áburði, í svipuðum gæðaflokki, sé ekki fyrir hendi.

Frekar er rætt við Þórð um málið á blaðsíðu 2. /smh

Fréttir

Búfjáreftirlit: 58 sóttu um 6 stöður

Matvælastofnun hefur ráðið sex búfjáreftirlitsmenn til starfa frá komandi áramótum og munu þeir sinna störfum í hverju hinna sex umdæma stofnunarinnar. Um ný störf er að ræða sem verða til vegna yfirfærslu á málaflokkum dýravelferðar til Matvælastofnunar. Sú yfirfærsla á sér stöð í nýjum lögum um velferð dýra annars vegar og laga um búfjárhald hins vegar en þau lög voru samþykkt fyrir á þessu ári og taka gildi 1. janúar 2014. Búfjáreftirlitsmenn munu heyra undir embætti héraðsdýralækna í hverju umdæmi fyrir sig.

Fram til þessa hefur búfjáreftirlit verið á forræði sveitarfélaga, sem og forðagesla. Hvoru tveggja mun flytjast á hendi Matvælastofnunar. Helstu verkefni búfjáreftirlitsmanna munu felast í eftirliti með dýrahaldi, bæði húsdýra sem og gæludýra. Tekur það til þátta eins og fæðunar, merkinga og aðbúnaðar ásamt öðru. Þá munu búfjáreftirlitsmenn hafa eftirlit með dýravelferð, taka við tilkynningum um illa meðferð dýra og úrvinnslu þeirra. Einnig munu búfjáreftirlitsmenn sinna öflun og úrvinnslu hagtalna ásamt og með öðrum eftirlitsverkefnum.

Gengið var frá ráðningunum í þessari viku en 58 einstaklingar sóttu um störfin sex. Eftirtaldir voru ráðnir í störfin.

Í Suðurlanddæmi, með aðsetur á Selfossi: Óðinn Örn Jóhannsson, BSc. í búvísindum.

Í Suðvesturumdæmi, með aðsetur í Reykjavík: Antonía Hermannsdóttir, BSc. í búvísindum.

Í Vesturumdæmi, með aðsetur í Borgarnesi: Guðlaugur Antonsson, BSc. í búvísindum.

Í Norðvesturumdæmi, með aðsetur á Sauðárkróki: Einar Kári Magnússon, BSc. í búvísindum.

Í Norðausturumdæmi, með aðsetur á Akureyri: Sigtryggur Veigar Herbertsson, BSc. í búvísindum og MSc. í atferlis- og aðbúnaðarfræðum

Í Austurumdæmi, með aðsetur á Egilsstöðum: Ásdís Helga Bjarnadóttir, BSc. í búvísindum og MSc./Cand. Agric. Gröntmiljö- og hagebruksvísindum. /fr

Bændadagar í borginni

Bændasamtök Íslands bjóða bændum í heimsókn í Bændahöllina dagana 15. og 29. nóvember. Hótel Saga auglýsir sértíðing á gistingu, mat og drykk fyrir bændur auk þess sem Borgarleikhúsið veitir veglegan afslátt fyrir þá sem vilja fara á leiksyningu yfir helgina.

Tilgangurinn er að kynna starfsemi Bændasamtakanna og eiga samtalið við bændur um starfið í Bændahöllinni og landbúnaðarmál almennt. Sindri Sigurgeirsson formaður og starfsmenn BÍ munu taka vel á móti bændum báða föstudagana sem um ræðir en dagskráin hefst kl. 14.00 og stendur til kl. 17.00. Eftir heimsóknina er tilvalið fyrir bændur að eiga góða stund á hótelinu en jólahlaðborðið verður á sínum stað fyrir þá sem það kjósa.

Viðburðirnir eru nánar auglýstir á bls. 39 í blaðinu en nauðsynlegt er að skrá sig með góðum fyrirvara hjá Hótel Sögu í síma 525-9921. Nánari upplýsingar um tilbóðin er jafnframt að finna á vef Bændasamtakanna, bondi.is. /TB



Hugmyndir uppi um að sameina Landbúnaðarháskóla Íslands við Háskóla Íslands:

„Það teldi ég vera sísta kostinn“

– segir Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands

Í menntamálaráðuneytinu er unnið að hugmyndum um sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Þetta hefur Bændablaðið eftir öruggum heimildum innan úr ráðuneytinu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki samband við Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra né Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskólans.

Haraldur Benediktsson, alþingismaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, segir að það hafi komið fram hjá menntamálaráðherra að menn séu að velja fyrir sér að sameina háskóla til að ná fram sterkari stofnunum og betri nýtingu fjármuna. Þar mun sameining Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri (LbHI) og Háskóla Íslands vera sterklega inn í myndinni. Haraldur segir að vissulega sé vert að ræða þessi atriði en málið sé þó ekki svo einfalt hvað varðar LbHI.

Á Búnaðarþingi 2013 var samþykkt ályktun þar sem tiltekið var að standa þyrfti vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna. Ástæða væri til að óttast að ef yfirstjórn þeirra flyttist til Reykjavíkur myndi fljótlegra fjara undan skólum á

landsbyggðinni. Tryggja þyrfti sjálfstæði og rekstrargrundvöll Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum.

Engu að síður hefur Bændablaðið heimildir fyrir því að mikill þungi sé nú í vinnu við sameiningu háskólanna tveggja.

Í sumar viðraði Ágúst Sigurðsson þá skoðun sína að miklir möguleikar væru í því að starfa nánar með Háskóla Íslands og jafnvel að sameina skólana, með það að markmiði að styrkja faglega starfsemi. Á svipuðum tíma talaði Illugi Gunnarsson mjög skýrt um að sameining háskóla væri í undirbúningi í ráðuneytinu, þó að ekki væru tilgreindir sérstakir skólar í þeim efnum.

Umræða af þessu tagi er ekki ný af nálinni, en í tíð síðustu ríkisstjórnar skoðaði Katrín Jakobsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, að sameina umrædda skóla. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins er þó enn meiri þungi í umræðunni nú.

Samræmist ekki markmiðum stjórnarsáttmála

„Landbúnaðurinn og Landbúnaðarháskólinn eru í raun eitt og hið

sama,“ segir Haraldur Benediktsson. „Ef hugmyndin er að renna LbHI inn í Háskóla Íslands erum við að taka þessa stofnun frá íslenskum landbúnaði. Staðreyndin er að Háskóli Íslands er ekki með nokkrum hætti tengdur atvinnulífnum eins og Landbúnaðarháskólinn hefur verið og þarf að vera fyrir landbúnaðinn. Þá blasir það við að við sameiningu þessara skóla verður ekki fyrir hendi þessi stoðþáttur við íslenskan landbúnað. Það samrýmist í mínum huga ekki þeim markmiðum sem fram koma í stjórnarsáttmálanum um sókn í matvælaframleiðslu.

Ég vil að sönnu að við tökum umræðuna um háskólana. Ég þekki vel umræðuna um Landbúnaðarháskólann og hvernig fyrri stjórnvöld drógu lappirnar við að taka þar ákvarðanir sem stjórnvöld skólans lögðu til, svo koma mætti honum fyrir vind með þeim fjárveitingum sem honum voru ætlaðar. Ég vakti athygli á því í síðustu setningaræðu minni á Búnaðarþingi hvað mér fannst miður fara í samburðinum á fjárframlögum til Landbúnaðarháskólans og annarra háskóla.“

– Kemur þó til greina að þínu

mati að sameina Háskólann á Hólum og LbHI?

„Mér finnst allt koma til greina sem eftir getur skólann og styrkir hann sem atvinnuvegaskóla og til að sinna öðrum þeim verkefnum sem gagnast á því fræðasviði. Við þurfum að ræða alla þessa hluti en ég er ekki spenntur fyrir sameiningu LbHI og Háskóla Íslands. Það teldi ég vera sísta kostinn. Ég loka þó ekki á neinar hugmyndir um eflingu þessa starfs og ef það eru sóknarfæri í öðrum breytingum er ég tilbúinn að ræða þær.

Ég ítreka að það verður að klára sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarinnar (RALA), Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins sem leiddi til stofnunar LbHI árið 2005 þó að hún sé óþægileg. Menn hafa ýtt þessu máli á undan sér í allt of langan tíma. Þannig hafa menn búið til vandamál skólans um hallarekstur sem ekki hefði þurft að vera ef menn hefðu tekið undir hugmyndir stjórnenda skólans á sínum tíma.

Þetta sinnuleysi má ekki verða til þess að nú verði rekonum kastað yfir sjálfstæði Landbúnaðarháskólans.“

/fr/Hkr:

Framleiðendur í lífrænt vottuðum búskap uggandi:

Við blasir að við missum vottunina

– ef ekki fæst áfram svigrúm til að nota sveppamassann sem áburðargjafa

Frá því var greint í Bændablaðinu hinn 3. október síðastliðinn að notkun sveppamassa sem áburðargjafa í lífrænt vottuðum landbúnaði væri á undanþágu til næsta ræktunartímabils.

Sveppamassinn, stundum kallaður rotmassi, er sá jarðvegur sem Flúðasveppir spretta úr. Í sveppamassa er meðal annars notaður hænsnaskítur úr hefðbundinni hæsnarækt og það er ástæða bannsins.

Róttin að umfjöllun Bændablaðsins um þetta mál er grein sem birtist í blaðinu 4. júlí síðastliðinn, með fyrirsögninni Sveppamassi bannaður frá og með 1. júlí 2013. Hana skrifaði Christina Stadler, kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tilgangur verkefnisins var einmitt að kanna hvaða áburður gæti komið í staðinn fyrir sveppamassann í lífrænni ræktun. Þar kemur fram að það sé lítil sem engin lífræn ræktun hænsnflugla og því falli lítið til af vottuðum slíkum skít sem gæti hentað í lífrænt vottaðan eða viðurkenndan sveppamassa. Niðurstaða verkefnisins er að molta úr búfjárburði er talin vera jafngóð sveppamassanum og fiskimjöl enn betra.

Óraunhæft að finna áburð fyrir næsta ræktunartímabil

En hvernig er staða mála hjá þeim bændum sem framleiða lífrænt vottuðar búvörur? „Við í félaginu erum búin að ræða þetta aðeins okkar á milli en erum ekki búin að taka formlega áfstöðu,“ segir Þórður Halldórsson, Akri í Laugarási, formaður Félags framleiðenda í lífrænum búskap.

„Bannið á sveppamassanum hefur hangið yfir okkur í talsverðan tíma, en það sem hefur komið í veg fyrir að það hafi verið hægt að taka skrefið og hætta notkun á sveppamassanum er einfaldlega skortur á öðrum göðum áburði. Það hefur ekki orðið fjölgun meðal bænda í lífrænni búfjárrækt og því er langt frá því að vera nægt framboð af vottuðu eða viðurkenndu hráefni fyrir okkur sem erum til að



Þórður Halldórsson, Akri.

mynda að framleiða grænmeti og krydd.

Þeir bændur sem eru í búfjárrækt nota það sem gengur af úr sínum búskap til eigin nota og eru ekki aflögufærir. Eftir því sem ég heyrir dugur það ekki einu sinni fyrir þá sjálfa. Þetta er því vandamál sem ekki verður leyst í snatri – og ég held að það sé óraunhæft að ætlast til þess að bændur verði búnir að því fyrir næsta ræktunartímabil.

Við veltum því líka fyrir okkur á hvaða forsendum verið sé að banna sveppamassann, því ef það er vegna óviðunandi aðstæðna í húsum og fæðun í alifuglaræktuninni ná þær einnig til annarra greina innan hefðbundinnar búfjárræktar. Fóður af svipuðum meidi er til að mynda notað í nautgripærækt, svinarækt og jafnvel sauðfjárrækt líka. Það er því vandamál líka að búfjárburður úr hefðbundinni búfjárrækt hefur ekki verið metinn með þessum hætti hjá Vottunarstofunni Túni; það er hvort hann sé hæfur sem áburður hjá okkur í lífrænt vottuðum búskap.“

Ekki aðgengi að neinu í svipuðum gæðaflokki

Að sögn Þórðar hefur sveppamassinn



Hænsnabúíð á Sólheimum. Eitt af fáum sem eru lífrænt vottuð. Myndir / smh

verið undirstöðu áburðargjafi, í það minnsta meðal bænda á Suðurlandi þar sem aðgengi er gott að honum. „Sveppamassinn er afburðagóður áburður og við höfum ekki aðgengi að neinu sem er í svipuðum gæðaflokki. Í verkefni Landbúnaðarháskólans kom fiskimjöl vel út, en það er ljóst að það getur aldrei orðið að grunnáburðargjafi hjá okkur. Við notum bæði fiski- og þörungamjöl einungis sem viðbótaráburð. Fiskimjolið notum við til að mynda á ræktunartímabilinu, til móts við sveppamassann, til að koma plöntunum vel af stað. Það gengur hins vegar ekki að rækta jarðveginn með fiskimjölunum sem grunnáburði. Þar fyrir utan höfum við reynslusögur af því að mikil notkun á fiskimjölum hafi haft neikvæð áhrif á bragðið og svo hitt, sem er kannski enn verra, að þeir sem eru með fiskofnæmi (próteínofnæmi) hafi fundið fyrir einkennum í gegnum grænmetið.

Þar sem þessi krafa hefur hangið yfir okkur höfum við verið að skoða möguleika á því að finna áburð sem gæti leyst sveppamassann af hólmi. Við höfum nokkrir sunnlenskir bændur verið með verkefni í gangi síðan í vor, með stuðningi frá Vaxtarsamningi Suðurlands, þar sem við reynum að finna út úr því hvaðan við getum fengið hráefni og hvort við getum farið í sambærilega framleiðslu. Það gengur hins vegar hægt.“

Eins og fyrr segir hefur Vottunarstofan Túni gert kröfu um að lífrænt vottuð framleiðsla hætti notkun á sveppamassanum fyrir næsta ræktunartímabil. En hvernig er ræktunartímabilinum skipt upp? „Það eru hin árlegu skipti; hefðbundið tímabil er frá vori að hausti en þar sem komin er heilsársræktun fara sáðskiptin fram á sumartíma. Þá er gert hlé í fjórar til sex vikur á meðan gengið er frá, þrífðið og nýtt ræktunartímabil undirbúið. Hjá mér hagar því reyndar þannig til að ræktunartímabil er nýhafðið – og það er líklega einstakt meðal lífræna ræktenda. Þannig að þetta er misjafnt eftir framleiðendum,“ útskýrir Þórður.

Að óbreyttu leggst lífrænt vottuð grænmetisframleiðsla af

„Það sem blasir við að gerist, ef við fáum ekki áfram svigrúm, er einfaldlega að við missum vottunina. Þróunin í lífrænni ræktun hér á Íslandi er svo einstaklega hægt að það verður ekki hjá því komið að taka mið af því. Næst á dagskrá hjá okkur sem erum í framleiðslu á vottuðum búvörum er því að sækja um áframhaldandi undanþágu. Félagið mun svo taka þetta fyrir og væntanlega óska eftir samráði við Vottunarstofuna að lausn á þessu máli.“ /smh

BÆNDAFUNDIR

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

Fræðslufundir um kjarnfóður og áburð með skemmtilegu ívafi

Sláturfélag Suðurlands býður til bændafunda í samvinnu við YARA og DLG þar sem í boði eru fræðsluerindi um kjarnfóður og áburð.

Allir velkomnir.

Fundirnir verða haldnir
frá kl. 20:30 – 23:00

Kaffi Egilsstaðir
Þriðjudaginn 5. nóvember.

Hlíðarbæ, Akureyri
miðvikudaginn 6. nóvember.

Hótel Borgarnesi
fimmtudaginn 7. nóvember.

Félagsheimilinu Hvoli
föstudaginn 8. nóvember.

Fundarstjóri verður Guðni Ágústsson.

Léttar veitingar og góðgæti í umsjá kvenfélagskvenna.

Jóhannes Kristjánsson eftirherma mætir á fundina og fer yfir stöðu helstu þjóðmála eins og honum einum er lagið.

Fyrirlestrarnir verða þýddir eins og þurfa þykir auk þess sem glærur verða á íslensku.



DAGSKRÁ

- Steinþór Skúlason, forstjóri SS.
Setur fundinn og ávarpar gesti.
- Jakob Kvistgaard, framleiðslustjóri kjarnfóðurs hjá DLG.
Fóðrun búfjár með hliðsjón af stein- og snefilefnaþörfum.
Staða danskra bænda í dag.
- Ole Stampe, viðskiptastjóri hjá YARA.
Mikilvægi stein- og snefilefna í áburðargjöf.
Hvað aðgreinir einkorna áburð frá fjölkorna?
Umhverfisábyrgð YARA.



Fréttir

Innflutningur á kartöflum:

Umtalsvert minna flutt inn

Innflutningur á kartöflum til Íslands nam 1.499 tonn um á lok ágúst, sem er 1.479 tonn minna en á sama tíma í fyrra þegar flutt höfðu verið inn 2.978 tonn. Árið 2012 var reyndar metár í kartöfluinnflutningi samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, en þá voru flutt inn 3.306 tonn allt árið.

Þó að umtalsvert minna hafi verið flutt inn fram í ágúst á þessu ári er líklegt að slök kartöfluuppskera vegna bleytu víða sunnanlands í haust geti enn sett strik í reikninginn.

Innflutningur á kartöflum hefur verið nokkuð misjafn í gegnum tíðina og virðist tíðarfar á Íslandi spila þar stóra rullu. Árið 1999 var t.d. einungis flutt inn 491 tonn af kartöflum, sem er minnsti kartöfluinnflutningur síðastliðin 14 ár.

Næstmínst var flutt inn af kartöflum árið 2002, eða 594 tonn, og 838 tonn árið 2001. Öll hin árin hefur kartöfluinnflutningurinn numið yfir 1.000 tonn og náði hann hámarki á síðasta ári og endaði eins og áður segir í 3.306 tonn.

Líka metinnflutningur á grænmeti í fyrra

Í fyrra var einnig sett met í innflutningi á grænmeti. Þá voru flutt 11.365 tonn til landsins, en næstmest var flutt inn á því fræga ári 2007 eða 11.322 tonn. Minnstur innflutningur á grænmeti var hins vegar árið 1999, eða 6.364 tonn.

Í lok ágúst á þessu ári var aftur á móti búið að flytja inn 8.309 tonn af grænmeti, en 8.104 tonn á sama tíma í fyrra.

/HKr.

Íslandsmethafi felldur

Í sumar var kýrin Mókolla 230 á Kirkjulæk í Fljótshlí felld sökum elli, en hún setti á farsælli ævi sinni sem mjólkurkýr íslandsmet í heildarafurðum.

Mókolla var fædd 7. apríl 1996 og bar sínum fyrsta kálfi 24. október 1998. Alls bar hún þrettán sinnum og mjólkaði samtals 114.635 kílóum mjólkur á ævinni, eða 7.824 kílóum að ári að jafnaði. Ef sú mjólk sem kýrin mjólkaði væri reiknuð á verði dagsins í dag næmi verðmætið rúmlega 10,5 milljónum króna.

Mókolla bætti eldra Íslandsmet

Hrafnhettu í Hólum um 3.441 kíló. Hún skiladi alla tíð fremur efnaríkri mjólk og til jafnaðar var fituhlutfallið 4,69 prósent og prótínhlutfallið 3,69 prósent. Hér var því um mikinn stólpagrip að ræða. Heimasíða Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins greindi frá.



Methafinn Mókolla.

Framleiðsluverð hækkar um 2,9% milli mánaða

Vísitala framleiðsluverðs í september 2013 var 203,3 stig (4. fjórðungur 2005 = 100) og hækkaði um 2,9% frá ágúst 2013 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Vísitala framleiðsluverðs fyrir sjávarafurðir var 252,4 stig, sem er hækkan um 1,6% (vísitölúahrif 0,6%) frá fyrri mánuði og vísitala fyrir stóriðju var 203,9 stig, hækkaði um 3,3% (1,1%). Vísitalan fyrir matvæli hækkaði um 0,5% og vísitala fyrir annan iðnað hækkaði um 7,4% (1,2%).

Vísitala framleiðsluverðs fyrir vörur sem framleiddar voru og seldar innanlands hækkaði um 2,7% (0,6%) milli mánaða en vísitala fyrir útfluttar afurðir hækkaði um 3,0% (2,3%).

Miðað við september 2012 hefur vísitala framleiðsluverðs lækkað um 1,9% og verðvísitala sjávarafurða lækkað um 5,2%.

Á sama tíma hefur verð á afurðum stóriðju lækkað um 2,6% en matvælavæðing hefur hækkað um 2,2%.

Bændafundur Bændasamtakanna haldnir á næstu vikum

– gestafyrirlesarar mæta á fundina og ræða meðal annars um fjármögnun og vinnuvernd

Nú standa fyrir dyrum bændafundir Bændasamtakanna sem haldnir eru síðla hausts. Í ár munu nokkrir gestafyrirlesarar slást í för með stjórnarmönnum samtakanna og fjalla um margvísleg málefni tengd landbúnaðinum. Í byrjun október var sent bréf til forystumanna bænda í búgreinafélögum og búnaðarsamböndum og óskað eftir tillögum að umræðuefnum fundanna. Meðal þess sem félagsmenn óskuðu eftir að yrði tekið fyrir var nýliðun í landbúnaði, vinnuverndarmál, fjármögnun og heimavinnsla matvæla. Þá verður á einum stað boðið upp á fyrirlestur um streitu og starfsgleði.



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, mun ásamt öðrum stjórnarmönnum samtakanna fara í árlega fundarferð um landið til að hitta félagsmenn að máli.

Dags.	Staðsetning	Fundarstaður	Fundartími	Meðal fundarefna
mán. 11. nóv.	Hella	Árhús	12.00	Vinnuverndarmál
fin. 14. nóv.	Blönduós	Sjálfstæðishúsið	12.00	Fjármögnun í landbúnaði
fin. 14. nóv.	Hrútafjörður	Staðarflöt	20.30	Nýliðun í landbúnaði
mán. 18. nóv.	Akureyri	Hótel KEA	12.00	Vinnuvernd og nýliðun
mán. 18. nóv.	Kópasker	Fjallalamb	20.30	Vinnuverndarmál
þri. 19. nóv.	Kjós	Ásgarður	20.30	Heimavinnsla matvæla
mið. 20. nóv.	Sauðárkrúkur	Kaffi Krókur	12.00	Streita og starfsgleði
mið. 20. nóv.	Borgarnes	Hótel Hamar	12.00	Fjármögnun í landbúnaði
fin. 21. nóv.	Ísafjörður	Hótel Ísafjörður	12.00	Eignarhald á bújörðum
mán. 25. nóv.	Hornafjörður	Mánagarður í Nesjum	11.00	Staða landbúnaðarins
mán. 25. nóv.	Egilsstaðir	Hótel Hérað - Icelandair	20.30	Landbúnaður og stjórnmál

Fundarformið er með þeim hætti að forystumenn úr stjórn Bændasamtakanna halda inngangserindi en síðan verða tekin fyrir ákveðin mál sem heimamenn hafa óskað eftir að sett verði á dagskrá. Þá verða umræður og skipst á skoðunum um fundarefnið.

Á hádegisfundum er boðið upp á súpu og brauð en kaffi og hressingu á kvöldfundunum.

Alls er búið að skipuleggja tíu bændafundi en að auki verður Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, með erindi á ráðstefnu í Hornafirði um hagsmunamál dreifbýlis sem bændur eru hvattir til að mæta á.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna heiðrar stofnanda Slow Food-hreyfingarinnar

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) heiðraði á dögunum Carlo Petrini, stofnanda Slow Food-hreyfingarinnar, og útnefndi hann Meistara jarðarinnar (Champion of the Earth award). Viðurkenningin er sú æðsta sem Sameinuðu þjóðirnar veita fyrir störf í þágu umhverfismála. Hún er veitt fyrir störf sem hafa haft umtalsverð og jákvæð áhrif á umhverfið. Petrini veitti viðurkenningunni móttöku úr hendi Achim Steiner, framkvæmdastjóra UNEP, við hátíðlega athöfn sem fór fram í New York 18. september síðastliðinn.

Gegn skyndibitavæðingunni

Petrini er kunnur fyrir brautryðjendastarf sitt á síðustu áratugum til að auka skilvirkni og sjálfbærni landbúnaðar heimsins. Hann stofnaði Slow Food-hreyfinguna árið 1989 sem andsvar við skyndibitavæðingunni, sem var þá í örum vexti. Viðurkenningin er veitt á fjórum sviðum og hlaut Petrini hana í flokknum Innblástur og framtakssemi (Inspiration and action).

Í rökstuðningi UNEP fyrir veitingu viðurkenningarinnar kemur fram að í starfi sínu hafi Petrini og hreyfing hans unnið að margvíslegum verkefnum sem stuðli að aukinni skilvirkni og sjálfbærni í landbúnaði, varðveislu handverks í matvælaframleiðslu og líffræðilegs fjölbreytileika.

Stofnun um líffræðilegan fjölbreytileika

Sérstök stofnun helguð líffræðilegum fjölbreytileika er innan vébanda Slow

Carlo Petrini
Wikimedia Commons / Bruno Cordioli

Food og undir henni eru starfandi deildir í meira en 50 löndum – og þar innanborðs um 10.000 smáframleiðendur matvæla. Í þessum deildum er hvatt til vistvænnar og sjálfbærrar matvælaframleiðslu, hvort heldur í landbúnaði eða í fiskveiðum.

Bragðörkin lofsvert framtak

Þá þykir verkefni sem heitir Bragðörkin (e. Ark of taste) lofsvert framtak, en það heyrir undir stofnunina um líffræðilegan fjölbreytileika. Bragðörkin geymir upplýsingar um fagætar matvörur sem eru mikilvægar menningarsögunni. Þar eru nú skráðar um 1.000 afurðir eða framleiðsluaðferðir, frá 75 löndum, sem voru að gleymast eða eru taldar vera í hættu, með einum eða öðrum hætti. Til gamans má geta þess að þarna inni eru

nú skráðar sjö íslenskar afurðir; kæstur hákarl, hjallaburrkuð ýsa (harðfiskur), sólþurrkaður saltfiskur, hveraþurrkað salt, íslenska geitin, skyrið, og nýjasta afurðin þarna inni er taðreykt hangikjöt.

Stuðningur í Afríku og Diskósúpa

Einnig er bent á verkefni Slow Food í Afríku, A Thousand Gardens in Africa, sem styður á virkan hátt við samfélög í 25 löndum heimsálunnar til baráttu gegn hungri og réttinum fyrir mat og fæðuöryggi. Að lokum tiltekur UNEP virðingartak sem fer fram hjá yngri meðlimum Slow Food-hreyfingarinnar (Slow Food's Youth Network), en þeir takast á við vandamálið við sóun matvæla. Í því skyni hafa þeir stofnað til viðburða undir yfirskriftinni „Disco Soup“, meðal annars í Frakklandi, Írlandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Þá koma ungir sjálfbodaliðar saman til að elda ókeypis máltíðir og nota til þess gæðahræfni sem gengur af frá mörkuðum, verslunum og heimilum.

Tileinkun til fólksins sem starfar í Slow Food

Við móttöku viðurkenningarinnar sagði Petrini að hann væri snortinn af þeim heiðri sem honum væri sýndur. „Viðurkenningin sýnir að leiðin sem Slow Food hefur fetað síðustu 27 árin hefur gjörbreytt hugmyndinni um sælkeramat, með því að setja hann í beint sambandi við umhverfisvitund og verndun. Gjörvöll hreyfingin vinnur hvern dag að því að reyna að tryggja að heimurinn eigi góð og hrein matvæli sem framleidd eru á sanngjarnan hátt. Ég tileinka þessa dýrmætu viðurkenningu öllu fólkinu sem þar starfar.“

/smh

VINNUPJARKUR

GRIZZLY fjórhjól skilar góðu dagsverki – því getur þú treyst!
Grizzly er létt, kraftmikill og öruggt. Á því verður vinnan hrein ánægja, þökk sé einstakri hönnun sem hefur þægindi notandans að leiðarljósi.

Kletthálsi 3
110 Reykjavík
sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS

Ótrúlega flottir NEW HOLLAND tilboðspakkar



NEW HOLLAND T5 dráttarvél 4x4

Lýsing á grunngerð:

- Mótör 4 stokka með mótörhitara, 140 lítra eldsneytistankur
- Girkassi 24x24 með vökvavendigir og "Powerclutch"
- 84 lítra vökvadæla, 3 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Loftkæling, loftpúðasæti, 4 vinnuljós að framan og 2 að aftan
- Farpegasæti með öryggisbelti
- Stjórnun á beislisbúnaði er rafstýrð
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur ásamt opnum beislisenda
- Standard dekkjastærð undir T5.105, 440/65R24 að framan og 540/65R34 að aftan
- Standard dekkjastærð undir T5.115 og stærri 480/65R24 að framan og 600/65R34 að aftan
- Frambretti og brettubreikkanir að aftan ásamt stjórnþúnaði
- Dráttarkrókur að framan

NEW HOLLAND T6 dráttarvél 4x4

Lýsing á grunngerð:

- Mótör 4/6 stokka með mótörhitara "Common Rail" Tier 4
- Girkassi 17x16 með vökvavendigir og Auto Features (sjálfskipting innan gírsviða)
- 113 lítra vökvadæla, 4 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Loftkæling í húsi, loftpúðasæti, farpegasæti, 4 vinnuljós
- Rafstýribeisli, opnir beislisendar
- Undirliggjandi og vökvaútskotinn dráttarkrókur
- Dekkjastærð að framan 480/65R28 og 600/685R38 að aftan (flotmeiri dekk fánleg)
- Frambretti og brettubreikkanir að aftan ásamt stjórnþúnaði
- Dráttarkrókur að framan

T5 með ámoksturstæki og Fella heyvinnuvél

	T5.105 107 hestöfl	T5.115 117 hestöfl
Dráttarvél - grunngerð	7.920.000 kr. *	8.350.000 kr. *
Q46 ámoksturstæki	1.550.000 kr. *	1.550.000 kr. *
Fella heyvinnuvél að eigin vali af lager	1.125.000 kr. *	1.125.000 kr. *
Heildarverð	10.595.000kr. *	11.025.000 kr. *
Tilboðsverð	9.999.000 kr. *	10.475.000 kr. *

T6 með ámoksturstæki og Fella heyvinnuvél

	T6.150 133/154 hestöfl	T6.160 143/163 hestöfl	T6.165 137/165 hestöfl
Dráttarvél - grunngerð	10.950.000 kr. *	11.230.000 kr. *	11.260.000 kr. *
Q56 ámoksturstæki	1.650.000 kr. *	1.650.000 kr. *	1.650.000 kr. *
Fella heyvinnuvél að eigin vali af lager	1.125.000 kr. *	1.125.000 kr. *	1.125.000 kr. *
Heildarverð	13.725.000kr. *	14.005.000 kr. *	14.035.000 kr. *
Tilboðsverð	12.999.000 kr. *	13.299.000 kr. *	13.299.000 kr. *

T5 með ámoksturstæki

	T5.105 107 hestöfl	T5.115 117 hestöfl
Dráttarvél - grunngerð	7.920.000 kr. *	8.350.000 kr. *
Q46 ámoksturstæki	1.550.000 kr. *	1.550.000 kr. *
Heildarverð	9.470.000kr. *	9.900.000 kr. *
Tilboðsverð	9.176.430 kr. *	9.593.100 kr. *

T6 með ámoksturstæki

	T6.150 133/154 hestöfl	T6.160 143/163 hestöfl	T6.165 137/165 hestöfl
Dráttarvél - grunngerð	10.950.000 kr. *	11.230.000 kr. *	11.260.000 kr. *
Q56 ámoksturstæki	1.650.000 kr. *	1.650.000 kr. *	1.650.000 kr. *
Heildarverð	12.600.000kr. *	12.880.000 kr. *	12.910.000 kr. *
Tilboðsverð	12.222.000 kr. *	12.493.600 kr. *	12.522.700 kr. *

FELLA heyvinnuvélar af lager

Tegund		Listaverð	Tilboðsverð
SM288	Slátturvélar	990.000 kr. *	891.000 kr. *
SM320	Slátturvélar	1.310.000 kr. *	1.179.000 kr. *
SM3060TL	Slátturvélar	1.630.000 kr. *	1.467.000 kr. *
SM3570TL	Slátturvélar	1.720.000 kr. *	1.548.000 kr. *
TH5204DN	Heyþylur	900.000 kr. *	792.000 kr. *
TH6606DN	Heyþylur	1.250.000 kr. *	1.125.000 kr. *
TH790 Hydro	Heyþylur	1.390.000 kr. *	1.251.000 kr. *
TS426 DN	Rakstrarvélar	940.000 kr. *	846.000 kr. *
TS671	Rakstrarvélar	2.290.000 kr. *	1.992.300 kr. *



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 6.900 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.450. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Öll spilin á borðið

Tækifæri Íslendinga til framtíðaruppbyggingar samfélagsins liggja ekki hvað síst í aukinni matvælaframleiðslu. Þó kunna að vera blikur á lofti í þessum efnunum.

Garðyrkjan hefur til dæmis um langt árabíl barist fyrir hagstæðara verði á raforku til lýsingar í gróðurhúsum. Hugmyndir um stórfellda ræktun Hollendinga á tómötum í Grindavík byggja líka á að hér fáið orka á hagstæðu verði. Á sama tíma og menn eru að ræða þetta fundar Landsvirkjun í Bretlandi með þátttöku forseta Íslands um lagningu sæstrengs til útlanda.

Vissulega mun Landsvirkjun við slíka tengingu fá mun fleiri krónur í kassann en hún gerir nú. Líklegt er að Landsvirkjun muni græða vegna stórhækkunar orkuverðs á innlendum markaði sem yrði bein afleiðing tengingarinnar. Frá sjónarhóli Landsvirkjunar virðist málið því að vera borðleggjandi.

Forsvarsmenn Landsvirkjunar hamast hins vegar við að slá ryki í augu fólks og segja að tengingin til útlanda þurfi ekki að hækka orkuverð til almennings svo mikið. Sagt er að höfuðborgarbúar muni ekki finna svo mikið fyrir þeim hækkunum, en um leið sagt að hækkanir hjá þeim sem í dreifbýlinu búa og nota raforku til húshitunar verði verulegar. Er það fólk þá minna virði en höfuðborgarbúar í augum Landsvirkjunar?

Það vekur líka athygli að forstjóri Landsvirkjunar segir það ekki rétt að með tengingu til útlanda verði Íslendingar skuldbundnir til að mismuna ekki kaupendum á hvorum enda strengsins. Af hverju í ósköpunum mun orkuverð þá hækka til notenda á Íslandi?

Svarið er einfalt, það verður ekki heimilað að mismuna kaupendum á sitt hvorum enda strengsins. Það þýðir þó ekki að orkuverðið verði endilega það sama, hér og í útlöndum, því margar breytur spila inn í það dæmi.

Þarna er ekki bara verið að tala um lítinn sætan hund til Bretlands sem nýti eingöngu umframorku í íslensku raforkukerfi. Það er verið að tala um 700 til 900 megavatta (MW) streng. Til samanburðar er Fljótsdalsvirkjun (Kárahnjúkavirkjun) með 690 MW uppsett afl. Slík orka er einfaldlega ekki á lausu í kerfinu í dag og þar munar mjög miklu. Jafnvel þó einhverjir telji að málið sé þjóðhagslega hagkvæmt þýðir það ekki að Landsvirkjun megi beita fólk gegndarlausum blekkingum til að knýja það í gegn. Það verður að leggja ÖLL spilin á borðið. /HKK/

LEIÐARINN

Bændur vilja standa vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna

Hér framfarir í blaðinu er fjallað um hugmyndir sem berast úr stjórnkerfinu um sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri við Háskóla Íslands.

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum eru gríðarlega mikilvægur stofnanir fyrir íslenskan landbúnað. Skólarnir hafa útskrifað fólk sem er stór hluti bændastéttarinnar og stundar landbúnað vött og breytt um landið. Visindamenn þessara stofnana hafa með rannsóknunum sínum lagt grunninn að framþróun landbúnaðar um áratugaskeið.

Í ljósi þessa mikilvægis þarf því ekki að koma neinum á óvart að Búnaðarþing 2013 ályktaði með skýrum hætti um mikilvægi þessara menntastofnana. Í ályktun þingsins segir:

„Tryggja þarf sjálfstæði og rekstrargrundvöll Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanámi, háskólanámi og hafi rannsóknarskyldu í landbúnaði á Íslandi. Með nýrri Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er m.a. horft til LbhÍ varðandi endurmenntun ráðunauta og annarra starfsmanna í leiðbeiningaþjónustu. Öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar. Standa þarf vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna og ástæða er til að óttast að ef yfirstjórn þeirra færast til Reykjavíkur, fjari fljótleiga undan skólum staðsettum á landsbyggðinni. Tryggja þarf að landbúnaðarháskólarnir fái það fjármagn sem þeim ber og að tekið verði tillit til þess að um frekar litla skóla á landsbyggðinni sé að ræða, því passi hugsanlega ekki mælieiningar miðaðar við stærstu háskóla landsins.“

Ljóst er á þessari ályktun að íslenskir bændur

bera traust til háskólanna á Hvanneyri og á Hólum og ætla þeim stórt hlutverk í eflingu matvælaframleiðslu á Íslandi.

Skortir á að sameining Rala og Landbúnaðarháskólans verði fullnustuð

Á undanförunum árum hefur skort verulega á að ákvarðanir er vörðuð sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala) og Landbúnaðarháskólans væru fullnustaðar. Stjórnendur LbhÍ hafa itrekað lagt fram hugmyndir um að stíga það skref til fulls að sameina starfsemi skólans og selja eignir til þess að styrkja rekstrargrundvöll og efla faglegt starf. Hins vegar hefur alltaf skort pólitískan kjark til að hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd.

Enginn fjárhagslegur ávinningur

Nú þegar Illugi Gunnarsson hefur tekið við búsföráðum í menntamálaráðuneytinu kveður við nýjan tón. Þaðan berast þær fregnir að sameina eigi Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Þá er eðlilegt að spyrja sig: Hafa menn velt fyrir sér þeirri staðreynd að fjárhagslegur ávinningur af slíkri sameiningu er enginn, heldur þvert á móti árleg kostnaðaraukning? Starfsmenntanámið, lykill nýliðunar í landbúnaði, er skilið eftir munaðarlaust. Það er látið liggja milli hluta að aðgerðin veikir landbúnað og byggðir. Sérhæfð störf flytjast í ofbeitta Vatnsmýrina sem nú þegar er fullsetin af flugumferð, ferðamönnum og háskólastarfi. Réttlættingin, ef einhver er, felst í auknu akademísku vægi skólans.

Sú var tíðin að menn héldu því fram að Íslendingar ætu bækur. Sú skáldlega líking, sem

mörgum þótti niðurlægjandi, var sennilega sett fram til að ögra. Nú, fimmtán árum eftir andlát nóbelskaldsins, virðist þessi skoðun aftur skjóta rótum þótt með öðrum hætti sé. Auðvitað vill enginn veiga að akademísku frelsi eða gera lítið úr metnaðarfullu alþjóðlegu háskólanámi en huga þarf að fjölbreytileika og fleiri sjónarmiðum.

Sjálfstæði bændaskóla er engin tilviljun

Bækur eru ákaflega slappt föður en menntun, bóklegr og verkleg, er hins vegar mikilvæg landbúnaði eins og öðrum framleiðslugreinum. Það er engin tilviljun að Búnaðarþing 2013 lagði áherslu á sjálfstæði bændaskólanna, eins og okkur er tamt að kalla þá. Það er því umhugsunarefni af hverju stjórnvöld veiga að sjálfstæði skólanna á sama tíma og yfirlýst stefna þeirra er efling landbúnaðar og aukning innlendrar matvælaframleiðslu.

Bændur vilja gjarnan framþróun en eins og þegar líffé er valið til ásetnings þarf fyrst að horfa á staðreyndir, mældar í viðeigandi mælikvörðum. Síðan þarf greiningar á staðreyndum en síðast er ásetningur valinn á grundvelli þeirra. Við köllum eftir þessu.

Bændur hafa tjáð sig með skýrum hætti um bændaskólana í ályktun á Búnaðarþingi 2013, sem send var mennta- og menningarmálaráðuneytinu á vordögum. Hyggst menntamálaráðherra bregðast við þeirri ályktun með því að ganga í þveröfuga átt, þvert á vilja og án samráðs við atvinnugreinina? Fyrir hverja er það gert? Er hægt að þróa öflugt landbúnaðarnám við þær aðstæður?

Bændasamtökin eru reiðubúin að vinna með stjórnvöldum að þróun landbúnaðarháskólanna ef eftir því er leitað, en fyrirleggjandi tillöggu eru því miður ekki heillavænlegar fyrir menntun í greininni. /SSS/



Nei, þetta eru ekki rússneskir herforingjar að fylgjast með heræfingu á Rauða torginu í Moskvu. Það er heldur ekki hlaupið á Kalasnikov-herrifli sem sést gægjast upp fyrir handriðið. Þess í stað má hér sjá friðsemdarmennina Hákon Sigurgrímsson, fyrrverandi skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, sem var formaður nefndar í ritgerðarsamkeppni um forystufé, og Guðna Ágústsson, yfirforingja átaksins „Gengið til fjár“ sem hrint var af stokkunum til að styðja norðlenska bændur sem urðu fyrir miklu fjártjóni í veðuráhlapi í september 2012. Þeir eru hér að fylgjast með mannfjöldanum á Skólavörðustignum í Reykjavík sem fylgdist með er settur var lokapunktur á söfnunarátakið og kynnt úrslit í samkeppni um hönnun óveðurspeysu og ritgerðarsamkeppni um forystufé laugardaginn 26. október. - Sjá nánar bls. 16

Líf og starf

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu hélt dag sauðkindarinnar á Hvolsvelli:

Litfegursta lambið var móhöttótt, flekkótt gimbur frá Skíðbakka

Dagur sauðkindarinnar var haldinn í Skeiðvangi Hvolsvelli hinn 19. október síðastliðinn. Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu sá um daginn, sem var haldinn í 6. sinn, og fjölmenntu að sjálfsögðu bændur og búalið.

Á sýninguna komu efstu hrútar úr sýningum í hverri sveit milli Þjórsár og Markarfljóts og voru dæmdir upp á nýtt. Efstu lambhrútar urðu:

1. Nr. 392 frá Kaldbak með 37,5 stig fyrir BML og 87,5 heildarstig. F: Arður Kaldbak.
2. Nr. 6371 frá Butru með 37 stig fyrir BML og 88 heildarstig. F: Spíri Butru.
3. Nr. 23 frá Hólmum með 37 stig fyrir BML og 87,5 heildarstig. F: Borði Hesti.

Veturgamlir hrútar

1. 12-515 Svanur frá Kálfholti með 37 stig BML og 89 heildarstig. F: Bjarni Lyngholti.
2. 12-354 Reykur frá Hemlu með 37 stig BML og 88 heildarstig. F: Reynir Skjaldfönn.
3. 12-082 Geiri frá Austvaðsholti með 36,5 BML og 87 heildarstig. F: Barði Austvaðshólum.

Gimbrar

1. Nr. 454 frá Teigi 1 með 9,5 fyrir framt og 19 fyrir læri.
2. Nr. 420 frá Hlíðarendakoti með 9,5 fyrir framt og 19 fyrir læri.
3. Nr. 35 frá Álfrólum með 9,5 fyrir framt og 18,5 fyrir læri.

Litfegursta lambið

Gestir völdu litfegursta lambið og var valin móhöttótt, flekkótt gimbur frá Skíðbakka.

Verðlaun voru veitt fyrir 5 vetra ær sem standa efstar í kynbótamati í sýslunni. Efstu 5 ærnar voru frá Skarði og Skarðshlíð. Efsta ærin var 08-205 frá Skarðshlíð með 118,5 stig.

Þyngsti innlagði dilkurinn vóg 29,7 kg

Veitt voru verðlaun fyrir þyngsta dilk úr sýslunni lagðan inn hjá SS nú í haust. Hann var frá Vilborgu Hjördísi Ólafsdóttur í Skarðshlíð og vóg 29,7 kg.

Þá var útnefnt ræktunarbú Rangárvallasýslu 2012, Raftholt í Holtum.

Styrktaraðilar sýningarinnar voru Arion banki, SS sem gaf gestum



Guðbjörg og Rútur Skíðbakka með litfegurstu gimbrina.

Myndir / Einar Magnússon



Með efstu veturgömlu hrútana. Ísleifur í Kálfholti, Vignir Hemlu og Jón í Austvaðsholti.

kjötsúpu og Ítalíulæri fyrir þyngsta dilkinn. Aurasel og Fóðurblandan



Björk Rúnarsdóttir Selsundi komin með aðstoðarmanneskju á rokkinn.



Með efstu gimbrar. Sara Álfrólum, Ásdís Hlíðarendakoti og Jens í Teigi.

láuðu grindur. Verðlaunagripir voru útskornir af Ragnhildi Magnúsdóttur í Gígjarhólskoti og mynd máluð af Gunnhildi Jónsdóttur Berjanesi.

Í lokin voru boðin upp þrjú lömb sem voru gefin til að standa undir kostnaði og einnig einn forystuhrútur.



Ólafur Tómasson Skarðshlíð, Erlendur Ingvarsson og Sigríður Skarði.

Björk frá Selsundi kom með rokkinn og leyfði gestum að spreyta sig á spunalistinni. /Einar

MÆLT AF MUNNI FRAM

Gormánuður er genginn í hlað, að baki eru göngur og réttir og heimaskurður víðast hvar búinn. Bændur grisja fjárstofninn eftir því sem þörf gerist. Jóhannes Sigfússon á Gunnarsstöðum er einn af þeim og orti á leið til bæjar þessa vísu:

*Viðsjált gerist veðurfar,
vetur brynir klærnar.
Gekkt ég frá og gróf í dag
gömlu forystuærnar.*

Auðunn Benediktsson granni minn hér í Svalbarðsstrandarhreppi sendi mér á dögnum kveðjukorn. Auðunn hefur ekki framfæri sitt af sauðfjárhaldi það ég veit, en matarforðinn líkur því að elskur sé hann að afurðum sauðfjár. Hann greinir svo frá að hann hafi um einhverra daga skeið verið einn með heimilið og „þurft að gera allt“. Til að lina áhyggjur eiginkonunnar sendi hann henni sýnishorn af matseðli sínum þessa sáru einverudaga:

*Ég sauð mér lítið sauðafall í gær,
sviðakjamma og nokkra punga stóra.
Kartöflur og rófur karlinn einnig fær
með koniaki á eftir og nokkra litla
bjóra.*

*Í kvöld ég síðan tindi saltfiskruðu
í pott,
og sauð mér næstum viku matarforða.*

*Til vara hef ég rjómaskyr og rækju-salat gott,
og reyni svo að gleyma ekki að borða.*

*Ekki hef ég ýkt sem nokkru nemi.
Ég nýt þess að hafa nóg að borða,
nærandi og hollan matarforða.*

En víkjum nú ögn til eldri skálda. Á dögnum var ég að skara í gamlar skræður, og fann þar listilega ljóðagerð eftir Sigurbjörn Jóhannesson kenndan við Fótaskinn í Aðaldal. Sigurbjörn fæddist á Breiðumýri í Reykjadal 1839 en fluttist til Kanada og lést þar 1903. Hér fylgir eins konar forskrift að hestakaupum, ort undir hringhentum stiklúvikum:

*Ef þú selja meinar mér
makka skeljung góðan,
kosti telja hlýti ég hér,
hann svo velja takist þér.*

*Álitsfríður, framþrekkinn,
fjörð með stríðu kappi,
fimur, þýður, fótheppinn,
fetatiður, ganglaginn.*

*Stutt með bak og breitt að sjá,
brúnir svakalegar,
augun vakin, eyru smá
einatt hrakin til og frá.*

*Makkann sveigi manns í fang,
munn að eigin bringu,
skörpum fleygist skeiðs á gang,
skrokkinn teygir fróns um vang.*

*Polinn, hraustur grjót og grund
grípi laust með fótum,
vaði traustur ekru und,
eins og flaustur taki sund.*

*Enga hræðist undra sjón,
að þó slæðast kunn,
viss að þræða veg um frón,
vænn á hæð og fráfr sem ljón.*

*Leggjanettur liðasver
lag sé rétt á hófum,
harður, sléttur, kúptur hver,
kjóstu þetta handa mér.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Ingólfur Sigfússon, margmiðlunarfræðingur hjá Stefnu, starfar í starfsstöð fyrirtækisins í Hrísey.

Stefna hefur opnað starfsstöð í Hrísey

Stefna hugbúnaðarhús opnaði nýverið starfsstöð í Hrísey. Þar vinnur margmiðlunarfræðingurinn Ingólfur Sigfússon að uppsetningu nýrra Moya-vefja fyrir viðskiptavinum Stefnu. Skrifstofan er í Hlein við Hólabraut, en þar deilir Stefna skrifstofu með námsveri fyrir fjarnema í Hrísey. Staðsetningin er góð og vinnur Ingólfur í samstarfi við kollega sína hjá Stefnu á Akureyri og Kópavogi með aðstoð upplýsingatækninnar.

Hríseyingar stóðu nýverið fyrir málþingi um framtíðarsýn í atvinnumálum og byggðapróun sem var vel sótt og kom þar meðal annars fram að margir gætu hugsað sér að búa á eyjunni hefðu þeir þar

atvinnu. Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Stefnu, segir að það sé Stefnu mikil ánægja að opna starfsstöð í Hrísey og stuðla þannig að fjölbreyttara atvinnulífi í eyjunni.

Sinna þjónustu í dreifðari byggðum

„Við erum stoltir af staðsetningu nýja útibúsins okkar og ánægðir að auka með því fjölbreytni í atvinnulífi Hríseyjar. Opnun útibúsins undirstríkar að ýmis konar þjónusta er hægt að sinna í hinum dreifðari byggðum og jákvætt að fólk hafi tækifæri að búa og starfa þaðan sem það hefur hug á,“ segir Matthías Rögnvaldsson í frétt á heimasíðu Stefnu.



Selaveisla og aðalfundur Samtaka selabænda

Laugardaginn 9. nóvember næstkomandi verður aðalfundur Samtaka selabænda haldinn í Kötlu, 2. hæð, Hótel Sögu.

Fundurinn hefst kl. 16.30, Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands hefst kl. 10.00 sama dag og stendur til kl. 16.00. Hin árlega selaveisla verður haldin í Haukahúsinu sama dag, húsið opnar kl. 19.00.

Miðar verða seldir í veitingahúsinu Lauga-ási við Laugarásveg laugardaginn 2. nóvember kl. 14.00 til 16.00 og fimmtudaginn 7. nóvember kl. 19.00 til 21.00. Hallbjörn Bergmann mun að venju sjá um miðana, sími 848-6161.

Matseðill

Villijurtagrafinn lax með sólberjajógurtsósu
Miðjarðarhafsalat með

ávöxtum og mango-jalapeno
Grillað selkjöt með lauk og sveppum

Soðinn saltaður selur
Soðinn reyktur selur
Síginn fiskur með selspiki, hnoðmör og soðnum kartöflum
Súrsuð selshreifasulta
Glóðarsteikt lambalæri með (smjörsteiktum kartöflum, ofnbökuðu grænmeti og madeirakremsósu)
Léttisöltuð uxabringa með hvítkálsjafningi
Hrár marineraður hvalur að hætti Japana (wasabi-soja og súrsuðum engifer)
Grillað hvalkjöt með beikoni og papriku
Ofnbakaður lax að hætti eyjarskeggja
Hákarl



Strokkur að gjósa.

Mynd / HKR.

Tekist á um gjaldtöku við Geysi

Landeigendafélag Geysis í Haukadal hefur samþykkt að innheimta gjald af íslenskum og erlendum ferðamönnum á hverasvæðinu í byrjun árs 2014. Þetta er gert til að mæta dýrri uppbyggingu á svæðinu en talið er að það kosti a.m.k. hálfan milljarð króna að koma svæðinu í gott stand.

„Að taka gjald af gestum svæðisins er forsenda þess að mögulegt sé að tryggja sjálfbærni svæðisins og auka öryggi gesta. Ferðamenn eru almennt vanir því að greiða fyrir aðgengi að náttúrutengdri afþreyingu víða annars staðar og hafa kannanir landeigenda undanfarið tvö ár á svæðinu gefið skýra mynd af greiðsluvilja gesta. Það er mikilvægt að upplifun og greiðsla séu sem næst hvort öðru í tíma og mun landeigendafélagið leggja sig fram við að veita góða þjónustu þannig að upplifun gesta verði sem best. Það er skylda landeigenda að bregðast við þeirri neikvæðu þróun sem er að eiga sér stað og standa vörð um náttúru svæðisins,“ sagði Garðar Eiríksson, talsmaður landeigenda.



Í sumar settu landeigendur upp bauk á Geysi fyrir frjáls framlög en nú á að ganga alla leið á nýju ári og hefja formlega gjaldtöku.

Ósamstaða um leiðir

Athygli vekur að ríkið og landeigendur virðast ekki samstíga í þessu máli, ef marka má viðbrögð Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, ráðherra ferðamála. Hún tilkynnti nýlega áform um svokallaðan náttúrupassa fyrir alla ferðamannastaði hér á landi, en um

svipað leyti sögðust landeigendur við Geysi, allir nema ríkið, ætla að hefja gjaldtöku á svæðinu, til að fjármagna endurbætur. Ragnheiður segist þess fullviss að áform um gjaldtöku verði ekki að veruleika.

Tveir þriðju Geysisvæðisins eru í einkaeigu, en ríkið á um þriðjung, þar á meðal Geysi og Strokkur.

Þrátt fyrir þennan ágreining hefur verið auglýst hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysisvæðisins í Haukadal. Markmið samkeppninnar er að fá fram hugmyndir um skipulag og uppbyggingu svæðisins og verða niðurstöður væntanlega kynntar í byrjun mars 2014. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti sveitarfélaginu Bláskógabyggð styrk til að halda samkeppnina. Undirbúningsnefnd vann að mótun lýsingar og dómnefnd vann síðan keppnisgögn. Samkeppnin fer fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands, Landeigendafélag Geysis ehf, ríkið og Félag landslagsarkitekta og allir eiga fulltrúa í dómnefndinni.

/MHH/HKR.



Frá hverasvæðinu ofan við Hveragerði.

Mynd / HKR.

Hverasvæðið í Hveragerði:

Gestum fækkaði um 10 þúsund eftir að gjaldtaka hófst

Gjaldtaka af ferðamönnum sem vilja skoða hverasvæðið í Hveragerði leiddi til þess að gestum fækkaði um 10 þúsund í sumar.

Hveragerðisbær hóf gjaldtöku á hverasvæðinu í Hveragerði í vor en rúkaðar eru 200 krónur á mann. Á málþinginu „Sunnlensk ferðarþjónusta – tölum“ saman á

Hótel Heklu 23. október sl., fjallaði Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri m.a. um málið og sagði að gestum hefði fækkað um 10 þúsund eftir að



Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

gjaldtakan hófst. Alls voru gestir svæðisins 2012 um 20 þúsund yfir sumartímamann en fóru niður í 10 þúsund í sumar. Hún vill ekki kenna gjaldtökunni eingöngu um því rigningarsumarið 2013 á Suðurlandi er öllum í fersku minni og hafði það örugglega áhrif á aðsókn ferðamanna á hverasvæðið.

/MHH



Ómissandi kjötsúpa

„Það langt síðan ég komst upp á bragðið með að taka 1944 kjötsúpu með mér til Grænlands. Þetta er nefnilega alveg ekta íslensk kjötsúpa, matarmikil og bragðgóð. Svona vinnuferðir eru nokkuð krefjandi, það er mikill búnaður sem fylgir ljósmyndun og þess vegna er 1944 kjötsúpan bæði þægileg og hentug. Síðan komst ég að því að grænlandskir ferðafélagar mínir eru sólgnir í hana, sem hefur kosti og galla: Við erum rétt lagðir af stað þegar birgðirnar af súpu eru búnar. Þá er bara að muna að birgja sig betur upp næst.“

RAX



Fréttir



Ferðaleikhúsið:

Selur allt milli himins og jarðar á flóamarkaði

Ferðaleikhúsið, sem einnig gengur undir nafninu Light Nights, verður með stóran flóamarkað næstkomandi laugardag, 2. nóvember, frá kl. 14.00 til kl. 18.00 að Baldursgötu 37, 101 Reykjavík – inngangur á jarðhæð Lokastígsmegin. Húsið er í sjónmáli frá Skólavörðustíg.

Á flóamarkaðnum má finna

fjölbreitt úrval af fatnaði og skóm, bæði nýjum og gömlum. Hér er upplagt tækifæri til að finna sérstakar jólagjafir og jólafatnað á alla fjölskylduna á góðu verði. Einnig eru á boðstólum antikmúnir, myndir, smíðaverkfæri, gardínur, borðbúnaður, ritvélar, kompás, gamlar grammófónplötur og margt, margt fleira.

Fóðurblandan fær heimild til dreifingar á fóðri á ný

Matvælastofnun stöðvaði í september dreifingu á öllu tilbúnu fóðri frá Fóðurblandunni, utan fiskafóðurs, vegna salmonellu sem greindist í tíu umhverfissýnum í fóðurverksmiðju fyrirtækisins. Ítrekuð salmonellusmit hafa komið upp á alifuglabúum sem hafa fengið tilbúið fóður frá fyrirtækinu á árinu, eða alls sex tilfelli. Í byrjun september innkallaði fyrirtækið fóður vegna salmonellusmits og seinni hluta mánaðarins var síðan sala og dreifing stöðvuð.

Gerðar voru kröfur um að ákveðin skilyrði yrðu uppfyllt áður en fyrirtækið fengi á nýjan leik leyfi til að senda frá sér fóður. Krafist var að framkvæmd yrði aðgerðaáætlun um þrif, gæðaeftirlit og annað sem staðfest skyldi að hefði skilað árangri með sýnatöku

og rannsóknum. Þá var fyrirtækinu gert skylt að upplýsa alla kaupendur fóðurs frá ársbyrjun um að sýni úr umhverfi og sekkjunarbúnaði hefðu greinst jákvæð fyrir salmonellu. Fóðurblandan hafði þegar hafið úrbætur og þrif áður en ákvörðun MAST var tekin.

Með úttekt var staðfest að aðgerðaáætlun hefði verið fylgt og alþrif framkvæmd. Sýnatökur leiddu í ljós að ekki fannst lengur salmonella í verksmiðju fyrirtækisins. Að þessum niðurstöðum gefnum aflétti MAST banni við dreifingu fóðurs frá Fóðurblandunni 17. október síðastliðinn. Áfram verður hins vegar fylgst með að fyrirtækið standi við aðgerðaáætlun um bættu framleiðsluhætti, auknið gæðaeftirlit og hitameðhöndlun fóðurs sem til er á lager.


Félag eigenda og ræktenda landsnámshænsna:

ERL með 10 ára afmælisfund

Félag eigenda og ræktenda landsnámshænsna (ERL) heldur aðalfundur sinn laugardaginn 9. nóvember. Þar er jafnframt um að ræða 10 ára afmælisfund félagsins. Fundurinn verður haldinn í kaffistofu Bændasamtakanna á 3. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg og hefst kl. 14.00.

Dagskrá fundarinnar hefst með ávarpi Júlíusar Mús Baldurssonar, formanns ERL. Í kjölfarið er flutt skýrsla stjórnar. Þá hefjast venjuleg aðalfundarstörf og verða breytingar á lögum félagsins lagðar fyrir fundinn. Að því loknu fara fram kosningar og umræða um önnur mál. Afmæliscaffi verður í boði stjórnar og félags.

Stjórn ERL skorar á sem flesta félagsmenn að mæta og eiga góða stund saman.



Júlíus Mús Baldursson, formaður ERL, með lítinn landsnámshænuunga. Mynd / HKR.

Húsvísk ungmenni í sláturgerð

Nemendur Borgarhólsskóla á Húsavík kynntu sér nýverið starfsemi Norðlenska sem hefur aðsetur þar í bæ. Í kjölfarið tóku krakkarnir slátur í skólanum og báru sig býsna fagmannlega að.

Það voru nemendur í valáfanganum Heilsa og velferð sem tóku þátt og fóru m.a. í heimsókn í sláturhús Norðlenska á Húsavík. Í framhaldi af henni gaf fyrirtækið krökkunum allt efni til sláturgerðar og hófust þeir þegar handa við að gera bæði lifrarpylsu og blóðmör. Með þessu vildu bæði Norðlenska og skólinn viðhalda þeim menningararfi sem sláturgerð að hausti er.



Nemendur í valáfanganum Heilsa og velferð kynntu sér starfsemi Norðlenska á dögnum og fengu að lokinni heimsókn í fyrirtækið að gjöf efni til sláturgerðar.



Sveinn Jónsson í Kálfskinni sem fékk viðurkenningu fyrir áratuga starf í ferðaþjónustu á Norðurlandi, Erlendur Bogason með Köfunarmiðstöðina Strýtuna sem fékk viðurkenningu fyrir áhugaverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi og Sigríður Káradóttir hjá Gestastofu Sútarans sem fékk viðurkenningu fyrir faglega uppbyggingu.

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi:

Strýtan köfunarmiðstöð, Sveinn í Kálfskinni og Gestastofa sútarans verðlaunuð

Efnt var til Uppskeruhátíðar ferðaþjónustunnar á Norðurlandi nýverið og tóku um 130 manns þátt.

Hátíðin var haldin á vegum Markaðsskrifstofu Norðurlands og fór fram á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit. Á hátíðinni voru veittar viðurkenningar til þriggja ferðaþjónustuaðila. Sveinn Jónsson í Kálfskinni fékk viðurkenningu fyrir áratuga starf í ferðaþjónustu á Norðurlandi, Erlendur Bogason með Köfunarmiðstöðina Strýtuna fékk viðurkenningu fyrir áhugaverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi og Sigríður Káradóttir hjá Gestastofu Sútarans fékk viðurkenningu fyrir faglega uppbyggingu.

Köfunarmiðstöð í gamalli síldarverksmiðju

Strýtan köfunarmiðstöð er í gömlu síldarverksmiðjunni á Hjalteyri við Eyjafjörð, en Erlendur byrjaði að bjóða upp á köfun fyrir ferðamenn í samstarfi við Sportferðir árið 1994, og þá á Pollinum niður að skipsflakinu sem þar er. Fyrsta hverastrýtan fannst svo í Eyjafirði árið 1997 og síðan fundust fleiri. Þær eru núna friðaðar,

og er Erlendur sá eini sem býður upp á tilbúna ferðir niður að þeim. Þegar hverastrýturnar í Eyjafirði fundust varð mikið stökk í starfsemi hjá honum, og hefur fjöldi gesta vaxið mjög mikið á hverju ári undanfarin ár. Nú býður Köfunarmiðstöðin upp á köfunarnámskeið og köfun víða á Norðurlandi, ekki eingöngu við hverastrýturnar í Eyjafirði sem Erlendur er frægastur fyrir, heldur líka í Grimsey, í hraungjámum í Óxarfirði og við Drangey í Skagafirði.

Áratuga störf við ferðaþjónustu

Sveinn Jónsson, ferðaþjónusturumkvöðull hefur komið víða við um ævina. Sveinn er bóndi í Kálfskinni og var byggingameistari í sinni sveit og víðar. Hann er mikið félagsmálatróll og hefur starfað bæði í Ungmennafélaginu og Búnaðarsambandinu auk fleiri samtaka, t.d. Landsbyggðin lífi. Hann var kosinn í sveitarstjórn 1966 og varð fljótlega oddviti og síðar sveitarstjóri.

Störf Sveins í ferðaþjónustu hófust með uppbyggingu á ferðaþjónustu í gamla húsinu í Ytri-Vík. Fljótlega bættust við sumarhús og heitir pottar, gestunum fjölgaði og fyrirtækið byggðist upp, óx og

þroskaðið. Þeir feðgar Sveinn og Marínó stofnuðu síðar Sportferðir, alhliða ferðaþjónustufyrirtæki þar sem unnið er í fjölbreyttu samstarfi við marga aðila.

Gestastofa Sútarans

Gestastofa sútarans frá Sauðárkróki er í einu sútnarverksmiðjunni í Evrópu sem framleiðir leður úr fiskroði. Með gestastofunni er ferðamönnum og almenningi opnaður aðgangur að sútnarverksmiðju og afurðum hennar á óvenjulegan hátt. Fiskleður hefur heillað hönnuði heimspekktra vörumerkja eins og Prada, Dior og Nike og hefur Sjávarleður á Sauðárkróki m.a. fengið alþjóðleg verðlaun á stórrí leðursýningu í Hong Kong fyrir „Besta lúxus leðrið“ fyrir vor/sumar línu fyrirtækisins 2014.

Gestastofa Sútarans var önnur Hagleikssmiðjan á Íslandi sem sett var upp að kanadískri fyrirmynd, en svokölluð Economuseum eru rekin víða um Kanada til að varðveita handverk, aðferðir og þekkingu. Boðið er upp á skemmtilega skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem fylgst er með hvernig roð er sútað svo úr verður úrvals fiskleður.

/MÞÞ

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

Tæknilegri – Sneggri – Sterkari



Einstakt tilboð á LELY/Welger DA 235 Profi

Til þess að þjóna viðskiptavinum okkar sem best höfum við gert samning við LELY International um að bjóða þeim bændum sem panta LELY Welger DA 235 Profi rúlluvélasamstæðu árgætur 2014 fyrir 10. desember vélarnar á einstökum kjörum.

Fullt verð fyrir LELY/Welger DA 235 Profi kr. 10.900.000 + vsk.

6% afsláttur ef pantað er fyrir 10. desember eða kr. 654.000 + vsk.

Verð kr. 10.246.000 + vsk.

Miðað við gengi 162 EUR

Að auki fá þeir sem panta vél fyrir 10. desember fría ferð til Wolfenbuttel í Þýskalandi mar/apríl 2014 í verksmiðjunar og til að læra á vélarnar sem þeir eru að kaupa.



Helgi Steinsson bóndi á Syðri-Bægisá og verktaki valdi LELY Welger



„Það kom ekkert annað til greina en LELY Welger sambyggð rúlluvél. Vegna reynslu minnar á Welger rúlluvélinni sem ég átti áður frá 2005 og notaði 18 þús. rúllur án bilana. Helstu kostir vélarinnar er hve einföld hún er í notkun. Hún rúllar og pakkar allar gerðir grass og án allra vandræða í brekkum og hliðarhalla. Ég hef aldrei þurft frá að hverfa vegna bilanna í verktöku og þó unnið við mjög mismunandi og krefjandi aðstæður.“

Marteinn Sigurðsson á Kviabóli



„Ég er mjög ánægður með vélinu sem ég fékk í vor og er búinn að pakka með henni 2,800 rúllum í sumar, án þess að vélin hafi hikstað nokkru sinni. Hún hefur verið notuð í að rúlla og pakka grasi, hálm og rennblautu grænfóðri vandræðalaust. Við erum búin að prófa vélinu í öllum brekkum hér á bæ, upp, niður, út og suður og getum ekki annað en gefið henni 100% meðmæli.“

Bjarni Valur Guðmundsson á Skipholti III



„LELY/Welger DA 235 Profi vélinu fékk ég í sumar og sé ekki eftir þeim kaupum. Hún er búin að standa sig mjög vel og er komin yfir 1,000 rúllur í sumar. Ég er mjög ánægður með hana.“

Frábær vél á einstöku tilboði!

LELY Welger er tæknilega framúrskarandi rúlluvél, hraðvirk og sterkbyggð. Miðtengt smurkerfi með stóru forðabúri er gert fyrir mikla notkun. Grunnurinn að hinni gríðarlegu pressun á rúllunum eru 18 „Power Grip“ þrælsterk stálkefli og öflugur drifbúnaður. Einstakt stíflulosunarkerfið losar stíflur og aðskotahluti auðveldlega með því að lækka mótunargólfið með glussatjökkum.



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Fréttir

Listin að lifa – geðheilsa
Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur



Hamingjurækt

Fáir þekkja það betur en bændur hvað þarf til í ræktun, hvort sem er til að rækta tún, ær, kýr eða hross. Fyrst þarf að ákveða hvert á að stefna, er markmiðið þykkari bakvöðvi, betri fótaburður eða fleiri lítrar? Þegar markmiðið er ljóst þarf að taka ákvörðun um leiðir að settu marki og byrja. Eftir það þarf fyrst og fremst ákveðni, vinnusemi, staðfestu og þrautseigju til að ná þeim árangri í ræktuninni sem stefnt er að.

Á sama hátt er hægt að taka ákvörðun um að rækta sína eigin hamingju og nú skora ég á þig að ákveða að nýta veturinn til að auka eigin hamingju. Þú ert verðug og mikilvæg manneskja, það er bara til eitt eintak af þér og þú hefur aðeins í hendi þinni þá leið sem þú gengur núna, einmitt í dag, þína lífsleið. Gefðu sjálfum þér þá gjöf að rækta þína eigin hamingju, það bætir ekki aðeins líf þitt heldur líka þeirra sem standa þér næst, vina, vinnufélaga og náganna.

Ef til vill hugsar þú nú sem svo, já gott og vel en hver er hún þessi hamingja og er eitthvað gagn í henni? Sálfræðingar hafa rannsakad og skilgreint hamingjuna og hún einkennist af tíðum jákvæðum hughrifum, lágmarks upplifun á neikvæðum hughrifum og ríki lífsgleði og það er sannarlega gagn í henni. Viðamiklar rannsóknir hafa sýnt að hamingjusömu fólki tekst betur en þeim sem njóta minni hamingju að mynda farsæl og gefandi sambönd við maka, börn, fjölskyldu, vini og í félagslífi. Hamingjusömu fólki vegnar betur í vinnu, afköstin verða betri og viljinn til verka. Hamingjan eykur sjálfstraust og styrk til að mæta erfiðleikum, álagi og áföllum og hún bætir bæði líkamlega og andlega heilsu. Rúsinan í pylsuendanum er að hamingjusamt fólk lifir einfaldlega lengur. Sem sagt, hamingjan er ekkert grín, hún er dauðans alvara!

Þess vegna er afar heppilegt að það er vitað hvernig við getum aukið eigin hamingju, þetta eru engin geimvisindi, þetta er ræktun. Við náum viðvarandi og sjálfbærri hamingjuaukningu með því að nýta verkfæri fræðigreinarinnar, Jákvæð sálfræði, markvisst og meðvitað til að rækta okkar eigin hugsun, hegðun og viðhorf. Sýnt hefur verið fram á að bestu verkfærin í hamingjurækt eru tólf, hér á eftir eru þessi verkfæri listuð upp í stuttu máli. Hafa ber í huga að það er persónubundið hver af þeim gagnast best, við erum ólík og það sama á ekki við alla. Hægt er að taka sérstakt próf til að finna út hvaða fjögur verkfæri passa best fyrir hvern einstakling nú er upplagt að skoða í verkferakistuna og velja sér sjálfur þau verkfæri sem virka eðlilegust, skemmtilegust og

líkust þínum eigin gildum. Ekki reyna að tileinka þér öll tólf verkfærin, veldu úr kistunni þau fjögur sem passa þér best og ræktaður þína eigin hamingju með þeim, ekki hika, gerðu það bara!

- 1. Þakklæti:** Vertu þakklátur á hverjum degi. Skrifðu í þakkardagbók það sem þú ert þakklátur fyrir sama hve lítilmótlegt það virðist.
- 2. Bjartsýni:** Ræktaðu með þér bjartsýni. Skrá niður bestu mögulegu framtíðarsýnina fyrir sig, hugsðu jákvætt, leitaðu uppi og taktu eftir jákvæðum hlíðum á aðstæðum og atvikum.
- 3. Æðruleysi:** Forðastu jörtur, að velta þér upp úr erfiðum eða neikvæðum hlutum og tileinkaðu þér æðruleysi. Forðastu vangaveltur um skoðanir annarra og samamburð við aðra.
- 4. Góðvild:** Láttu gott af þér leiða, stundaðu góðverk og sýndu góðvild á fjölbreyttan hátt, án þess að ætlast til endurgjalds, hvort sem er gangvart vinum eða ókunnugum.
- 5. Tengsl:** Ræktaðu sambönd og tengsl. Veldu sambönd við annað fólk sem þarfnast stuðnings og næringar og nýtu tíma þinn og orku til að bæta þessi sambönd og auka gleðina í þeim.
- 6. Bjargráð:** Komdu þér upp og lærðu að nýta bjargráð sem eru úrræði, aðferðir og venjur til að takast á við vandamál og erfiðleika, daglega streitu, áföll, álag og depurð.
- 7. Fyrirgefning:** Lærðu að fyrirgefa af heilum hug. Skráðu niður það sem liggur á þér komdu svo til móts við einstaklinga sem hafa gert á þinn hlut, láttu af reiðinni og fyrirgefðu þeim.
- 8. Flæði:** Gerðu oftast eitthvað sem veldur því að þú gleymir stað og stund við krefjandi og ánægjulegu verkefni og upplifir flæði í eigin lífi.
- 9. Fögnuður:** Taktu eftir, njóttu og gleddust yfir því góða og fagra, kallaðu fram jákvæðar minningar og upplifanir með hugsun, skrifum, myndum og í samræðum.
- 10. Markmið:** Veldu nokkur merkingabær, skilgreind, afmörkuð, markmið sem hafa mikið gildi fyrir þig og taktu frá tíma, orku og annað sem þarf til að vinna að þeim.
- 11. Trú/andleg iðja:** Ástundaðu trú á æðri mátt.
- 12. Líkamsvirðing:** Hlíðu að eigin líkama með hreyfingu, hvíld og hollri næringu, berðu höfuðið hátt og brostu.

Heimild: Dr. Sonja



Stefán Gunnarsson framkvæmdastjóri afhendir Hyeonsook-Jo frá Suður-Kóreu gjafakörfu með íslenskum varningi, en hún var 100 þúsundasti gestur Jarðbáðanna í Mývatnssveit. Mynd / 641.is

Jarðböðin í Mývatnssveit:

Hundrað þúsundasti gestur ársins var kona frá Kóreu

Gestum Jarðbáðanna í Mývatnssveit hefur fjölgað jafnt og þétt frá því þau voru opnuð árið 2004. Baðgestum hefur fjölgað mikið á þessu ári og höfðu svo dæmi sé tekið um 30% fleiri gestir brugðið sér í Jarðböðin á fyrri helmingi þessa árs en á sama tíma fyrir ári. Mestu skiptir aukning erlendrar ferðamanna hér á landi, en stór hluti gesta báðanna eru útlendingar.

Hundrað þúsundasti gesturinn frá Suður-Kóreu

Að jafnaði koma 6-800 gestir í Jarðböðin á hverjum degi og þegar mest er yfir háannatímamann eru þeir allt að 1.200 talsins. Nú fyrir skömmu mætti 100 þúsundasti baðgestur ársins í Jarðböðin við Mývatn. Þar var á ferðinni Hyeonsook-Jo frá Suður-Kóreu sem var í Íslandsferð ásamt dóttur sinni.

Stefán Gunnarsson framkvæmdastjóri afhenti henni gjafakörfu með ýmsum íslenskum varningi af þessu tilefni, en haft er eftir Stefáni í tilkynningu frá Jarðböðunum að mæðgurnar hafi ætlað sér að vera eina viku hér á landi. Ferðin hafi verið ánægjuleg og Mývatnssveitin skartað sínu fegursta þegar þær voru þar á ferð í einstaklega fallegu haustveðri. /MPD

Ný skýrsla um jarðhita á Laugareyri í Hörgárdal:

Heitt vatn kemur upp á nokkrum stöðum

Út er komin skýrsla um jarðhita og berglög við Laugareyri í Hörgárdal, sem er jarðhitastaður á eyrum Hörgár um 5 km innan við Staðarbakka sem er innsti bær í byggð í dalnum. Heitt vatn kemur upp á nokkrum stöðum á eyrinni. Hiti hefur mælst hæst um og yfir 50 °C á áreyrinni og er víða um og yfir 30 °C í jarðvegi. Þetta kemur fram á vefsíðu Hörgársveitar.

Í skýrslunni kemur fram að jarðlögin séu líklega um 9,5 milljón ára gömul og að jarðlagastafinn virðist heillegur og lítt brotinn. Berggangar,

sprungur og smá misgengi skera þó staflann hér og hvar. Segulmælingar benda til þess að undir eyrinni sé tveir berggangar. Hitamælingar í jarðvegi sýna að mesti hitinn er ofan og rétt austan við berggangana. Því er dregin sú ályktun að jarðhitastreymið tengt þeim.

Æskilegt að bæta við seglumælingum

Æskilegt væri að bæta við segulmælingum í Hörgárdal, sérstaklega sunnan og austan við Laugareyri.

Slíkar mælingar geta gefið mikilvægar viðbótarpplýsingar og eru til þess að gera ódýrar rannsóknir miðað við t.d. borun grunnra rannsóknarholna. Áður en til þess kemur að staðsetja djúpa rannsóknarholu, sem gæti jafnframt orðið vinnsluhola ef hún heppnast, þarf að bora nokkrar könnunarholur í innanverðum dalnum, meðal annars til að kanna nákvæmlega hitadreifingu í berggrunnum.

Þá bendir margt bendir til þess að kerfishiti sé talsvert yfir þeim rúmlega 50 °C hita sem hæst hefur mælst við yfirborð. /MPD

Umsóknir um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfjárrækt

Afkvæmarannsóknir á hrútum með tilliti til kjöttgæða hafa verið stundaðar meðal bændna með góðum árangri í ára raðir. Styrkur er veittur af fagfé sauðfjársamningsins og gilda sömu reglur í haust líkt og síðustu ár.

Skilyrðið er að á búinu séu 8 hrútar að lágmarki í samamburði þar sem hver hrútur á 8 ómmæld afkvæmi af sama kyni og 15 lömb með sláturupplýsingar. Styrkurinn er 10.000 kr. og verður hann greiddur beint til bændna. Eins og fjallað var um í Bændablaðinu fyrir í haust

þurfa bændur að senda staðfestingu í tölvupósti á ee@rml.is um að uppgjöri í Fjárvis sé lokið. Miðað var við 31. okt en ákveðið hefur verið að framlengja þann frest til 15. nóvember næstkomandi.

Til að gagna frá þessu í Fjárvis. is er valin „afkvæmarannsókn“ og síðan er annarsvegar gert upp fyrir lifandi lömb og hins vegar út frá kjöttmatsniðurstöðum. Þegar hafa þó nokkrar staðfestingar borist, ýmist beint frá bændum eða í gegnum aðra ráðunauta. Bændur geta vissulega leitað hjálpar hjá ráðunautum RML

við að ganga frá þessu eða ræða niðurstöður en ef bændur óska eftir því að ráðunautar sjái alfarið um að ganga frá afkvæmarannsókninni fellur það undir gjaldskylda vinnu. Lykilatriðið er að menn hafi af þessu gagn, skoði gögnin og túlki þau út frá þeim forsendum sem að baki liggja. Á heimasíðu RML undir sauðfjárrækt má finna leiðbeiningar um hvernig afkvæmarannsókn er gerð upp.

Eyþór Einarsson

Ábyrgðarmaður sauðfjárræktar hjá RML

HREINDÝRSHORN

Palli hnífasmíður vill kaupa góð, lítil og meðalstór hreindýrshorn. Ég borga 2000 krónur fyrir kílóíð.

Einnig hef ég áhuga á massifum hvalbeinum.

Upplýsingar í síma 899 6903.

Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína

Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Eitt af því sem ég tel skipta miklu máli í því samhengi er jafnvægi í líkamanum og góð flóra.

Í gegnum tíðina hef ég því lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvæginu og orkunni og hef prufað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni.

Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prufað hingað til og mæli með Bio Kult fyrir skjólstæðinga mína – sem gjarnan eru að glíma við fókus og orku ójafnvægi í lífi sínu og hefur varan reynst þeim með góðum árangri.

Sigríður Jónsdóttir,
ADHD markþjálfari og
fíkniráðgjafi (ICADC)



Bio-Kult Candéa hefur breytt lífi mínu

Ég hef liðið af matarþoli og ristilkrömpum til margra ára og hef reynt að gæta að mataræðinu vegna þess. Það hefur gengið misjafnlega hjá mér. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta allt því ristilkramparnir

hurfu og ég þoli mun betur en áður glúten og sykur. Ég tek 2 hylki á dag, með morgunmat og það hefur komið fyrir að ég hef gleymt að taka hylkin en þá koma gömlu einkennin aftur. Núna er lífi mínu ekki lengur stjórnað af því að vera algerlega

upptekinn af því að sleppa úr fæðinu mörgum tegundum sem ég þoldi illa áður auk þess sem ristilkramparnir stjórna ekki lengur lífi mínu.

Fjölínir Kvaran
Brynjarsson

Þvílíkur léttir Reynsla Bryndísar af Femarelle

Ég hef alla mína ævi verið mjög heitfeng en þegar ég fór inn á breytingaskeiðið þá var eins og það væri ólýsanlegur hiti innra með mér. Mér leið eins og væri í bakarofni, ég logaði að innan. Fólkíð í kringum mig fékk að finna fyrir því, ég opnaði alla glugga upp á gátt, var með víftu og blöð fyrir blævæng og öllum var kalt nema mér! Þessi hitaköst voru farin að kosta óþægindi á næturnar líka.

Ég varð að finna lausn á þessu, þetta gat ekki gengið svona áfram. Ég fékk hormóna hjá lækni, sem neyðarúrræði og mér leið ekki vel að taka þá

inn. Þá sá ég umfjöllun í blaði um Femarelle, það er náttúruleg lausn, án hormóna og ákvað að prófa það. Ég fann fljótlega, eftir upb 2-3 vikur að mér leið strax mun betur og þessi óþægilegi hiti innra með mér, hvarf. Þvílíkur léttir, nú gat ég verið ég sjálf, og mér liður mjög vel á breytingaskeiðinu og ég veit hreinlega ekki hvar ég væri stödd ef ég hefði ekki kynnst Femarelle.

Takk fyrir, Bryndís Jóhannsdóttir



Frábær líðan af notkun Femarelle

Ég hafði prófað allt, breytti mataræðinu, tók inn ýmskonar vítamín og bætiefni en ekkert

virkaði. Þegar Femarelle kom á markaðinn var ég alveg komin að því að gefast upp.

Hitaköstin urðu stöðugt verri og verri. Ég vissi ekki hvernig ég átti að klæða mig lengur. Svefnlausar nætur vegna nætursvita og hitakasta. Mér leið eins og ég logaði innan frá. Það tók Femarelle um það bil tvær vikur að virka, á þriðju viku fann ég ekki fyrir neinum einkennum.

Nú liður mér mjög vel bæði andlega og líkamlega. Ég þarf ekki lengur að rífa mig úr fötunum þegar ég sit í sófanum á kvöldin vegna óþægilegs hita og sef mjög vært í langerma náttkjólum á næturna.

Takk fyrir mig

Ásdís L. Runólfsson

Laus við verkjalyfin – þvílíkur munur

Ég las um að Femarelle myndi slá á einkenni tíðahvarfa hjá konum og ákvað því að prófa.

Ég taldi að ég væri að fá liðagigt, þar sem ég var orðin svo aum í liðum og mér var alltaf illt í höndum og fingrum og notaði verkjalyf til að lina þjáningarnar.

Eftir að ég byrjaði á Femarelle, þá fann ég fljótlega að mér leið mun betur í liðunum. Eftir rúmlega viku notkun, þá voru verkirnir að mestu horfnir og mér liður mjög vel í öllum liðum og vöðvum og má segja að ég þurfi ekki að nota verkjalyf lengur. Að auki þá sef ég mun betur, hvílist líka mjög vel þegar ég sef. Það er allt annað líf eftir að ég byrjaði að nota Femarelle, ég mæli með því við vinkonur mínar og hvet allar konur til að prófa!

Kolbrún Jóhannsdóttir

Bio Kult Candéa hylkin veita öflug vörn gegn Candida sveppasýkingu.

Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurteknar sýkingar.

Öflug vörn gegn sveppasýkingu

Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn Candida sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuþol, píringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, migreni og alls kyns húðvandamál.

Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæðum svæðum hjá konum.

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum síðan og fékk í kjölfarið síendurteknar sýkingar. „Ég hef prófað allt til að losna við sveppasýkinguna, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, löngun til kynlífs var alveg horfin og ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Kult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja

sveppasýkingu. Að auki get ég loksins farið í sund, þvílíkur munur. Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og mæli með Bio Kult Candéa hylkjunum.“

Bio Kult Candéa hylkin



Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurteknar sveppasýkingar sem hrjáðu hana áður í mörg ár.

henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is og heimsækja facebook síðu Bio Kult Candéa til að taka þátt í léttum leik.

Unnur Gunnlaugsdóttir

Ég mæli hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar

Ég hef sjálf ekki upplifað breytingaskeiðið eins og ég átti vona á, en sjálfsagt komin inn á það, því ég var orðin mjög slæm af verkjum og stíðleika í stoðkerfinu og vöðvum.

Eftir að ég byrjaði að nota Femarelle fyrir rúmlega mánuði síðan, þá hefur svefninn stórlagast, en ég hef ekki sofði að jafnaði nema í mesta lagi í 4 tíma í einu síðan ég var um þrítugt, en nú sef ég eins og ungabarn í 8 tíma! Og ég gæti sofði meira. Einnig hefur þurrkur í leggöngum lagast en ég er með insulin háða sykursýki og þetta er oft vandamál hjá okkur sem erum með sykursýki.

Reyndar hefur skapið líka lagast, því að með meiri hvíld þá verður öll líðan betri. Ég hef jafnari orku allan daginn, en áður þurfti ég alltaf að leggja mig á daginn en nú á ég alveg heila daga sem ég get notið án þess að þurfa að leggja mig.

Takk fyrir.

Helga Auðunsdóttir

IceCare
þín heilsa

Þú finnur okkur á:



Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



STEEKUR

Svart og hvítt

Ég, eins og margir aðrir, hef í gegnum tíðina haft mikið dálæti á sjónvarpsþáttunum um Simpsons-fjölskylduna. Af öllum persónum þáttanna held ég mest upp á Lísu. Hvers vegna? Jú, vegna þess að þrátt fyrir að hún sé óumdeilanlega greindasti og mest frambærilegi fjölskyldu-meðlimurinn og þrátt fyrir að ég sé að miklu leyti sammála skoðunum hennar er hún stundum svo mislukkuð útgáfa af hinum upplýsta þjóðfélagsþegn að það er sorglega fyndið.

Lísa hefur í gegnum árin tekið ýmsar ákvarðanir sem sýna þetta svart á hvítu. Hún snerist til búddisma, hún varð grænmetisæta og hún er fríðarsinni. Hún er dýraveiðisverndunarsinni og umhverfisverndunarsinni, hún er feministi og stuðningsmaður réttinda samkynhneigðra. Allt eru þetta málefni sem ég er Lísu hjartanlega sammála um (nema búddisminn og grænmetisæðið).

Hins vegar er heimur Lísu oft alveg dásamlega svart-hvítur. Til að mynda telur hún sig oftast vita betur en aðrir og æðir af stað í herferðir vegna skoðana sinna, sem síðan reynast byggðar á sandi. Dæmi um þetta er heilög reiði hennar vegna þess að hún fái ekki að vera með í fótballið skólans síns vegna þess að hún sé stelpa. Þegar henni er bent á að fótballið sé blandað og fjöldi stelpna spili með því þakkar hún út með því að segja að henni leiðist fótballið hvort eð er. Hún ákveður hins vegar í staðinn að lýsa andstyggð sinni á að boltinn sem spilað er með sé úr svinsleðri. Þá er hún upplýst um að boltinn sé úr gerviefnum og hagnaður af sölu hans renni til Amnesty International.

Minnisráðast er mér þó þegar Lísa rættar erfðabreyttan risatómat og er sannfærð um að hér sé komin laus til að útrýma hungri í heiminum. Lísa sér fyrir sér að heil fjölskylda í próunarlandi geti snætt tómatinn í kvöldverð og allir verði saddir og sælir. Það er dásamleg þversögn í því að umhverfisverndunarsinni Lísa skuli vera sannfærð um að erfðabreytt matvæli séu þessi laus.

Mér verður oft hugsað til þessa atriðis þegar umræða um erfðabreytta ræktun annars vegar og lífræna ræktun hins vegar fer af stað hér á Íslandi. Fáir hópar fólks eru jafn algjörlega sannfærðir um að hafa höndlað sannleikann eins og stuðningsmenn þessara tveggja ræktunarstefna. Það er helst heitasta trúfólk sem hefur viðlíka sannfæringu. Mér er alltaf skemmt þegar upp hefjast blaðskrif, sem geta teygst úr sér svo vikum skiptir, þar sem fulltrúar þessara tveggja hópa takast á.

Þó að mér sé skemmt yfir þessu hnútkasti kemur samt að því að ég fæ nóg. Ég er efahyggjumaður um flest og sannfærður um að erfðabreytingar munu ekki bjarga heiminum frá hungri. Ég er líka sannfærður um að þar sem erfðabreytt matvæli eru ræktuð mun ekki opnast gjá niður til helvítis. Á sama tíma hef ég enga trú á því að lífræn fæða sé betri en sú sem hefur fengið tilbúinn áburð né heldur tel ég að áhersla á lífræna ræktun sé bara hipparugl. Ég vil leggja það til við hlutadeigandi að þeir hætti að haga sér eins og smákrakkar í sandkassa og byrji að tala saman eins og síðaðir manneskjur.

Innihald þessa pistils má svo yfirfæra að vild yfir á hvaða hluti sem er. Til dæmis á Hofsvallagötumálið, flugvöllinn eða Alþingi.

Landsnet endurmetur kostnaðartölur vegna jarðstrengja:

Um 20% lækkun en jarðstrengir eru áfram dýrari kostur en loftlínur

Verð á spennuþrá jarðstrengjum hefur lækkað um allt að fimmtung frá þeim viðmiðum sem Landsnet hefur stuðst við samkvæmt endurskoðuðu kostnaðarmati fyrirtækisins í ljósi nýjustu upplýsinga frá þeim löndum sem standa fremst í heiminum í lagningu jarðstrengja. Eftir sem áður eru jarðstrengir enn dýrari kostur en loftlínur á hærri spennustigum.

„Við leggjum mikla áherslu á að fylgjast vel með þessum málum því talsvert er um strenglagnir á okkar vegum á lægri spennustigum og við sérstakar aðstæður kemur einnig til greina að leggja strengi á hærri spennu á styttri köflum, t.d. ef um er að ræða einstæðar umhverfisaðstæður eða þetta íbúðabyggð,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

Það sé því hagur Landsnets að verð á strengjum fer lækkandi segir Guðmundur Ingi en áréttar jafnframt að lögbundið hlutverk fyrirtækisins er að byggja meginflutningskerfi raforku á sem hagkvæmastan hátt með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Stefnan er að byggja fáar línur með mikla flutningsgetu sem auki bæði rekstraröryggi kerfisins og dragi úr sjónrænum áhrifum með því að fækka þeim svæðum þar sem leggja þurfi línur.

Umtalsverður verðmúndur á strengjum og loftlínunum

„Miðað við kostnað og tækni hingað til hefur ekki verið raunhæft að leggja afkastamestu línurnar í jörð héraðs, nema í mjög takmörkuðum mæli, en nýjustu upplýsingar okkar leiða í ljós um 20% kostnaðarlækkun á jarðstrengjum frá þeim kostnaðarviðmiðum sem við höfum stuðst við til þessa,“ segir Guðmundur Ingi.

Samkvæmt endurskoðuðu kostnaðarmati Landsnets, byggðu á nýjustu upplýsingum frá helstu framleiðendum jarðstrengja og leiðandi flutningsfyrirtækjum, megi ætla að jarðstrengur með 380 MVA flutningsgetu við 65°C kosti um 180 milljónir króna hver km, samanborið við um 220 milljónir króna í fyrri



Guðmundur Ingi Ásmundsson

kostnaðaráætlunum fyrirtækisins. Munurinn er um 20%.

Þrátt fyrir þessa lækkun eru jarðstrengir þó enn mun dýrari kostur en loftlínur á hærri spennustigum bætir Guðmundur við því samkvæmt útreikningum Landsnets kostar hver km af loftlínu, með 470 MVA flutningsgetu, um 66 milljónir króna.

Ekki sambærilegar aðstæður

Vegna umfjöllunar um reynslu Frakka af lagningu jarðstrengja segir aðstoðarforstjóri Landsnets að forsendur skipti öllu þegar verið er að tala um líftíma framkvæmda. Alveg hafi verið horft framhá því að aðstæður héraðsins eru allt aðrir en í Frakklandi.

„Þannig er t.d. orkuverð í Frakklandi mun herra og þar með einnig kostnaður vegna innkaupa á orku til að mæta töpum í flutningskerfinu. Ólíklegt er að orkuverð á Íslandi verði jafn hátt í framtíðinni og í Evrópu. Kostnaður við að byggja loftlínur er einnig mun hærri í Frakklandi, eða 76 milljónir á km fyrir 470 MVA línu en 66 milljónir hér. Þá þurfa flutningsfyrirtæki í Frakklandi að inna af hendi sérstakar greiðslur til sveitarfélaga vegna



Jarðstrengur dreginn í plaströr sem steipt hafa verið í 80 cm breiðan og 130 cm djúpan skurð í fjallendi í Suðaustur-Frakklandi. Mynd /RTE

loftlína en ekki vegna jarðstrengja og lætur nærri að þessi kostnaður nemi um 15% af líftímakostnaði loftlínanna - sem fyrir vikið eru dýrari í Frakklandi en á Íslandi,“ segir Guðmundur Ingi.

Samanburður á kostnaðarforsendum franska flutningsfyrirtækisins RTE og Landsnets leiðir í ljós að framkvæmdakostnaður við jarðstrengi er svipaður í Frakklandi og á Íslandi en hins vegar eru strengir þó heldur dýrari á Íslandi.

„Það skýrist að hluta til af 15% vörugjaldi sem lagt er á strengi héraðsins en slíkt gjald er ekki innheimt í Frakklandi,“ segir Guðmundur Ingi. Einnig hafi það sitt að segja í kostnaðarsamanburði Landsnets við strenginn sem RTE er að leggja í Suður-Frakklandi að þar séu ekki gerðar yftrustu kröfur um flutningsöryggi. Hitni strengurinn að hættumörkum vegna orkuflutnings megi takmarka flutning um hann og þar af leiðandi sé hægt að nota ódýri streng en ella.

Aðspurður segir aðstoðarforstjóri Landsnets að nýju kostnaðartölurnar verði að sjálfsgöðu hafðar til hliðsjónar við framtíðaruppbyggingu raforkuflutningskerfisins en tafir hafa orðið á framkvæmdum víða um

land, m.a. vegna krafna um lagningu jarðstrengja frekar en loftlína.

Hillir vonandi undir stefnumótun stjórnvalda

„Við hjá Landsneti höfum barist lengi fyrir því að stjórnvöld móti opinbera stefnu um lagningu jarðstrengja og það er því fagnaðarefni að iðnaðarráðherra hefur nú lagt fram skýrslu jarðstrengjanefndar til afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Vonandi fer nú að skapast sátt um þessi mál,“ segir Guðmundur Ingi og áréttar að mikið sé í húfi.

„Nýleg skýrsla sem unnin var fyrir okkur bendir til umtalsverðs ávinnings fyrir þjóðfélagið ef ráðist verður í að byggja upp raforkuflutningskerfið – eða sem nemur á bilinu 2,7 til 10 milljörðum króna á ári. Verði hins vegar ekkert gert er það mat skýrsluhöfundanna að það muni hafa ýmsa erfiðleika í för með sér fyrir raforkunotendur, þ.a.m. tíðara rafmagnsleysi hjá notendum, aukna byggðaröskun vegna takmarkaðs aðgengis að raforku utan stærstu þéttbýlissvæðanna og hækkan raforkuverðs vegna flutningstakmarkana sem jafnframt torveldi samkeppni.“

Olís og Norðurorka:

Samstarfssamningur um sölu á metani

Olís og Norðurorka hf. hafa gert með sér samstarfssamning um sölu og markaðssetningu á metani. Samstarfssamningurinn felur í sér að Olís annast sölu og markaðssetningu á því metani sem Norðurorka framleiðir úr hauggasi úr gömlu sorphaugunum á Glerárdal ofan við Akureyri.

„Það hefur lengi legið í loftinu að semja við oliufélag um sölu- og markaðsmálin,“ segir Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku hf., á vef félagsins. „Félagið er í grunninn framleiðsludrifið orkufyrirtæki og því töldum við árangursríkara að semja við Olís um sölu- og markaðssetningu eldsneytisins, enda þeirra sérgrein.“

Olís hefur aukið hlut sinn í metansölu, en fyrirtækið gerði nýverið samning um kaup meginhluta þess metans sem framleitt er af Sorpu hf. á höfuðborgarsvæðinu. Olís hefur einnig sett upp metanafgreiðslu við eldsneytisstöð sína í Mjóddinni í Reykjavík. „Við hjá Olís erum mjög ánægð með að vera orðin leiðandi í sölu- og markaðssetningu metans á landsvisu,“ segir Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri

heildsölu- og rekstrarvörusviðs OLÍS.

Sjálfsafgreiðslustöð fyrir metan verður byggð við Miðhúsabraut á Akureyri rétt við Mól og sand en hreinsistöðin við Súluveg austan hitaveitutankanna við gatnamótin að Breiðholti. Aætluð framleiðslugeta er 600 þúsund Nm³ metans árlega, sem svarar til árlegrar meðalnotkunar 600 fólksbíla. Gert er ráð fyrir að hægt verði að vinna metan úr haugnum á Glerárdal fram til ársins 2030 í það minnsta.

Um 300 milljóna króna kostnaður

Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 300 milljónir. Í sumar lauk borunum í sorphauginn, en alls voru boraðar 45 holur. Frá holunum eru lagðar safnlagnir og síðan stofnlagnir frá haugunum að fyrirhugaðri hreinsistöð. Framangreindri lagnavinnu er að mestu lokið og á næstunni verða plön og undirstöður undir hreinsistöðina steipt. Aætluð



Sorphaugarnir á Glerárdal. Sjálfsafgreiðslustöð fyrir metan verður byggð við Miðhúsabraut á Akureyri.

Einnig eru Samskip með í notkun einn þungaflytningabíl sem að hluta brennir metani í ferðum milli Reykjavíkur og Akureyrar. Sá bíll notar metan á við 20-30 fólksbíla.

Veigamikil framlag til umhverfismála

Hauggas sem stígur upp af sorphaugum er um 21 sinni skaðlegri en koltvísýringur (CO₂) sem myndast við bruna metans í bílvel. Nýting hauggassins á Glerárdal er því mjög stórt og veigamikil framlag til umhverfismála auk þess sem ekki þarf að flytja inn jarðefnaeldsneyti fyrir þá bíla sem aka á metani.

Sýn samningsaðila er sú að hér fari saman umhverfismál og hagsmunir neytenda með lækkun á eldsneytiskostnaði. Verið er að nýta innlenda auðlind sem er við bæjardýrnar og um leið að draga úr gróðurhúsáhrifum hauggassins, sem sannanlega eru veruleg og á ábyrgð Akureyringa.

/MÞÞ



Vnr. 65105754
Hitablásari,
2000W, 220V.
1.990 kr.



Vnr. 74804113
BAVARIA rafhljóðuborvél
14,4W.
2.990 kr.



Vnr. 55900147
NORLAND snjóskófla með
tréhandfangi, 26 cm.

1.990 kr.



Vnr. 42377785
PROBUILDE skófla með
stuttu tréhandfangi.

2.990 kr.



Vnr. 55629783
SONNECK snjóskúffa, svört.
1.290 kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 42351480
OBH hrærivél
6680, 450W.

19.990 kr.
Almennt verð 25.990 kr.



Vnr. 65105785-6
Geistahitari á vegg eða á
borð, 1200W eða 1500W.

2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.



Vnr. 42310683-1061
Kuldagalli, blár eða
svartur, stærðir S-XXXL.

11.990 kr.



Vnr. 84533870-87
Mannbroddar.
Stærðir 33/38
Verð frá:

1.190 kr.



Vnr. 93955318
WAVE vettlingar úr
kálfaskinni, 08

1.850 kr.



Vnr. 79290209
Kerra 2100x1200 cm
með búi.

169.900 kr.
Almennt verð 199.900 kr.



Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvöki,
3 l, poki.

499 kr.

-15°



Vnr. 42303619
Hálfkusalt, 4 kg.

590 kr.

MYGLUSVEPPAPRÓF

Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

5 MIN.
MYGLU-
SVEPPA-
PRÓF

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
4.690 kr.



BAKTERÍUEYÐIR
- Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr ípróttatnaði, sótt-hreinsun án klórs.

Vnr. 41111123
RODALON,
5% lausn, 1 l.

1.890 kr.



MYGLUEYÐIR
- Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.

Vnr. 16001952
HG myglueyðir,
500 ml.

1.590 kr.



Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.

790 kr.

www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Samkeppni um hönnun á ullarpeysu og ritgerðasamkeppni um forystufé:

Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir á Grundarfirði sigraði í samkeppninni um óveðurspeysuna

– Jón Hólmgeirsson á Akureyri hlaut fyrstu verðlaun í ritgerðasamkeppninni fyrir söguna um Skeggja

Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir á Grundarfirði fékk fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni um gerð peysu úr íslenskrum ull þar sem þema samkeppninnar var óblíð veðráttu. Peysa Láru heitir Kafla, en alls bárust 140 peysur í samkeppnina. Í öðru sæti var peysan 20. apríl, en hönnuður hennar er Berglind Sveinsdóttir í Hnífsdal. Í þriðja sæti var peysa undir nafninu Vedda, sem hönnuð var af Marsibil Baldursdóttur á Selfossi.

Það var Verkefnastjórn söfnunarinnar „Gengið til fjár“ sem stóð að samkeppninni í samvinnu við Ístex og Landssamtök sauðfjárbænda. Samhliða hönnunarsamkeppni fór fram ritgerðasamkeppni um forystufé og einstaka hæfileika forystukindarinnar. Verða verðlaunaritgerðir birtar í Bændablaðinu á næstunni.

Setti þessi samkeppni eins konar lokapunkt yfir söfnunarátakið sem efnt var til vegna þess tjóns sem sauðfjárbændur norðanlands urðu fyrir í kjölfar óveðuráhlaps sem skall yfir 10. september 2012.

Þórarinn I. Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, afhenti verðlaunin á kjötsúpudeginum sem haldinn var á Skólavörðustíg í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Stúlkur úr ungmennafélaginu Aftureldingu í Mosfellsbæ sýndu peysurnar 140 sem bárust í keppnina að viðstöddum fjölda fólks sem þarna var í tilefni af kjötsúpudeginum.

„Þetta er óveðurspeysan“

Dómnefnd um peysuna var skipuð þeim Huldu Hákonardóttur frá Ístexi, Jóhönnu Pálmadóttur sauðfjárbónda á Akri og Gísla S. Einarssyni fréttamanni hjá RÚV.

Í umsögn dómnefndar um peysuna hennar Aðalheiðar Láru Guðmundsdóttur sem vann segir:

„Þessi peysa er óveður! Það þarf kannski ekki að hafa mikið fleiri orð um það. Þessi peysa er mikið meira en flik. Hún er ekki síður myndverk. Myndverk sem lýsir því sem um er að ræða. Myndverk sem lýsir óblíðri íslenskrum náttúru í hnotskum. Þessi peysa fangar athyglina og rifur fólk með sér upp á hálendið, út í hraun og inn í kolsvarta hriðina. Eins hlýtt og það væntanlega er að klæðast peysunni þá verður manni hálf kalt við að horfa á hana. Þetta er óveðurspeysan, það er ekki flóknara en það.“

Þess ber samt að geta að þótt peysan sé myndverk þá rýrir það ekki hlutverk hennar sem flikur. Þetta er peysa sem klæðir hvern sem er.

Fyrir utan landslagið og óveðrið í peysunni þá var það tvennt sem heilaði dómnefndina sérstaklega. Annarsvegar litasamsetningin sem er einfaldlega að gera sig. Hinsvegar það að ólíkt flestum öðrum peysum sem bárust í keppnina, og ólíkt flestum íslenskum lopapeysum, þá er þessi peysa ekki með eiginlegu mynstri. „Mynstrið“ er óreglulegt og því ekki hægt að kalla það mynstur! Þetta er skemmtilegt og það virkar.

Dómnefnd var sammála um að þessi peysa væri vel að því komin að bera titilinn óveðurspeysan 2013.“

Nefndi peysuna eftir „köflóttu“ kindinni sinni

Aðalheiður er upprunnin úr sveit, en foreldrar hennar búa í Knarrartungu í gamla Breiðavíkurhreppi á Snæfellsnesi. Hún sagði í samtali við Bændablaðið að nafn peysunnar, Kafla, væri nafn á kind sem hún hefði átt sem barn og sú kind hefði



Peysan Kafla lenti í fyrsta sæti og var útnefnd Óveðurspeysan.



Frá verðlaunaafhendingu í samkeppni um óveðurspeysuna. Talið frá vinstri: Jóhanna Pálmadóttir dómnefndarmaður, Þórarinn I. Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir ásamt sýningarstúli, Berglind Sveinsdóttir ásamt sýningarstúli, Marsibil Baldursdóttur ásamt sýningarstúli og Hulda Hákonardóttir dómnefndarmaður frá Ístexi. A myndina vantar dómnefndarmanninn Gísla S. Einarsson. Myndir / HKR.



Í öðru sæti var peysan 20. apríl en hönnuður hennar er Berglind Sveinsdóttir í Hnífsdal sem hér sést til vinstri.



Í þriðja sæti var peysa undir nafninu Vedda sem hönnuð var af Marsibil Baldursdóttur á Selfossi.



Aðalheiður sagði að nafn peysunnar, Kafla, væri nafn á kind sem hún hefði átt sem barn og sú kind hefði einmitt bjargast úr fönn eftir óveður.

einmitt bjargast úr fönn eftir óveður.

„Ég var fjögurra eða fimm ára þegar þetta var. Kindin var mósótt í framan en ég sagði að hún væri köflótt og nefndi hana því Köflu. Það var líka svoltið sérstakt að hún jarmaði alltaf ef hún varð vör við mannaferðir. Þá gerði norðanskít um haustið og Köflu fennti uppi í Búðahrauni ásamt fleira fé. Það

fennti líka fé frá nágrönnum okkar og þeir fóru að leita. Kafla, sem var á kafi í snjó, heyrði þá í leitarmönnum og jarmaði sér til lífs.“

Aðalheiður segist hafa lært að þrjóna sem barn og hafa verið iðin við að þrjóna allar götur síðan. Hún sagði að framleiðslan færi þó aðallega til fjölskyldumeðlima, ættingja og vina.



Verðlaunahafar í ritgerðasamkeppni, frá vinstri: Áslaug Jóhannesdóttir Reykjavík og Jón Hólmgeirsson frá Akureyri. Með þeim er Þórarinn I. Pétursson, formaður LS, en á myndina vantar Birgi Rúnar Davíðsson frá Akureyri.

Einstaklega smekklega hönnuð peysa frá Hnífsdal

Um peysuna sem lenti í öðru sæti segir í umsögn dómnefndar að hún sé einstaklega smekklega hönnun og með sterka tilvísun í þema keppninnar.

„Peysan er veðurmynd af Íslandi í september 2012. Það er fannfergi á hálendi og hrið niður í byggð en ennþá grænir vellir á láglandinu. Þá sést sauðféð hörfa undan veðrinu og veit svo sannarlega ekki hvar á sig stendur veðrið! Dómnefnd þótti þessi hönnun falleg og smekkleg í alla staði, sem kemur meðal annars fram í því að þetta er peysa sem nánast hver sem er ætti að geta hugsað sér að klæðast við nánast hvaða tækifæri sem er. Litasamsetning þótti dómnefndinni ganga einstaklega vel upp og þá má geta þess að af ótal kindum sem dómnefndin skoðaði í ótal peysum þá voru blessaðar skjáturnar á þessari peysu best útfærðar.“

Þetta er peysa sem segir allt sem segja þarf um íslenska veðráttu en gerir það á hófstílltan en samt árifaríkan hátt.“

Vedda þótti ein sérstakasta peysan í keppninni

Í umsögn dómnefndar um peysuna í þriðja sæti segir að þetta hafi án efa verið ein sérstakasta peysan í keppninni og því ekki átt í neinum vandræðum með að fanga athygli dómnefndar.

Frumleiki og skemmtileg útfærsla hafi skilað henni í verðlaunasæti. Hún sé áhugaverður minnisvarði um hamfarimar sem dundu yfir fyrir ári. Óteljandi tilvísanir í atburði séu á peysunni sem sé sannarlega óveðurspeysa. Kannski megi líka kalla hana margmiðlunarpeysu því á henni sé komið á framfæri heilmiklum upplýsingum í bundnu máli og myndum.

Ritgerðasamkeppni um forystufé

Dómnefnd í ritgerðasamkeppninni um forystuféð var skipuð þeim Jóni Aðalsteini Baldvínssyni, fyrrverandi vígslubiskup á Hólum, Sif Jóhannesdóttur, forstöðumanni Safnahússins á Húsavík og Hákonu Sigurgrímssyni, fyrrverandi skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu sem var formaður nefndarinnar.

Verðlaunasagan heitir Skeggi

Alls bárust keppninni 39 ritgerðir, sögur og ljóð. Fyrstu verðlaun, hlaut ritgerð sem bar heitið Skeggi og var send inn undir dulnefninu Skegglaus. Höfundur reyndist vera Jón Hólmgeirsson, Álfabyggð 7 á Akureyri.

Önnur verðlaun hlaut ritgerð sem bar heitið Leitir og barst undir dulnefninu Salómon svartí. Höfundur er Birgir Rúnar Davíðsson, Oddeyrargötu 24b á Akureyri.

Þriðju verðlaun hlaut svo ritgerð undir nafninu Forystufé en dulnefni höfundar var Golsa. Á bak við það dulnefni var Áslaug Jóhannesdóttir, Neshaga 14, 107 Reykjavík.

Nefndin veur athygli á því að einungis fáar af þeim ritgerðum sem bárust í keppnina bera það með sér að vera eftir börn eða unglinga. Þetta bendir til þess að með breyttri búsetu í landinu og breyttum búskaparháttum fari þekking á eiginleikum forustufjár þverrandi og sé í raun bundin við takmarkaðan hóp fullorðins fólks. Nefndin telur mikilvægt að vekja athygli á þessum þætti menningararfsins og leggur í því skyni til að auk þeirra ritgerða sem verðlaun hljóta verði úrval úr öðrum þeim ritgerðum sem keppninni bárust birt almenningi.

/HKR.

Meiri nyt í máli hverju

- Íslenskt kjarnfóður fyrir íslenskar kýr



Íslenskir kúabændur vita að til að framleiða meira af íslenskri úrvalsmjólk þarf gæðafóður. Sérfræðingar okkar veita bændum ráð um val á kjarnfóðri, m.a. út frá greiningu heysýna.

- Íslenskt kjarnfóður
- Áralöng vöruþróun
- Réttu kjarnfóðrið með gróffóðrinu
- Fyrir kýr á öllum stigum mjaltaskeiðs
- Persónuleg ráðgjöf og þjónusta
- Metnaður til að ná árangri með bændum

Verslanir: Lynghálsi, Reykjavík | Akureyri | Blöndósi
Ráðgjafar: 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



Major 80 - 77 hestöfl
Verð kr. 5.897.000 án vsk.
Alíð ámoksturstæki innifalin í verði

Helsti búnaður Major 80

- 4 cl mótur í umhverfisflokki IIIA með turbinu og intercooler
- Girkassi 12x12 með syncro
- Vendigir í mælaborði
- Aflúttak 540 og 1000 sn
- Vökvadæla 50 l/ mín 180 bar
- 2x2 vökváurtök
- Lyftigeta beislis er 2400 kg
- Cararro framöxull með sjálfvirkri læsingu
- Vökvadiskabremsur á afturhjóllum
- 82 lítra eldneystankur
- Þyngd vélar án ámoksturstækja, 3090 kg

Zetor



Proxima Power 120 - 117 hestöfl
Verð kr. 8.647.000 án vsk.
Trac lift 220 ámoksturstæki innifalin í verði

Helsti búnaður Proxima Power 120

- 4 cl mótur í umhverfisflokki Tier III með ERG turbinu og intercooler
- PowerShuttle kúplingsfrír vökvavendigir
- 24/24 girkassi, 3 takkaskiptir milligírar í hverjum drifgír
- Kúplingstakki á gírstöng
- Hnappur fyrir innsetningu á framdrifi
- Hnappur fyrir læsingu á afturdrifsöxli
- Framöxull með miðlægu mismunadrifi
- 540 og 1000 snúninga aflúttak
- Hnappur fyrir innsetningu á aflúttak
- Viðbragðshraði á vinnudrifi við innsetningu er stillanlegur
- Vinnudrifi er innkúplað með diskum í olíubaði
- Lyftigeta afturbeislis er 4150 kg
- Stýrihnappur fyrir beisli á afturbretti
- 3 tvöföld vökváurtök að aftan

Helsti búnaður Proxima Power 90

- 4 cl mótur í umhverfisflokki Tier III með ERG turbinu og intercooler
- PowerShuttle kúplingsfrír vökvavendigir
- 24/24 girkassi, 3 takkaskiptir milligírar í hverjum drifgír
- 540 og 1000 snúninga aflúttak
- Lyftigeta afturbeislis er 4150 kg
- 3 tvöföld vökváurtök að aftan
- Sjálfstæð vökvadæla fyrir stýri
- Stýrishjól með að/frá og upp/niður stillingum

Proxima Power 90 - 88 hestöfl
Verð kr. 7.740.000 án vsk.
Trac lift 220 ámoksturstæki innifalin í verði



4ÁRA
VERKSMÍÐJU-
ABYRGÐ
Zetor

Helsti búnaður Forterra 140

- 4 cl mótur með 16 ventlum í umhverfisflokki Tier III með ERG turbinu og intercooler
- PowerShift girakassi 30x30 með rafstýrðum vökvavendigir og sjálfskiptimöguleika
- Óflugt framdrif með miðlægu drifi
- Aflúttak 540/540E/ og 1000/1000E
- Vökvadæla 70 lítrar 200 bar
- Vökvastýri með sjálfstæðri vökvadælu
- Opnir beislisendar Cat II
- Dráttarkrókur og dráttarbeisli
- Lyftigeta beislis er 7000 kg, með rafstýrðri stjórnun
- Stýritakkar á afturbretti fyrir beisli og aflúttak
- 3 x 2 vökváurtök að aftan
- Þyngd vélar án ámoksturstækja 4600 kg

Forterra 140 - 136 hestöfl
Verð kr. 10.490.000 án vsk.
Trac lift 260 ámoksturstæki innifalin í verði



Helsti búnaður Proxima 100

- 4 cl mótur í umhverfisflokki Tier III með ERG turbinu og intercooler
- Girkassi mekanískur 12x12 með vendigir í mælaborði
- Tvöföld þurrkúpling
- Óflugt framdrif með miðlægu drifi
- Aflúttak 540 og 1000 sn/mín
- Vökvadæla 50 lítra 200 bar
- Vökvastýri með sjálfstæðri vökvadælu
- Opnir beislisendar Cat II
- Lyftigeta beislis er 4150 kg
- 3x2 vökváurtök að aftan

Proxima 100 - 96 hestöfl
Verð kr. 7.323.000 án vsk.
Trac lift 220 ámoksturstæki innifalin í verði



Verð eru miðuð við gengi DKK 22

VBL www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Fjölbreytilegar landnytjar eru í uppsveitum Árnessýslu; landbúnaður, skógrækt og úthagi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi:

Rannsóknir á landnotkun mikilvægar

Á Selfossi og í Gunnarsholti er starfandi rannsóknasetur sem fer kannski ekki mikið fyrir í þjóðmálaumræðunni frá degi til dags, en þar fer fram áhuga-vert starf sem snertir mjög landsbyggðina og ekki síst bændur. Það heitir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi (RHÍS) og var stofnað árið 2009, en það er eitt af sjö slíkum setrum Háskóla Íslands á landsbyggðinni.

Umgjörð setranna er Stofnun rannsóknasetra og er hún rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Markmið stofnunarinnar er einkum að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins er Tómas Grétar Gunnarsson og segir hann að aðaláhersla hafi verið á rannsóknir á landnotkun. „Á Suðurlandi er mikið af láglendi landsins og afar fjölbreyttir hagsmunir hvað varðar landnotkun. Hér er því kjörið að stunda rannsóknir á ýmsum landnotkunarmálum sem styðja við ákvarðanatöku og ráðstöfun auðlinda á landi.“

Setrin skila miklu vinnuframlagi

„Grunnrekstur rannsóknasetranna stöðugildi, húsaleiga og fleira, kemur í gegnum beint framlag frá ríki á fjárlögum og í gegnum Háskóla Íslands. Yfirleitt er einungis eitt fast stöðugildi visindamanns sem jafnframt er forstöðumaður á hverjum stað sem þó sveiflast að stærð eftir árstíðum og fjármagni. Segja má að sjálfsafslá sé að jafnaði jafn hátt eða hærra en framlag ríkis sem nýtist þess vegna vel. Setrin skila afar miklu vinnuframlagi



Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, með son sinn Kára á bakinu.

miðað við það sem í þau er lagt, til dæmis með því að virkja ungt fólk sem er í framhaldsnámi við háskóla í tímabundnum rannsóknaverkefnum og með samstarfi við erlenda visindamenn sem koma til Íslands til rannsókna. Föst stöðugildi þyrftu að sönnu að vera fleiri, en þá yrði hlutfall kostnaðar og ávinnings – sem þegar er afar hagstætt – enn betra.“

Rannsóknir á landnotkun mikilvægar

„Í viðum skilningi má segja að megin viðfangsefni okkar séu rannsóknir á landnotkun. Í raun má flokka alla auðlindanotkun á landi undir landnotkun. Hún er ekki bara ráðstöfun flatarmáls þótt það sé hin opinbera birtingarmynd. Okkar rannsóknir hafa hingað til fyrst og fremst snúist um að tengja landnotkun við náttúruferli. Það er grunnurinn. Til þess að mótta undirstöður þeirra vistkerfa sem öll landnotkun veltur á, t.d. jarðvegsmyndun, hringrásir efna í lofti, jarðvegi og vatni, vatnafar og líffræðileg fjölbreytni. Allt spilar þetta saman og takmarkar þær auðlindir sem eru til ráðstöfunar og ákvarðar hversu nærri landinu hægt

er að ganga án þess að landgæði rýrni til framtíðar.

Rannsóknir á landnotkun snúast mikið um að tryggja sjálfbærni landnotkunar og að koma í veg fyrir afdrifarík mistök og einnig um að auka skilvirkni landnotkunar. Rannsóknir okkar hafa hingað til snúist mest um að skoða hvaða áhrif tiltekna gerðir landnotkunar hafa á náttúruferli. Þar er af nógu að taka. Það er okkar að leggja til rannsóknandiurstöður til að auðvelda ákvarðanatöku. Fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun eru að þessu leiti framtíðarverkefni og munu skipa æ mikilvægari sess eftir því sem nær er gengið auðlindum. Það sýnir reynsla annarra þjóða þar sem ákefð í landnotkun er orðin mun meiri en hér.

Áfoksrannsókn leiðir í ljós aukna frjósemi

Eitt af yfirstandandi verkefnum, sem eru í gangi hjá RHÍS, er rannsókn á áhrif áfoks á frjósemi. „Eins og Íslendingar þekkja þá er gríðarlega mikið áfok á landinu, bæði frá auðnum og í kjölfar eldgosa. Þessi efni berast um allt land en þó mest í kringum gosbeltin frá SV til NA. Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur unnið að því um árabíl að kortleggja dreifingu þessara efna á landinu og við höfum unnið að þessu verkefni í samstarfi. Við erum að skoða hvernig áhrif þessara efna á vistkerfi endurspeglast í fuglalífi. Fuglar henta vel til að skoða áhrif fjölbreyttra þátta á vistkerfi því þeir eru ofarlega í fæðukeðjum, nota nokkuð stór svæði og eru fremur auðtaldir,“ segir Tómas.

„Þegar áhrif eru farin að koma fram í fuglalífi eru þau farin að verka upp í gegnum alla fæðukeðjuna frá jarðvegi upp í gegnum gróður og smádyr. Í stuttu máli þá sjáum við að áfok á grónu landi virðist hafa verulega jákvæð áhrif á fuglalíf. Þar sem er meira áfok er að jafnaði mun meira af fuglum. Þessi mynstur eru það skýr að þau gefa tilefni til skoða áhrif áfoks á fleiri sviðum.

Það er til dæmis líklegt að áfok jarðefna sé einn af þeim þáttum sem móta landshlutabundinn mun í skilyrðum fyrir hvers kyns ræktun, náttúruvernd og fleira.“

Hvernig ætlum við að varðveita ræktað land og búsetuskilyrði?

„Það má segja að starfsemi okkar sé á tveimur sviðum sem þó skarast. Annað varðar einkum grunnrannsóknir í dýravistfræði. Þar hafa verkefni t.d. fjallað um þætti sem stjórna stofnum og komutíma farfugla, vistfræði mófuglastofna og æðarfugls og fleira. Hitt sviðið, sem líklega er það sem tengist bændum með beinni hætti, fjallar um landnotkun. Þar má t.d. nefna þrjú nýleg meistaraverkefni.

Elke Wald tók saman einstætt yfirlit yfir landbreytingar á Suðurlandi frá 1900 til 2010. Þar kom margt fram um hvernig mynstur landnotkunar og búsetu hafa þróast á Íslandi á þessu tímabili. Það sem var kannski mest sláandi var hversu hratt við höfum verið að breyta landi á síðustu árum. Íslendingar eru Evrópumeistarar í hraða landbreytinga á þessari öld og við Suvnlendingar líklega afkastamestir.

Það er verulegt umhugsunarefni hvernig við ætlum að varðveita ræktað land og búsetuskilyrði í sveitum landsins á næstu áratugum. Vandamálið er að hagsmunir einstaklinga og samfélagsins hvað varðar landnotkun fara oft illa saman. Sem dæmi mætti nefna að það stuðlar varla að matvælaöryggi í náinni framtíð að búa landið niður í fristundalóðir. Hér þurfa skipulagsyfirlönd, bæði sveitarfélög og ríki, að vera á varðbergi og þörfin á samræmdu skipulagi er mikil. Við Íslendingar búum enn í það dreifbýlu landi að við höfum einstakt tækifæri til að gera þessa hluti vel og forðast mistök sem menn hafa gert í þéttbýlli löndum.

Lilja Jóhannesdóttir vann að mjög mikilvægu meistaraverkefni í

samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, en hún kortlagði líffræðilega fjölbreytni í mismunandi gerðum af grónu landi á Suðurlandi. Hún notaði Nýttjalandið (nyttjaland.is) sem grunn. Í verkefni hennar kom í ljós að líffræðileg fjölbreytni er mest í blautu landgerðunum, votlendi og hálfdeigju en einnig mikil í graslendi og mólendi. Einnhver mesti þéttleiki mófugla í heimi er í sunnlenska úthaganum. Niðurstöðurnar voru settar fram á kortum og geta t.d. nýst sunnlenskum sveitarfélögum við skipulagsgerð. Mikilvægt væri að flokka allt landið á þennan hátt.

Brynja Davíðsdóttir vann að rannsóknum á vistfræðilegum áhrifum mismunandi uppgræðslu- aðferða í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. En það er afar mikilvægt að þekkja vel hvaða áhrif mismunandi aðferðir hafa svo hægt sé að velja þær sem henta og hafa góða mynd af áhrifum þeirra. Brynja bar saman dýralíf í lúpinusáningum og mólendi sem endurheimt var með friðun og áburðargjöf. Niðurstöðurnar sýndu að þessar tvær aðferðir hafa mjög ólík áhrif. Í lúpinunni eru færri tegundir áberandi en koma fyrir í mjög miklum fjölda, af fuglum sérstaklega þúfútittlingur og hrossagaukur. Í mólendinu er aftur lægri og jafnari fjöldi af fleiri algengum tegundum.“

Útgáfunar öllum opnar

Yfirlit yfir starf RHÍS má finna á vef setursins (sud.hi.is). „Við reynum að birta sem mest í ritrýndum visindaritum. Ritryni, þar sem nafnlaus yfirferð kollega á niðurstöðum er forsenda birtingar, er helsta gæðavöktunarkerfi rannsókna. Einnig er nokkuð af efni í óbirtum meistararitgerðum en þær eru opnar á skemman.is. Við sendum áhugasömum rafræn eintök af rituðu efni eftir því sem óskað er. Við höldum fyrirlestra um starfið þegar tækifæri gefast og sendum út fréttatilkynningar til að fólk geti fræðst um starfið sem hér er unnið.“ /smh

Dekkjainnflutningur

Viltu spara

Eigum á lager flestar stærðir traktors, vagna og vinnuvéladekkja á góðu verði.

Einnig mikið úrval fólksbíla og jeppadekkja á lager, 10% aukaafsláttur.

Vorum að fá sendingu af vörubíladekkjum, 22.5"

Verðdæmi:

Skotbómulyftaradekk 405/70-24 kr. 116.000 m/vsk

Traktorsdekk 380/70 R24 kr. 109.000 m/vsk

Traktorsdekk crossply 16,9-34 kr. 122.000 m/vsk

Verð gildir á afhendingastöðvar Landflutninga um allt land.

Vinsamlegast hafið samband við

Árman Sværissón 896-8462 - e-mail manni@gott.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Jason ehf
Hafnarstræti 88
Akureyri



Sérfræðingar í gleri og speglum

Íspan
GLER OG SPEGLAR

54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÖPAVOGUR
Eina glerverksmiðjan á landinu með CE vottaða framleiðslu

PRAMAC RAFSTÖÐVAR



PRAMAC varaafstöðvar frá 4 – 110 kW. Opnar eða í hjóðeinangruðu húsi. Vélarnar eru ýmist knúnar Perkins eða Yanmar dieselvélum
Dráttarvélategdar-rafstöðvar frá 6 – 25 kW
Framúrskarandi viðhaldsþjónusta og þjónustumboð um allt land

Klettur er einnig umboðsaðili fyrir CATERPILLAR rafstöðvar

KLETTUR



Leitið upplýsinga hjá sölumönnum í síma 590 5100 eða sala@klettur.is

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | www.klettur.is

Er klárt fyrir klárinn?

- Allt í hesthúsið



Gerðu vel við fákinn með nýrri loftræstiviftu, gúmmímottum, brynningarskál eða fóðurtrogi. Hjá okkur færðu hnakkastatíf og allt sem þarf til að lyfta aðstöðu þinni og gæðinganna á æðri stall. Kynntu þér vörubæklinginn á heimasíðu okkar, komdu við eða hafðu samband. Við veitum þér góð ráð og persónulega þjónustu.

Verslanir: Lynghálsi, Reykjavík | Akureyri | Blöndósi
Ráðgjafar: 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is


LÍFLAND
• LANDBÚNAÐUR •

Orkumál

Ekki er alltaf þörf á að reisa stíflur og hátæknilegar stórvirkjanir til orkuvinnslu:

Ódýrar lágtæknivirkjanir hafa þjónað mönnum ágætlega í þúsundir ára

– mikil vinna stendur yfir við þróun lágtækni- og hægrennslisvirkjana víða um heim

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Umfangsmikil þróunarvinna hefur staðið yfir víða um heim undanfarnin ár varðandi nýja tækni við orkuframleiðslu, meðal annars við kjarnasamruna. Einnig hefur verið unnin mikil þróunarvinna á lágtæknisviði og við að bæta tækni við nýtingu á orku sem nú er lítt eða ekki nýtt. Þar má nefna nýtingu á hægrennslisviði í ám án þess að þar þurfi að byggja uppistöðulón og nýtingu sjávarfalla og ölduorku svo eitthvað sé nefnt.


Í frekari þróun rennslisvirkjana án uppistöðulóna eigna Íslendingar án efa verulega ónýttu orkukosti þótt þeir séu ekki stórir í sniðum. Þar þarf ekki einu sinni að finna upp hjólið því slíkar virkjanir hafa verið þekktar í að minnsta kosti í um þrjú þúsund ár og unnið hefur verið að frekari þróun slíkra virkjana alveg fram á þenna dag.

Kjarnasamrunaorka er samt augljóslega sá orkumöguleiki sem myndi leysa nánast öll orkumál heimsins til allrar framtíðar. Ef það tekst verður olía sem orkugjafi væntanlega léttvæg og þá hugsanlega líka óþarfi að eltast meira við virkjun vatnsafls. Þetta er þó alls ekki í hendi og er ekki að verða að raunverulegum kosti á næstunni.


Mikilvægt skref stigið í framköllun kjarnasamrunaorku

Með því að reyna að framkalla kjarnasamruna eru vísindamenn að líkja eftir því sem gerist á sólinni. Gallinn við þessar tilraunir hingað til hefur þó verið að meiri orka hefur farið í að framkalla kjarnasamrunann en sem nemur orkunni sem úr ferlinu fæst. Þá er líka um slíkan ofurhita að ræða að engin leið er að hemja hann nema í segulsviði þar sem enginn venjuleg efni þola þann hita. Þetta kann þó að vera að breytast samkvæmt frétt BBC í síðustu viku. Þar segjast bandarískir vísindamenn við stofnunina National Ignition Facility (NIF) í Kaliforníu hafa náð mikilvægum áfanga í átt að því markmiði að beisla kjarnasamruna til sjálfbærrar orkunýtingar. Notast vísindamenn NIF við 192 geisla frá öflugasta leysigeislateki heims til að hita og þjappa saman vetniskjörnum þar til þeir renna saman.

Vísindamenn stofnunarinnar settu sér árið 2009 það markmið að ná að beisla kjarnasamrunann með



Teikning Anton Woensam frá 1531 af fljótandi bátamyllum sem nýttu straumorkuna á ánni Rín í Þýskalandi.



Það þarf ekki alltaf dýran og flókinn búnað til að framleiða rafmagn úr rennandi vatni.



Bátamylla í Serbíu árið 1990.

þessum hætti fyrir 30. september 2012. Tæknileg vandamál og rangir útreikningar urðu þó til þess að það náðist ekki. Í tilraun sem framkvæmd var við stofnunina í lok nýliðs septembermánaðar segja þeir að orkulosun hafi náð því að verða meiri en það orkumagn sem brennt var til að framkalla

kjarnasamrunann. Er þessu lýst sem stærsta áfanga sem náðst hafi í áraáðir í kjarnorkurannsóknum.

Lágtækniorkuver

Ef lítið er framhjá þessum framtíðar-orkuhugmyndum kjarneldisfræðinnar þurfa Íslendingar ekki að sækja vatnið

Bátamyllur reknar með góðum árangri öldum saman

Blaðamaðurinn Kris De Decker, stofnandi tímaritsins Low-tech, hefur tekið saman margvíslegt efni um lágtæknivirkjanir og víðar má finna slíkan fróðleik. Einfalt dæmi um lágtæknivirkjun og eiginlega „örvirkjun“ til raforkuframleiðslu hér á landi má t.d. finna á tjaldsvæðinu í Þakgili, þar sem rennslis um venjulega hálfommu neysluvatnslögn var notað til að snúa litlum rafal til að lýsa upp lítið þjónustuhús. Ekki er þó alltaf þörf á að umbreyta orkunni í rafmagn ef ekki þarf að flytja hana um lengri vegalengd. Frá vatnshjóli getur jafnvel verið hagkvæmara að flytja hreyfiorku með reipisdriði allt að fimm kílómetra vegalengd eða með beltadriði líkt og gert var í gömlum vélsmíðjum á Íslandi og til að knýja víðarsagir og margvíslegan iðnað. Bein nýting drifkraftsins er í það minnsta tvöfalt hagkvæmari lausn en að umbreyta honum í rafmagn. Þessa staðreynd nýttu menn sér í gamla daga og nýta enn við að snúa kornmyllum. Samkvæmt útlitunum Decker þarf um tvö kílóvött af beinni hreyfiorku til að framleiða hvert kílóvatt af raforku.

Bátamyllur voru þekktar löngu fyrir Krists burð



Einfalt vatnshjól með yfirrennslis.

yfir lækinn. Sjávarfallavirkjanir eða straumvirkjanir og raunverulegar rennslisvirkjanir í ám, sem ekki þurfa á neinum uppistöðulónum að halda, eru til dæmis lítið ræddar. Slíkar rennslisvirkjanir hafa þó verið þekktar í ýmsum útfærslum um aldir og þúsundir ára. Í öllum tilfellum eru þetta virkjanir sem kalla mætti lágtæknivirkjanir og hafa það sammerkt að vera ódýrar en afar skilvirkar og einfaldar í notkun. Þær kalla ekki á byggingu stíflumannvirkja en gætu samt framleitt næga orku fyrir heilu bæjarfélögin ef því er að skipta og hefðu lítil sem engin umhverfisáhrif, nema kannski sjónræn. Orkan sem úr þessu gæti fengist yrði þó seint nýtt til orkuöflunar fyrir álver eða slíka stóriðju, en gæti sem best nýst fyrir til dæmis garðyrkju og annan landbúnað og almenna raforkunotkun. Einnig til að framleiða vetni sem síðan yrði nýtt til að framleiða á Íslandi fljótandi eldsneyti með vistvænum hætti úr lífmassa fyrir vinnuvélar, ökutæki og skip.

Margþættir kostir vatnshjóls á fljótandi pramma

Kosturinn við að vera með vatnshjólið á fljótandi pramma er að álagið á vatnshjólið, við sama straumhraða, er alltaf eins hvort sem vatnsyfirborð árinna hækkar eða lækkar. Orkuframleiðslan verður því mjög stöðug. Ekkert vandamál er heldur að flytja virkjunina í heild sinni ef þörf er á.

Íslendingar eiga hundruð kílómetra af ám og lækjum sem virkja mætti með þessum hætti með litlum sem engum umhverfisáhrifum.

Fljótandi virkjunum af þessum toga mætti líka koma fyrir í öflugum sjávarfallastraumum eins og víða er að finna, meðal annars í Breiðafirði. Orkunýtni slíkra virkjana yrði aldrei eins og í bestu vatnsfallsvirkjunum en á móti kemur að kostnaðurinn yrði aðeins lítið brot af kostnaði við stíflugerð og tilheyrandi mannvirki. Fjárhagsleg áhætta væri þar af leiðandi sáralítill og auðvelt að búa til röð smávirkJana af þessum toga eftir því sem efni og aðstæður leyfðu.



Orka nýtt úr hægstraumi í Japan.



Þessi bátamylla var í Mura í Slóveníu.

Munu aldrei keppa við stórorkuver


Ástæðan fyrir því að kostir slíkra rennslisvirkjana eru ekki ræddir hér er trúlega sú staðreynd hvað Íslendingar hafa verið uppteknir við stórvirkjanir og raforkuöflun í stórum stíl fyrir stóriðju. Þá hefur verið ríkjandi sú mýta að ekki borgi sig að virkja rennsli í ám ef fallhæð sé lítil. Þar er einblínt á hagkvæmni stærðarinnar. Í samamburði við stóru fallvatnsvirkjanirnar eru litlar rennslisvirkjanir vissulega eins og leikföng. Þegar horft er á nýtingu raforku í víðari skilningi og smærri einingum getur málið horft allt öðruvísi út. Fyrir bændabyli og jafnvel heilu byggðarkjarnana gætu ódýrar rennslisvirkjanir hæglega verið lausn sem vert væri að skoða. Í slíku tilliti er nánast enginn bæjarlækur svo lítill að ekki sé hægt að virkja hann. Það getur líka fallið vel að sjónarmiðum um að nýta vatnsorku án þess að skerða fossa og önnur náttúrufrýrbrigði. Ýmsar útgáfur eru til á slíkum virkjunum, þ.e. sem kallað hefur verið „Micro Hydro Power“ og „Low Impact Hydropower“ og fleira. Dæmi um afar einfalda lausn á nýtingu á litlum lækjum eru fljótandi virkjanir í stærðum frá 1 kW upp í 300 kW sem kallaðar eru Hydrocat.

Hægstraumsvirkjanir undir vatnsyfirborði

Þó myllubátar hafi um aldri sannað gildi sitt til ákveðins brúks, þá hafa vísindamenn og hugmyndasmiðir haldið áfram þróun á nýtingu straumvatns með einföldum hætti eða með svokölluðum hægstraumsvirkjunum. Í dag er víða verið að gera tilraunir



Lítill og einföld Hydrocat-bátamylla sem framleiðir rafmagn.



Dæmi um nýlega hönnun á bátamyllu til raforkuframleiðslu.

af þessum toga í ýmsum útfærslum og á oftast til að framleiða raforku. Sumar þessara hægstraumsvirkjana miðast við að allur tækjabúnaðurinn sé undir vatnsyfirborði og hafi því engin sjónræn áhrif á umhverfið.

Fjöldi myllubáta starfræktur í Evrópu alla tuttugustu öldina

Um aldamótin 1900 mátti enn sjá bátamyllu á evrópskum fljótum og víðar um heim. Á Kura-fljótinu sem rennur í gegnum Tbilisi í Georgíu mátti sjá árið 1909 alls níu myllubáta. Einnig mátti sjá slíka báta í bænum Lovosice í Tékklandi á árinu 1911. Á ánni Doubs í Frakklandi voru þrjú myllubátar í fullum rekstri árið 1914. Í borginni Tekhrit í Írak voru myllubátar notaðir allavega fram til ársins 1917. Á árinu 1914 voru starfræktir tíu myllubátar í Verona á Ítalíu og ekki var hætt starfsemi á síðasta myllubátinum þar fyrr en 1929. Tyrkir voru einnig með slíka báta til 1920. Á mörgum ám í Þýskalandi voru slíkir bátar starfræktir fram til 1926 og til 1937 í Slóvakíu og á fljótinu Tiszán í Ungverjalandi til 1940. Þá voru myllubátar starfræktir í Misseldorf í Austurríki til ársins 1945.

Enn í rekstri eftir stríð og endurhannaðir eftir 1990

Eftir stríð var haldið áfram rekstri myllubáta víða í Evrópulöndum. Árið

1950 voru t.d. 27 myllubátar í rekstri í Bosníu og ekki var hætt starfsemi síðasta gamla myllubátsins þar fyrir en 1968. Þá var enn í rekstri myllubátur á Morava-ánni í Kukljin í Serbíu árið 1990. Sennilega var það einn af síðustu myllubátunum í upprunalegu mynd sem starfræktir voru.

Þó hætt væri að starfsrækja gömlu bátamylluna í Kukljin var saga myllubátana þar með alls ekki á enda. Frá 1990 hafa að minnsta kosti á annan tug endurhannaðra myllubáta verið smíðaðir í Evrópu. Ástæðan er sú að í straumvatni leynist stöðug orka sem sjálfsagt er að reyna að nýta þó ekki sé um að ræða stórkostleg stíflumannvirki til að nýta aukna fallorku vatnsins. Aukin áhersla á umhverfissjónarmið gerir hægstraumsvirkjanir líka fýsilegri kost. Í þessu efni má segja að allt geti verið hey í harðindum.

Enginn vafi er á að Evrópubúar neyðast á næstu árum til að hafa allar klær úti við orkuöflun. Ástæðan er að hluta stöðugt meiri orkunotkun nútímasamfélagsins. Einnig sú staðreynd að Þýskalandskanslari gaf það út eftir kjarnaorkuslysið í Japan að Þjóðverjar myndu feta sig út úr nýtingu á kjarnaorku til raforkuframleiðslu. Vandséð er hvernig menn ætla að leysa kjarnakljúfana af hólmi þar til og ef kjarnasamrunaorka verður einhvern tíma á boðstólum.

Kjarni málsins Ekkert viðhald

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800 kjarnagluggar.is

Auglýsingastofa E. BACKMAN

**Mest seldu jarðvarmadælnar á Íslandi**

Thermia varmadælnur loft í vatn og vatn í vatn (jarðvarmadælnur).

Hafðu samband og kynntu þér mögulegan orkusparnað með varmadælu. Þjóðum fría ráðgjöf og útreikninga um mögulegan orkusparnað.

Vertu velkominn í hóp ánægðra viðskiptavina, við bjóðum þér að hafa samband við okkar viðskiptavini til þess að kynna þér gæði og þjónustu okkar.

Thermia fagnar 90 ára afmæli í ár og er í eigu Danfoss.



Sími: 517 0270 **VERKLAGNIR.IS**

Sérfræðingar í varmadælu
Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur
www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

**FUJITSU Nocris Arctic 14**

**Öflug varmadæla - japönsk gæði!
Loft í loft - Loft í vatn!**

Fujitsu er mun ódýrari

í rekstri en flestar aðrar tegundir varmadæla

Heldur jöfnum hita við allar íslenskar aðstæður

Sjálfvirk rakavörn, endurræsing og loftsiuhreinsun

Framleiðandi: Fujitsu General Kawasaki, Japan

Söluaðili á Íslandi

með sjö ára reynslu:

Stekkjarlundur ehf. - Sjá heimasíðu!

**8 ára
ábyrgð!**

Símar: 695 2091 / 894 4302

www.stekkjarlundur.com • stekkjarlundur@stekkjarlundur.com

Varmadælnur frá Fujitsu, Panasonic, Mitsubishi og Toshiba

Bjóðum upp á VISA og Mastercard raðgreiðslur

BÍLSKÚRA- OG IÐNADARHURÐIR

Smiðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum.



Þær eru léttar og auðveldar í notkun. Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi.

Vagnar & þjónusta ehf.

Tunguhóls 10, 110 Reykjavík.
Sími: 567-3440, Fax: 567-9192

Hjá Límtré Vírneti hefur verið unnið að þróun á athyglisverðri byggingatækni:

Byggja hús með útveggjum og þaki úr íslenskum steinullareiningum

– spara mikla vinnu í byggingu miðað við hefðbundin hús og eru mjög eldþolin, þétt og hlý

Hjá Límtré Vírneti hefur verið í þróun athyglisverð tækni við húsbyggingar. Það eru einnar hæðar hús þar sem steinull frá Saudarárkróki er meginuppistaða byggingarefnis, bæði í veggjum og þaki. Þessi hús hafa að mestu verið reist án hefðbundinnar þétrar burðargrindar og unnið er að hönnun lausnar þar sem burðargrind er með öllu óþörf. Útveggir og þak er gert úr sjálfberandi samlokueiningum þar sem aluzinkhúðað stál er límt beggja vegna á þetta steinull. Þessi hús hafa reynt einstaklega þétt og hlý og eru talin um 20% ódýrari í byggingu en hefðbundin hús.

Þegar er búið að reisa nokkur hús með þessari byggingatækni, bæði raðhús, bílskúrar og einbýlishús á Suðurlandi, Suðvesturlandi, Vesturlandi og í Varmahlíð í Skagafirði, í næsta nágrenni steinullarframleiðslunnar. Er að sögn mikil ánægja með árangurinn. Hugmyndasmiðurinn á bak við þetta er Guðmundur Magnússon smiður á Flúðum. Hann var einmitt einn af frumkvöðlunum að stofnun Límtrés á sínum tíma og er hluthafi í LímtréVírneti í dag. Hann kynnti þessa tækni fyrir tíðindamanni Bændablaðsins í sumar og var hann á ný heimsóttur í síðustu viku. Þá var hann ásamt verkstökum að reisa 80 fermetra sumarhús með þessari tækni við Merkurlaut, sem er hliðarvegur á Skeiða- og Hrunamannaveg, nokkru fyrir ofan vegamót Suðurlandsvegur. Það hús teiknaði Friðrik Ólafsson. Nokkrir fleiri húsahönnuðir hafa komið að teikningu húsa úr þessum einingum og hafa styrkleikaútfærslur þeirra verið nokkuð mismunandi, meðal annars hvað varðar umfang burðarbita í mæni.

Öflugar einingar með sérlega mikið einangrunargildi

Límtré Vírnet er íslenskt iðnfyrirtæki með starfsstöðvar á fjórum stöðum á landinu. Ein þeirra er á Flúðum og þar er starfrækt eina límtrésverksmiðjan á landinu. Í Reykholti í Bláskógabyggð eru svo framleiðar Yleiningar sem eru samlokueiningar með pólýúretan eða steinull sem einangrun. Það eru einmitt endurhönnuð gerð slíkra yleininga með steinull sem um er að ræða. Í þeim er steinullin með fullri útveggjaeinangrun, eða 15 sentimetrum og með enn þykkri í þaki eða 20 sentimetra einangrun. Samkvæmt nýjustu byggingarreglugerðum er þó gert ráð fyrir allt að 23 sentimetra þakeinangrun. Guðmundur segir að þéttleiki eininganna hafi þarna mikið að segja, allur lofteleki dragi t.d. mjög úr einangrunargildi.

Utan á steinullina er límdar aluzink-húðaðar stálplötur beggja vegna og hefur samlokun því mikinn styrk. Til að auka styrkinn enn frekar eru steinullarplötur þverskornar og lagðar uppréttar í samlokurnar. Það útilokar að steinullin og þar með einingarnar klofni. Burðarþolslega standast þessar einingar allar kröfur verkfræðinga. Veggeiningarnar koma tilsníðnar í réttum lengdum frá verksmiðjunni í Reykholti, ýmist fyrir fulla vegghæð eða undir og yfir glugga og yfir hurðir. Lítið mál er þó að saga einingarnar á staðnum ef á þarf að halda.

Snjöll hugdatta sem varð að veruleika

„Við höfðum mikið notað svona



Guðmundur Magnússon við sumarbústaðinn sem verið er að byggja úr steinullareiningum við Merkurlaut á Skeiðum. Myndir / HKr.



Einingarnar komnar upp með einangrun og öllu saman án hefðbundinnar burðargrindar.



Guðmundur með sýnishorn af steinullareiningum og sýnir hvernig styrkleikinn var aukinn með því að leggja steinullina á ákveðinn hátt í samlokuna.



„Mér datt svo í hug að prófa að nota þetta í útveggi.“

einingar í eldvarnarveggi og sem brunaveggi í bílskúra sem eru innbyggðir í íbúðarhús. Mér datt svo í hug að prófa að nota þetta í útveggi í einnar hæðar húsi. Við fórum svo að reyna þetta og þá datt mér í hug hvort ekki mætti líka nota slíkar einingar í þakið. Ég var þá með í huga þessa útfærslu í þakinu sem við erum með hér. Ég ræddi þetta við Sigurð Guðjónsson, sem nú er forstöðumaður byggingadeildar Límtrés, og honum leist vel á hugmyndina. Við höfum skoðað fleiri útfærslur, en

þessi er best með tilliti til frágangs á þakkanti,“ segir Guðmundur.

Einfaldleikinn í fyrirrúmi

Ekki tók nema um hálfan dag að setja þak á þetta hús við Merkurlaut, sem er þá fullleingrað í leiðinni. Í þaki eru hafðar sperrur á milli eininganna til að læsa þeim saman og er hæð sperranna jöfn þykkt eininganna. Neðan á sperrurnar er síðan fest eins til tveggja tommu borð sem styðja um leið undir einingarnar sem bera óstuddar og um þriggja metar haf. Sama er gert ofan á sperrurnar þannig að sperran er orðin að I-bitu. Á þessi borð koma svo lektur fyrir þakjárn að ofna og loftaklæðningu að neðan. Sama er með útveggi.

Í sjálfu sér þarf ekki að klæða útveggjaeinangrun á húsin, hvorki utan né innan og hægt er að fá þær í mismunandi litum frá verksmiðju. Hafa menn einmitt verið að reisa bílskúrar úr slíkum einingum eingöngu án nokkurrar frekari klæðningar. Hinsvegar geta menn valið hvaða efni sem er utan á einingarnar, allt eftir smekk og kemur sú klæðning þá sem auka styrkur og vörn fyrir húsið. Í glugga- og hurðarop eru settir trérammar sem eru þá um leið festing fyrir gluggana sjálfa og hurðarkarma. Rammarnir eru um leið festing fyrir klæðningar ef menn óska svo að utan og innan. Gluggar og hurðarkarmar geta síðan verið úr áli, plasti eða tré, allt eftir óskum kaupenda.

Engin þörf á sérstakri rakasperru

Í hefðbundnum timburhúsum með grind og timburklæðningum beggja vegna og einangrun úr steinull, þarf alltaf að setja svokallaða rakasperru undir klæðningu að innanverðu. Það er plastdúkur sem kemur í veg fyrir að raki úr húsinu þéttist inni í einangruninni. Þetta losna menn alveg við í húsum með steinullarsamlokunum. Þær eru algerlega loftþéttar, sem eykur enn einangrunargildi þeirra. Þá er brunarhol slíkra eininga líka sérlega mikið.

Unnið að frekari þróun læsinga

Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri Límtrés Vírnets, segir að unnið hafi verið að frekari þróun þessara eininga með það í huga að ekki þurfi annað burðarverk en einingarnar sjálfar. Felst það í frekari hönnun læsinga til að festa einingarnar saman.

„Það er verið að skoða þetta núna, en Guðmundur hefur leyst þetta fram að þessu með því að setja timbur á milli samskeyta. Það er ágæt lausn í sjálfu sér en kallar helst á klæðningu bæði utan og innan.“

Stefán segir að með nýrri hönnun á læsingum verði timbrið óþarft á samskeytum og einingarnar því algjörlega sjálfberandi sem veggir.

„Það eru um 180 bílskúrar frá okkur sem voru reistir á Móhelli í Hafnarfirði þar sem burðurinn er allur í einingunum sjálfum. Í framhaldi af því seldum við nokkra tugi slíkra bílskúra á Suðurnesin. Einn starfsmaður hjá okkur var með slíkar læsingar sem lokaverkefni í tæknifræði. Þá vorum við að horfa á að slík lausn gæti þýtt að hægt væri að bjóða upp á einbýlishús sem væru 20-30% ódýrari en hefðbundin hús. Þetta var þó á uppgangstímanum þegar menn horfðu ekkert í slíkt og vildu helst bara byggja úr öllum dýrustu byggingarefnum sem hægt var að fá.

Það er í burðarlíðnum að skoða



Hér sést vel hvernig þak og veggir mætast. Lásar milli þakeininganna eru jafnframt nýttir eins og hefðbundnar sperrur til að bera uppi þakkant.

frekar þessar læsingar og þá hvort ráðist verði í fjárfestingar vegna tækjakaupa til slíkrar einingarframleiðslu. Það hefur verið ákveðinn aðili að vinna með okkur í því. Málið er í raun komið á lokastig gagnvart stjórn og eigendum fyrirtækisins.“

Mikill vinnusparnaður

Guðmundur Magnússon segir að einn stærsti kosturinn við þennan byggingarmáta sé gríðarlegur vinnusparnaður. Segir hann að arkitektastofan Batterið hafi gert kostnaðarsamanburð á svona húsi miðað við hefðbundinn byggingarmáta. Þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að þessi hús geti verið um 20% ódýrari. Þá hafi sýnt sig að einangrunargildi þessara húsa sé mun meira en þekktist í hefðbundnum húsum, sem minnki kyndingarkostnað.

„Sem dæmi byggðum við 120 fermetra einbýlishús með þessari tækni úti á Snæfellsnesi og það kom út á rúmar 25 milljónir króna fullfrágengið utan sem innan. Ég held að jarðvinnan sé þó ekki inni í þeirri tölu. Þetta hús byggðum við bara hér heima og fluttum það vestur í tvennu lagi.“

Afar þétt og ódýr í kyndingu

„Þeir sem hafa keypt svona hús segja að það kosti mjög lítið að kynda þau. Ég hef látið þéttleikamæla svona hús og hafa menn aldrei mælt svo þétt hús áður. Þessi hús eru líka miklu sterkari en hefðbundin timburhús. Þetta er fjórða húsið sem við reisum með þessari tækni í sumar,“ segir Guðmundur Magnússon smiður og bætir við að næsta verkefni verði að reisa parhús úr svona einingum á Flúðum. /HKr:

Háskólinn á Hólum auglýsir eftirfarandi kynbótahryssur til sölu

1. FöR IS2003258309 (BLUP 127), fengin við Trymbli IS2005135936.
2. Þraut IS2006258300 (BLUP 123), fengin við Svaða IS2009158304.

Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi 8. nóvember nk. merkt: „Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eyþórsson – tilboð í hross“.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Frekari upplýsingar hjá vikingur@holar.is.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400 fyrir frekari upplýsingar

Jötunn Austurvegur 10 - 800 Selfoss - Lúndabæki - 601 Akureyri - www.jotunn.is
VÉLAR - VERTJALIN - VARAHLUTIR | Jötunn Vélur ehf. - Kl. 500404 2610 - Sími 480 0400 - jotunn@jotunn.is

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

HONDA
The Power of Dreams

Sannkallaðir vinnuhestar

TRX 420FA
TRX 420FA fjórhjólíð er með kraftmikla og sparneytna vél, en þessi útfærsla er með nýri sjálfskiptingu og sjálfstæða fjóðrun.
KR. 1.790.000

TRX 500FE
Meira tog. Frábært fjórhjóladrif. TRX 500 býr yfir gríðarlegum krafti og frammistöðu fyrir hver þau verkefni sem biða þin.
KR. 1.790.000

TRX680FA
Ótrúlega fjórhæft. Býr yfir einstökum krafti, lipurð og hefur einstaka eiginleika utan vega. TRX680FA er flottasta sportvinnuhjólíð frá Honda.
KR. 2.290.000

Erum með fullkomið þjónustu-verkstæði fyrir öll Honda fjórhjól

BERNHARD
Vatnagarðum 24 - 26 | Reykjavík | Sími 520 1100 | www.bernhard.is

NÚ MÁ SNJÓA!
VANDAÐUR VETRAR- OG ENDURSKINSFATNAÐUR KÍKTU Á DYNJANDI.IS!

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is



Fulltrúar þeirra verkefna sem hlutu vilyrði fyrir styrk úr Vaxtarsamningi Norðausturlands: Arnheiður, Hólmfríður, Bjarni Páll, Sigurlína, Helgi, Sigríður og Gréta.

Vaxtarsamningur Norðausturlands:

Sjö verkefni fengu vilyrði um 8 milljónir

Verkefnisstjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands samþykkti á fundi fyrr í þessum mánuði að veita sjö verkefnum vilyrði um þátttöku. Alls bárust tíu umsóknir að þessu sinni þar sem sótt var um rúmlega 26,0 milljónir króna, en áætlaður heildarverkefniskostnaður var 63,4 milljónir. Heildarupphæð veittra styrkvilyrða var tæpar 8,0 milljónir króna og er heildarkostnaður þeirra verkefna sem vilyrði hlutu áætlaður um 37,6 milljónir.

Með þessari úthlutun hefur verið úthlutað úr yfirstandandi samningi til 31 verkefnis, samtals 60,3 milljónum. Standa um 20 milljónir eftir til ráðstöfunar, en samningurinn gildir út árið. Hefur verkefnisstjórn ákveðið að næsti umsóknarfrestur verði 5. nóvember.

Stórikarl, grásleppa og þörungur

Styrkvilyrði voru afhent á veitingastaðnum Sölu á Húsavík nýlega. Eitt þeirra er verkefni sem er miðað að því að bæta aðgengi að Stórikarli. Langanesbyggð er í forsvari fyrir það verkefni og fékk vilyrði fyrir allt að tveimur milljónum króna. Verkefni sem gengur út á að fullþróa vinnslu grásleppuhagna og finna þeim nýjan markað hlaut vilyrði fyrir rúmlega 1,5 milljónum króna, en að því stendur GPG Seafood ásamt samstarfsaðilum. MýSköpun, greining lífefna úr þörungum, fékk

allt að tvær milljónir króna, en forsvarsaðili er MýSköpun ehf. og samstarfsaðilar Háskólinn á Akureyri og Náttúrufræðistofnun Íslands (Akureyrarsetur).

Fingurbjargir, hestar og landkönnuðir

Þingeyskar fingurbjargir – markaðssetning er verkefni sem fékk vilyrði fyrir ríflega 500 þúsund krónum. Markmið verkefnisins er að markaðssetja framleiðsluvörur samstarfsfélagsins, en þær eru tengdar safnmunum frá Byggðasafni Norður-Þingeyinga að Snartarstöðum. Námsmannaferðir og kynning fékk allt að 500 þúsund krónum. Forsvarsaðili er Jarðskjálftafélagið á Kópaskeri og samstarfsaðilar Gistipjónustan á Kópaskeri, Hótel Skúlagarður og Þekkingarnet Þingeyinga. Hestatengd ferðapjónusta – markaðssetning – fékk eina milljón króna. Forsvarsaðili er Saltvík ehf. og samstarfsaðilar Hrossaræktarfélag Eyfirðinga og Þingeyinga, Húsavíkurstofa, Sviss hólar í Sviss og Ferðaskrifstofan Riding Iceland. Litlir landkönnuðir – allt að kr. 375 þúsund krónur. Forsvarsaðili er Þekkingarnet Þingeyinga og samstarfsaðilar Langanesbyggð og Svalbarðshreppur. Verkefnið gengur út á frekari þróun og hönnun á ævintýrakorti fyrir ferðamenn sem koma í Bakkafjörð, á Langanes og í Pistilfjörð. /MPB

Upprekstur á Rangárvallaafrétt kvikmyndaður:

Heimildarmynd gefin út um Laufaleitir

Það er ekki á hverjum degi sem framleiddar eru heimildarmyndir um fjárleitir á Íslandi. Það telst því til tíðinda að hinn 22. september var kvikmynd gefin út, á DVD-formi, sem ber heitið Laufaleitir og segir frá upprekstri sauðfjár á Rangárvallaafrétt.

Um fornfrægar leitir er að ræða og er talið að sögu þeirra megi rekja til upphafs átjándu aldar. Myndin er framleidd af Laufaleitir ehf. og einn af forsvarsmönnum þeirrar útgáfu er Guðmundur Árnason. Hann er uppallinn á Hellu en var reglulega í sveit á Selalæk á Rangárvöllum þar sem mamma hans er fædd og uppalin.

„Ég er barnabarn Jóns Egilssonar bónda á Selalæk en afi, frændur mínir og stórfjölskylda ráku á fjall hér áður fyrr. Mér rann því blóðið til skyldunnar, að mér fannst, að fara á fjall enda heyrta margar sögur sem juku áhugan jafnt og þétt.“

Fyrir sjö árum fór ég loks í fyrstu leit og hef farið hvert ár síðan. Þar sem ég er ekki bóndi fannst mér tilvalið að fara í þetta verkefni og hjálpa til við varðveislu þessara heimilda – sem jú enginn veit með vissu hve gamlar eru – og gefa almenningi um leið innsýn í smalamennsku og hvað það sé að fara á fjall. Við fjallmenn höfðum rætt okkar á milli að einhver veginn þyrfti að varðveita heimildina um okkar smalamennsku en lítið gerðist þar til ég fór sjálfur að leita í heimildum sem var djúpt á, en ég gerði mér þó grein fyrir að það væri vel þessi virði,“ segir Guðmundur um aðdragandann að útgáfunni.

„Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 er þess getið að allir bæir í Árverjahreppi, það er gamla Rangárvallahreppi, eigi afrétt og heitir annar Laufaleit – austan Markarfljóts.“

Afi, sem er fæddur og uppalin á Stokkalæk á Rangárvöllum, var sem peyi smalandi afréttinn langt fram eftir hausti. Þá lágu bæir ofar en nú er og engar girðingar til að hindra að fé færi inn á afrétt og lýsir aðstæðum sauðfjárbúskapar á Rangárvöllum áður fyrr.“

Laufaleitir kenndar við Laufafell

„Laufaleitir á Rangárvallaafrétti eru kenndar við Laufafell, 1.164 metra



Guðmundur Árnason, einn aðstandenda Laufaleita ehf.

hátt líparíttfjall, innst í Rangárbótunum en afrétturinn er mikið til milli þriggja jökla; Tindfjalla-, Mýrdals-, og Torfajökuls. Austur mörk afréttarins liggja við Mælifell og Strút, austast á Mælifellssandi, en liggja svo til vesturs niður á Rangárvelli milli Tindfjalla og Heklu. Vinsælar gönguleiðir liggja í gegnum afréttinn eins og Laugavegur og Strútsstígur.“

Guðmundur er ekki lærdur kvikmyndagerðarmaður en komst eftir svolitlar þreifingar í samband við Svein M. Sveinsson hjá Plúsfilm, sem tók það verkefni að sér að kvikmynda ferðina. „Sveinn er hokinn af reynslu við gerð heimildarmynda af þessu tagi. Hann kvikmyndaði og varð strax hrifinn af verkefninu – og á meðan á því stóð var hann oft á tíðum orðlaus yfir þeirri fjölbreyttu fegurð sem Rangárvallaafréttur hefur að geyma.“

Fegurð náttúrunnar og hlý bændamenning

„Myndin var tekin upp haustið 2012 og gekk framur vonum. Leitirnar taka sjö daga og við fengum allt mögulegt veður; snjókomu, slyddu, rigningu, sól, rok og logn. En flesta daga var sól og gott. Vikan á undan var þó mjög slæm en það snjóaði þó ekki neitt miðað við það sem kom niður

fyrir norðan þar sem við vitum öll að ástandið var mjög slæmt.“

Myndin lýsir smalamennsku á stórum afrétti, náttúrufögnum en á köflum harðsmöluðum. Myndin lýsir fegurð náttúrunnar vel en þó miklu betur þeim glaðbeitta anda og samstöðu sem ríkir meðal smalanna. Í henni kemur einkar vel fram hin sérstaka hlýja en jafnframt dálítið grófa menning bændasamfélagsins sem hún lýsir opinskátt og sannfærandi. Þá geymir myndin heimild um þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við göngur á Laufaleitum í gegnum aldimar.“

Fjallkóngur með fimmtíu ára reynslu

Fjallkóngurinn í myndinni er Ingimar Ísleifsson á Sólvöllum og hefur hann verið fjallkóngur í fyrstu leit síðustu 35 árin. Að sögn Guðmundar fór hann fyrst á fjall 14 ára gamall, haustið 1963, og hefur farið

allar leitir síðan. „Þegar myndin var tekin upp haustið 2012 hafði Ingimar farið á fjall samfleytt í 50 ár. Einnig hefur Ingvar Magnússon á Minna-Höf farið á fjall í rúm 50 ár og er hann fjallkóngur í annarri leit, sem farin er viku eftir fyrstu leit. Bændur eins og Ingvar og Ingimar þekkja afréttinn hvað best og það er með ólíkindum hversu sprækir þeir eru eftir öll þessi ár. Það eru því mikil forréttindi að geta notið líðsinnis þeirra og reynslu sem margoft hefur borgað sig við smölun. Svo er ekki síst gaman að syngja með þeim,“ segir Guðmundur að lokum.

Heimildarmyndin er 75 mínútna löng með íslensku og ensku tali, ásamt aukaefni, og fæst í Mosfelli Hellu, Sveitamarkaðnum Hvolsvelli, Bókakaffinu Selfossi, verslunum Hagkaups, Líflands og Elko friðhöfni. Sjá má stiklu um myndina á eftirfarandi vefslóð: <http://www.youtube.com/watch?v=qKMWrWjVSC4>. /MPB

ÚTRÁS LEITAR AÐ BÆNDUM TIL SAMSTARFS

Getur þú sem bóndi hjálpað öðrum að fóta sig í atvinnulífínu? Útrás óskar eftir samstarfi við bændur sem hafa tök á því að fá fólk tímabundið í vinnu.

Um er að ræða einstaklinga sem hafa verið án vinnu um tíma vegna atvinnumissis og/eða röskunar á geðheilsu.

Viðkomandi einstaklingar eru að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði og þurfa mannvænt umhverfi, stuðning og skilning. Þetta er samfélagsverkefni sem allir hafa hag af, bændur, atvinnuleitandinn og samfélagið.

Fagaðilar á vegum Útrásar veita ráðgjöf, stuðning og persónulega eftirfylgd.

Nánari upplýsingar veita:

Hlynur Jónasson, sími 823-2400, netfang: hlynurjonasson1@gmail.com

Sylviane Petursson-Lecoultré, sími 845-6525, netfang: sylvianelecoultré@gmail.com



Kristján'sbakarí fékk frumkvöðlaverðlaun

Kristján'sbakarí hlaut Frumkvöðlaverðlaun á sýningunni Matur-inn sem haldin var á Akureyri fyrir skömmu. Verðlaunin veitir félagið Matur úr Eyjafirði jafnan á sýningunum. Kristján'sbakarí hlaut verðlaunin fyrir frumkvöðlastarf og farsælan

rekstur í yfir 100 ár, en félagið náði einmitt þeim áfanga í fyrrasumar að fagna aldarafmæli sínu.

Fyrirtækið er í fámennum hópi fyrirtækja sem náð hafa svo háum aldri og verið í eigu sömu fjölskyldu.

Á myndinni er til hægri Sunna Birgisdóttir, dóttir Birgis Snorrasonar

sem aftur er sonur Snorra Kristjánssonar, en sá var sonur Kristján's Snorrasonar sem stofnaði bakaríið árið 1912. Sunna heldur á blómvendi og viðurkenningu en með henni er Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir, starfsmaður í Kristján'sbakarí. /MPB

Bændablaðið
Kemur næst út

14.
nóvember

**STEYPUSTYRKJARJÄRN,
LYKKJUR OG JÄRNAMOTTUR**



STJÖRNUBLIKK
Sveig og góð fjáfnatal

Smiðjuveg 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

**BÁRUJÄRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK**
FLÖTUR KLÆÐA 107 CM

**LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR**

**NÝJUNG
VATNSRÁS**

**VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR**

STJÖRNUBLIKK
Sveig og góð fjáfnatal

Smiðjuveg 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

CLAAS Arion 550 comfort



Vélin er mjög vel búin og má þar nefna fjögurra hraða aflúrtak, rafmagns stjórnun á vökvaspólum/ámoksturstækjum í armhvílu (electropilot) alfjadrandi stórglæsilegt stýrishús sem hannað er í samvinnu við bændur, 10 vinnuljós, loftkæling, vökvaskotkrókur, vökvavendigir, vökvaskiptur girkassi 4x6, öryggisbelti í báðum sætum, útvarp/Mp3, afturrúðuburrka, nestisbox, drykkjarkælir o.m.fl.

Dekk: 600/65R38 480/65R28 Continental

Til viðbótar fylgir veglegur aukahlutapakki til áramóta að andvirdi 750.000 kr. Hann inniheldur fjadrandi framhásing, upphitaða afturrúðu og hliðarspegla og eitt albesta Grammer ökumannssæti sem fánlegt er.

Ps. Trima + 4.1 með sveiflujöfnun, þriðja sviði, vökvaskóflulás og 2,2 m skóflu ásett á traktorinn kosta kr. 1.750.000+vsk.

Verð:
kr. 12.600.000+vsk
Gengi € kr. 162

165 hestafla 4 cyl. mótur án Ad-Blue búnaðar

VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

Plastrimlar - Eitt ódýrasta gólfgerðarefnið



Plastrimlarnir undir sauðfé hafa notið mikilla vinsælda sem sauðfjárgólf. Þeir eru eitt ódýrasta gólfgerðarefnið á íslenskum markaði. Plastrimlarnir hreinsa sig mjög vel og það þarf nær aldrei að þrifa gólfid. Plastrimlarnir eru íslensk framleiðsla og eru úr endurunnu plasti. Með notkun plastrimla er mögulegt rista niður gömul, slitin grindaborð og klæða með plasti.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400 fyrir frekari upplýsingar

JÖTUNN Áusturveg 69 • 800 Selfoss • Landbúakki • 601 Akureyri • www.jotunn.is
VÉLAR VÉLMILN VINAFLUTIR | Jóhann Vélur ehf. • Kt. 600404 ZIBG | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar
Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kóssum á kerrur, bíla ofl. Fánlegir í mörgum litum.

Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smiðaðir úr áli. Láttu ekki stela af þér kútnum!

VTK
BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vik ehf / Skemmuvogur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

BÓK SEM HLÝJAR OG GLEÐUR



Aðgengileg bók með uppskriftum að yfir 50 fjölbreyttum vettlingum.

Hentar bæði byrjendum og vönu þrjónafólki.

Fæst í bóka- og hannyrðaverslunum um allt land og á www.netbokabud.is

Sæmundur

Íslensk framleiðsla og hönnun

Fyrir heimili, fundarherbergi, mótuneyti, kaffihús og skóla



Afsláttur fyrir lesendur Bændablaðsins

Sólóhúsgögn
Gylfaflöt 16-18 • 112 Reykjavík
S: 553 5200 • solo@solo.is
www.solo.is



Sara María Davíðsdóttir, yngsti kúabóndinn á samlagssvæði MS Akureyri, ræsti nýju ostalínuna.

Myndir / MBP

Víðtæk endurnýjun hjá Mjólkursamsölnni á Akureyri:

Yngsti kúabóndinn á samlagssvæði MS Akureyri ræsti nýja ostalínu

Ný og fullkomin vinnslulína til ostagerðar hefur formlega verið tekin í notkun hjá MS Akureyri. Áætlaður kostnaður við vinnslulínuna auk tengdra framkvæmda í húsnæði mjólkurstöðvarinnar, þ.m.t. 300 fermetra viðbyggingu fyrir lager, losar einn milljarð króna. Þau Sara María Davíðsdóttir, bóndi á Torfum og yngsti kúabóndinn á samlagssvæði MS Akureyri, og ostameistarar mjólkurbúsins, Hermann Jóhannsson og Bragi Egilsson, ræstu nýju ostalínuna formlega við athöfn síðastliðinn föstudag.

Dönsk ostalína

Samið var við danska fyrirtækið SPX um hönnun og smíði á nýju línunni – þ.m.t. ostatönkum og

ostapressum – inn í húsnæði MS Akureyri. Um miðjan ágúst var hætt ostaframleiðslu með gömlu vinnslulínunni, sem var meira en tuttugu ára gömul, og í kjölfarið hafist handa við að setja nýju línuna upp. Með henni og skipulagsbreytingum á húsnæðinu aukast afköst í ostaframleiðslu til muna á Akureyri og framleiðslu- og vörufærni verður á allan hátt betra og markvissara. Ostagerð hefur alla tíð verið stór þáttur í mjólkurvinnslu á Akureyri – lengst af undir merkjum Mjólkursamlags KEA, síðan Norðurmjólkur og nú MS. Í ostagerðina fara á bilinu 60-65% af innveginni mjólk á Akureyri, sem á þessu ári er áætluð um 37 milljónir lítra. MS Akureyri er og hefur lengi verið langstærsti ostaframleiðandi landsins með um 40 tegundir osta og tengdra vara. / MBP



Sara María og Hermann Jóhannsson, ostameistari MS Akureyri.



Einar Sigurðsson, Sara María Davíðsdóttir, Hermann Jóhannsson og Bragi Egilsson.

Árleg lækkun vinnslukostnaðar meiri en tveir milljarðar

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnnar, sagði í ávarpi sínu að á undanföllum árum hefði Mjólkursamsalan lagt í miklar fjárfestingar.

Þar væri um að ræða um átta milljarða króna á núvirði til

að endurnýja aðstöðu, tæki og búnað í mjólkuriðnaðinum. Auk uppbyggingar á Akureyri er búið að flytja alla mjólkurpökkun fyrir vestan- og sunnanvert landið frá Reykjavík til Selfoss. Var tækjabúnaður vegna þess ræstur á Selfossi 11. október.

Víðtæk endurnýjun hjá Mjólkursamsölnni á Akureyri:

Þáttaskil í sögu mjólkuriðnaðar á Íslandi

Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS, sagði þegar hann ávarpaði gesti í húsakynnum MS Akureyri af þessu tilefni að þessar vikurnar væri að ljúka víðtækri endurskipulagningu og endurnýjun í vinnslustöðvum fyrirtækisins um allt land. - „Hér í dag eru þáttaskil í sögu mjólkuriðnaðar og í sögu Mjólkursamsölnnar á Akureyri. Hér er nú ræst fullkominasta ostavinnsla sem Íslendingar hafa átt. Hún leysir af hólmi tæki sem komin voru á þriðja áratug í aldri. Hér er unnið úr um þriðjung af heildarframleiðslu mjólkur á Íslandi, um 37 milljón lítrum á ári,“ sagði Egill.

Hann bætti við að með stofnun Mjólkursamsölnnar árið 2007 hefði stefnan verið mörkuð í endurskipulagningu mjólkuriðnaðar í

þágu neytenda og bænda. Síðan hefði vinnslustöðvum fækkað og þær orðið sérhæfðari. Á sama tíma hefðu öll flutningakerfi verið endurnýjuð.

„Árangurinn er ótvíræður og mjög mikil hagkvæmni hefur náðst í þessari starfsemi, sem skilað hefur verið til neytenda og bænda. Verð til bænda fyrir hræfni hefur hækkað verulega umfram almennt verðlag í landinu vegna þess að aðföng þeirra hafa hækkað mjög í verði eftir hrúnið. Þrátt fyrir það hefur tekist að halda aftur af hækkunum á heildsöluverði til neytenda. Það byggir á þeirri hagræðingu sem náðst hefur í mjólkuriðnaðinum,“ sagði Egill Sigurðsson.



„Hér er nú ræst fullkominasta ostavinnsla sem Íslendingar hafa átt,“ sagði Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS.

Mikið framfaraskref

Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri MS Akureyri, sagði að framkvæmdir við nýja ostalínu á Akureyri hefðu hafist sumarið 2012.

„Þá hófst verklegur undirbúningur, nýjar skilvindur voru teknar í gagnið í nóvember og strax um haustið var tekin endanleg ákvörðun um hvað ostagerðarbúnaðurinn skyldi innihalda, stærð, umfang o.fl. Þá var jafnframt ákveðið að byggja við lagerhúsnæðið til að tryggja að vinnsluflæði yrði sem best. Vinnslusalurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum og fengið verulega andlitslyftingu.

Glæsileg ostagerðarlína hefur verið endurnýjuð frá a til ö, gerilsneyðingartæki, skilvindur, ostatankar og pressur, söltunarkerfi, lagerkassar fyrir ost, svo það stærsta sé nefnt. Sá búnaður sem við höfum nú tekið formlega í notkun er



Búnaður til ostagerðar hefur fjórum sinnum verið endurnýjaður á Akureyri. Kristín Halldórsdóttir er hér í forgrunni, en að baki hennar sést yfir hluta af vinnslusalnum.

mikið framfaraskref, jafnvel enn stærra en við síðustu endurnýjun á tækjabúnaði fyrir 22 árum síðan. Okkur telst til að þetta sé í fjórða

skipti sem búnaður til ostagerðar er endurnýjaður hér á Akureyri,“ sagði Kristín Halldórsdóttir við formlega ræingu nýju ostalínunnar í dag.

MICKEY THOMPSON
PERFORMANCE
M/T
TIRES & WHEELS

JEPPADEKK

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu
Umboðsaðili: Ictrack ehf. Sími 773 4334 mtdekk.is

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI

BÚVÍS BÝÐUR BÆNDUM HEIM

Búvís býður til bændagleði að Grímseyjargötu 1 á Akureyri, föstudaginn 1. nóvember 2013.

Allir bændur landsins og aðrir viðskiptavinir velkomnir.

Kl. 13.00. Opið hús. Léttar veitingar og spjall.

Glens og gaman með léttum veitingum eftir kvöldmjaltir.

Kl. 21.00 hefst létt dagskrá, hagarðingar og Dansbandið.

Við vonumst til að sem flestir bændur sjái sér fært að lita til okkar.

Búvís
Akureyri

Akureyri | Sími 465 1332



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



JOHN DEERE DRÁTTARVÉLAR



John Deere 6230 – 100 hestöfl
Með 633 ámoksturstaekjum
Árgerð 2010
Notuð 1282 vinnustundir
Verð kr. 8.300.000 + vsk.



John Deere 6430 – 120 hestöfl
Árgerð 2012
Notuð 1195 vinnustundir
Fjaðrandi framhásing
Dekk 540/65x38 og 480/65x24
Verð kr. 10.600.000 + vsk.



John Deere 6330 – 110 hestöfl
Árgerð 2009 - Premium
Notuð 168 vinnustundir
Stiglaus skipting
Ámoksturstaeki verða sett á vélina
Dekk 18,4x38 og 16,9x24
Verð kr. 11.200.000 + vsk.



John Deere 6830 – 150 hestöfl
Árgerð 2007 - Premium
Notuð 2520 vinnustundir
Stiglaus skipting
50 km ökuhraði
Fjaðrandi framhásing
Fjaðrandi hús
Dekk 20,8R38 og 16,9R28
Verð kr. 10.500.000 + vsk.



John Deere 6930 – 155 hestöfl
Árgerð 2012, án ámoksturstaekja
Notuð 1250 vinnustundir
Fjaðrandi framhásing
Dekk 650/65R38 og 540/65R28
Verð kr. 11.400.000 + vsk.

VARAHLUTIR OG REKSTRARAVÖRUR



Síur í úrvali

Hágæða vörur sem henta sérstaklega öllum John Deere dráttarvélum og einnig öllum öðrum gerðum dráttarvéla

„Original“ varahlutir



Lökk og margt fleira

Verð eru miðuð við gengi GBP 195

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Nánari upplýsingar um útbúnað John Deere dráttarvéla og hvenær þær verða til afgreiðslu fást hjá bjarnib@vbl.is eða í síma 822-8612



Í verslunum N1 má finna fjölbreytt úrval hlífðarfatnaðar.

Vinsælasti liturinn á sjó- og regnfatnaði er appelsínugulur. Appelsínugulur litur í draumi er merki um þrá dreymandans til að njóta lífsins. Þá er gott að vera í góðum hlífðarfatnaði.



Íslenskir bændur nota tæplega

1,6 milljónir

hektara af landi undir landbúnaðarstarfsemi. Það eru 15% af stærð Íslands.



Kaffipása á vinnustað varir að meðaltali

13,5
mínútur.



Atvinnulíf. Gangverk sem eykur lífsgæði. Íslenskt atvinnulíf treystir á þétttriðri þjónustunet N1 með eldsneyti, rekstrarvörur og önnur aðföng. Til að plægja akurinn, halda dampi á fiskiflotanum, flytja vörur milli landshluta og fljúga milli áfangastaða þarf lifandi afstöðvar um allt land. N1 veitir íslenskum fyrirtækjum orku til góðra verka – því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

Eldsneytisnotkun:



45 lítrar
100 km



78 lítrar
100 km



575 lítrar
100 km



Orðið stígvél á rætur að rekja til ítalska orðsins stivale, sem þýðir sumarskór.

Hluti af atvinnulífi

Allur flugvélafloti Icelandair gengur fyrir eldsneyti frá N1.



Það eru alls **18** flugvélar.

672.800

ferðamenn heimsóttu Ísland í fyrra.



Um fjórðungur þeirra naut þjónustu á N1.




Fjöldi starfsmanna N1:

820

Það gerir einn starfsmann á hverja 392 Íslendinga.

Tonn af þorski veidd við Íslandsstrendur árið 2012:



177.000

Kílóíð af þorski á LE BERNARDIN í New York kostar:

116.000 kr. / \$ 954

Bið eftir borði: 10 – 40 dagar. (Frægir: 0 dagar).



1971:

Byrjað að selja bílatengdar vörur á bensinstöðvum. Sama ár var Landssamband hjálparveita skáta stofnað.

1982:

Bygging hófst á þjónustustöðvum eins og við þekkjum þær í dag. Sama ár voru þrjár almyrkvar á tungli, en það mun ekki gerast aftur fyrr en árið 2485.



Meðalhraði (v) Boeing 757 flugvélar er 980 km/klst.

Tíminn (t) sem það tekur Boeing 757 að fljúga umhverfis jörðina (40.076 km) er því:

S/V = T

(vegalengd/hraði = tími)



Daglega sinnir N1 að meðaltali

6 dælingum á skip og togara.



Gera má ráð fyrir að á meðaltökudegi á erlendri kvikmynd á Íslandi séu eknir um

30.000 km

Það er rúmlega 21 hringur í kringum landið.



Þjónustustöðvar N1 eru með

Kerruleigu

Komum af stað!



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grenilundur í Grýtubakkahreppi 15 ára:

Mikilvægt að aldraðir búi við eðlilegt heimilislíf

Heimilis- og starfsfólk dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grenilundar á Grenivík í Grýtubakkahreppi hélt á dögunum upp á þau tímamót að 15 ár eru liðin frá því að starfsemi þess hófst. Boðið var upp á afmælistöku og kaffi. Ingólfrur Ásgeirsson söng nokkur hugljúf lög við undirspil Petru Bjarkar Pálsdóttur og séra Bolli hélt messu með gestum og heimafoðli.

Á afmælisdaginn sjálfan var létt kráarkvöld þar sem hægt var að fá sér sérristaup eða bjór eða þá kaffi og koniaki. Hljómsveitin Hliðin mín fríða lék fyrir dansi og valdi sérstaklega til flutnings gömlu lögin sem allir geta sungið með. Talsverður fjöldi gesta mætti á svæðið og var dansað og sungið og einnig hlegið hressilega meðan Siggí í Alaska, rúmlega átræður uppistandari, sagði nokkrar vel valdar gamansögur.

Grenilundur, sambýli aldraðra á Grenivík, var byggður 1997–1998 og fyrstu íbúar fluttu inn í september 1998. Heilsugæslan á Grenivík var byggð í sama húsi og er staðsett í norðausturenda hússins. Á Grenilundi búa að jafnaði níu íbúar. Átta íbúar eru með fasta búsetu og eitt skammtímarými. Grenilundur þjónar mikilvægu hlutverki í sveitarfélaginu, bæði fyrir aldraða og einnig hvað atvinnumöguleika varðar.

Áfram í heimabyggð þótt heilsunni hraki

„Við leggjum áherslu á heimilislegt andrúmsloft og gott umhverfi, það er kjarninn í allri starfsemi okkar,“ segir Fjóla Stefánsdóttir, forstöðumaður á Grenilundi. Hún segir eldri borgara í Grýtubakkahreppi þurfa að eiga góðan aðgang að búsetuformi sem hæfi aðstæðum þeirra, þar sem auðvelt sé að mæta þörf þeirra fyrir þjónustu, þannig að þeir geti áfram búið í heimabyggð sinni þó svo að heilsunni hraki.

„Það eru grundvallarmannréttindi,“ segir hún. „Það er líka mikilvægt að aldraðir geti, svo lengi sem þeim er unnt, búið við eðlilegt heimilislíf, en jafnframt að þeim sé tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf.“

Fjóla segir að stofnanir, m.a.



Guðrún Sigurðardóttir, Fjóla Stefánsdóttir og Gísli Björnsson.

Myndir / MBP



Guðrún Sigurðardóttir og Kristján Jóhannsson.

hjúkrunarheimili eins og við þekkjum þau, með sjúkrahúsmiðaða starfsemi og starfsfólk sem ákveður alla hluti muni smám saman heyrja fortíðinni til.

„Það hefur orðið jákvæð þróun



Valgerður Jónsdóttir, Jóhanna Daðadóttir, Jórlaug Daðadóttir, Guðný Sverrisdóttir, Þórgunnur Eyfjörð og Elísa Ingólfsdóttir.

Skref í rétta átt

Fjóla nefnir að stefna stjórnvalda sé sú að færa lögbundna þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga

og segir að það sé skref í rétta átt.

„Við megum samt ekki flýta okkur um of, eins og oft vill verða hjá okkur. Það er að mörgu að hyggja og ég nefni sem dæmi lífeyrisskuldbindingar sem hvíla á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Það þarf líka að taka tillit til reynslu af tilfærslu þjónustu við fatlað fólk yfir til sveitarfélaganna. Bæði sveitarfélögin og ríkið þurfa tíma til að undirbúa móttöku svo stórra verkefna og það þarf að gæta að því að fjárhagslegar forsendur liggja fyrir,“ segir hún.

Öldruðum mun fjölga umtalsvert á næstu áratugum

Stærsta verkefnið á þessum vettvangi segir hún þó vera fyrirjáanlega fjölgun þeirra sem verða 67 ára og eldri. Samkvæmt mannfjöldaspám Hagstofunnar muni álíka margir fæðast hér á landi árið 2045 og fæddust árið 2005, en fjöldi aldraðra mun á sama tímabili tvöfaldast. Fæðingum muni því ekki fjölga næstu 45 ár, en þeim sem ná 67 ára aldri mun fjölga um 100 prósent frá því sem nú er.

„Þessi staðreynd sýnir hve brýnt er að takast á við verkefnið af krafti, sýna fyrirhyggju og byggja upp úrræði sem mæta fólki á því þjónustustigi sem best hæfir á hverjum tíma,“ segir Fjóla.



Það þurfti margt að ræða á fimmtán ára afmælinu.



Ingibjörg Siglaugsdóttir og Ólafur Kjartansson.

/MBP

MASSEY FERGUSON 5600 LÍNAN

Einstöök upplifun

Allt í einu gripi



Notendavæn vinnuaðstaða og frábært útsýni



“Farðu hvert sem er og gerðu hvað sem er” dráttarvél sem er sérhönnuð fyrir blandaðan búskap. Upplifðu nútímalegt ökumannshús og niðursveigða vélarhlíf sem skapar eitt besta útsýni sem völ er á í dag, vél sem kynnir sig sjálf. Frábært vökvakerfi og óaðfinnanlegt Massey Ferguson útlit.

Frábær ámoksturtækjavél

Sérstaklega nett mælaborð og niðursveigð vélarhlíf sem tryggja frábært útsýni. Möguleiki á innbyggðum stýripinna sem stjórnar bæði girkassa og ámoksturtækjum með einni hendi. Með því að stíga á hemla er hægt að kúpla í sundur, fullkomin stjórnun með öðrum fæti.

Dyna 4 girkassi

Vökvavendigir 4 girar + 4 milligirar (16+16), allir girar rafskiptir og kúpling því óþörf. ECO hamur gerir vélinni kleyft að ná hámarkshraða á lægri snúningshraða sem þýðir minni eldsneytiseyðslu og hljóðlætt vinnuumhverfi. AutoDrive (valbúnaður) leyfir notandanum að stjórna með fót eða handólúgjöf eftir aðstæðum hverju sinni.

Mótor

85-105 hö. 3ja strokka AGCO POWER díselvél með common rail stenst ströngustu mengunarkröfur nútímans. DOC díseloxunarbúnaðurinn tryggir að engin stífluhætta er til staðar.

Vökvakerfi

- Allt að 100L vökvakerfi
- Beislistölva með stjórnun úti á bretti
- 4,3 tonna lyftigeta á beisli

Aflúrtak

- Fjölhraða aflúrtak 540/540 eco/1000

MF 5610

- 105 hestöfl
- Með ámoksturtækjum og skóflu

Verð frá

kr. 9,690,000,- + vsk.
m.v. 160€



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is



TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Í MEINAFRÆÐI AÐ KELDUM



Rannsóknir á mæði og visnu á Keldum

Í kjölfar kreppunnar miklu á fjórða áratug síðustu aldar ákváðu íslensk stjórnvöld að heimila innflutning á fé af karakúlkyni til þess að efla hag bænda. Skinn af nýfæddum lömbum af þessu kyni eru notuð í svonefndan persneskan pels, sem þá var mjög í tísku. En margt fer öðru vísi en ætlað er og er skemmst frá því að segja að innflutningur þessi olli gríðarlegu tjóni í íslenskum sauðfjárbúskap og er skýrt dæmi um það hve næmt og berskjaldað íslenskt búfé getur verið fyrir sjúkdómum sem eru landlægir í öðrum löndum án þess að nokkuð sé eftir þeim sé tekið.



Lömb af karakúlkyni.

Víti til varnaðar

Fluttar voru inn 20 kindur úr vottaðri heilbrigðri hjörð á tilraunabúi í Halle í Þýskalandi, og eftir tveggja mánaða dvöl í einangrun hér á landi var þeim dreift á 14 bæi um allt land. Fljótlega fór að bera á áður óþekktum sjúkdómum sem mátti rekja til karakúl fjárlins. Fyrst varð vart við garnaveiki (paratuberculosis eða John's disease) og lungnasjúkdóm sem nefndur var votamæði. Votamæði lýsti sér í útbreiddum æxlisvexti í lungum samfara mikilli vökvamyndun. Þessi sjúkdómur var þekktur í öðrum löndum sem Jaagsiekte og orsakast af æxlisveiru.

Það liðu þó nokkur ár áður en þeir tveir sjúkdómur, sem reyndust skæðastir, mæði (eða þurramæði) og visna, voru greindir. Mæði er lungnabólga og visna er heilabólga, og kom í ljós síðar að sama veira (mæði-visnuveira) veldur báðum sjúkdómum. Faraldsfræðilegar rannsóknir benda til þess að a.m.k. tveir karakúl hrútar hafi verið sýktir af mæði-visnuveiru, annar í Borgarfirði og hinn í Þingeyjarsýslu.

Mæði var miklu algengari sjúkdómsmynd en visna, og reyndist veiran vera bráðsmitandi, þótt sjúkdómsseinkenni kæmu ekki fram fyrr en eftir langan meðgöngutíma (2-3 ár). Veiran hafði því dreifst á allstóru svæði áður en hún greindist. Fljótlega var svo komið að árleg afföll í sýktum hjörðum voru 20–30 prósent og gekk svo ár eftir ár, og leit út fyrir að sauðfjárbúskapur legðist af á stórum hluta landsins.

Niðurskurður

Settar voru upp girðingar til þess að reyna að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma frekar, og árið 1937 hófust tilraunir til þess að útrýma mæði með því að slátra öllu fé á afmörkuðu svæði og flytja fé frá ósýktum svæðum inn í staðinn. Kerfisbundin skipting landsins í varnarhólf og niðurskurður á öllu fé í hverju sýktu hólfí hófst svo árið 1941. Seinustu mæðiveiku kindinni á Íslandi var slátrað árið 1965, og hafði þá þessi barátta staðið yfir í næstum 30 ár. Votamæði var útrýmt um leið, en garnaveiki var áfram landlæg.



Í árdaga rannsóknna á alnæmisveirunni, HIV, nýttust vel þær rannsóknir sem gerðar höfðu verið á lentiveirum, en þar höfðu vísindamenn á Keldum verið í fararbroddi.

Talið er að u.þ.b. 100.000 kindur hafi drepist af völdum mæði og skera þurfti niður meira en 650.000 fjár. Það er talið einsdæmi í heiminum að það takist að útrýma vírusýkingum sem þessum, og er það samdóma álit þeirra sem til þekkja að það megi ekki sist þakka samvinnu bænda og ásetningi þeirra að ná árangri.

Rannsóknir og tilkoma Keldna


Á þessum tíma var engin rannsóknastöð fyrir dýrasjúkdóma á Íslandi, en Niels Dungal, forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, tók að sér að rannsaka þessa sjúkdóma og hafði sér til fulltingis Pál A. Pálsson dýralækni og lækna Guðmund Gíslason og Björn Sigurðsson. Guðmundur var sá sem fyrstur greindi þurramæði frá votamæði, og benti á að sams konar sjúkdómi hefði verið lýst í Montana í Bandaríkjunum. Nú er vitað að mæði er landlæg í nánast öllum löndum Evrópu, og víða í Asíu, Afríku og Ameríku.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum var sett á stofn árið 1948 með rausnarlegu styrkfé frá Rockefeller-stofnuninni í Bandaríkjunum. Björn Sigurðsson varð fyrsti forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar. Rannsóknir Björns og samstarfsfólks hans leiddu í ljós, að það var veira sem olli sjúkdómnum visnu og mæði, og er alþjóðlegt heiti þessarar veiru „mæði-visna virus“.


Brautryðjandastarf

Á grundvelli rannsóknna sinna á þessum sjúkdómum setti Björn fram kenningar um nýjan flokk smitsjúkdóma, sem hvorki teldust til bráðra eða langvinnra (krónískra) sótta. Hann kallaði þennan flokk „hæggenga smitsjúkdóma“ og er einkenni þeirra mjög langur meðgöngutími eftir smitun, jafnvel nokkur ár, þar sem sjúkdóms verður ekki vart. Eftir að sjúkdómsseinkenni koma í ljós, ágerast þau fremur hægt, en þó jafnt og þétt, og enda með dauða. Björn setti þessar kenningar sínar fram árið 1954 í þremur fyrirlesturum við Lundúnaháskóla, sem voru svo birtir í The British Veterinary Journal sama ár. Rannsóknirnar á Keldum og kenningar Björns vöktu mikla athygli, og er þeirra ennþá getið í kennslubókum í veirufræði.

Á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í sumar á 100 ára fæðingarári Björns Sigurðssonar lýsti Ashley T. Haase, prófessor við Minnesotaháskóla, því hvernig



Niðurskurður vegna mæðiveiki. Skyggðu svæðin sýna hvar mæði og/eða visnu varð vart. Sýkta svæðinu var skipt upp í varnarhólf, þar sem öllu fé var slátrað og fé af ósýktum svæðum sett inn í staðinn. Ártölín gefa til kynna hvenær mæði/visnu var útrýmt í hverju hólfí.



Mæði-visnuveirur brjótast út úr frumu.

Mynd / Guðmundur Georgsson

hann sem ungar vísindamaður á 7. áratug síðustu aldar hefði hrifist af kenningum Björns og tekið upp rannsóknir á mæði-visnuveirunni. Vísindamenn við marga háskóla, aðallega í Bandaríkjunum og Frakklandi, fóru nú að rannsaka

þessa óvenjulegu veiru og samskipti hennar við hýsilinn. Þessi flokkur veira er nefndur „lentiveirur“ eftir kenningum Björns (lentus=hægur). Björn Sigurðsson féll frá langt fyrir aldur fram árið 1959, aðeins 46 ára að aldri.

Áfram haldið

Vísindamenn á Keldum héldu áfram rannsóknum á mæði og visnu og voru þau í fararbroddi Páll A. Pálsson, Halldór Þormar, Margrét Guðnadóttir, og síðar Guðmundur Georgsson og Guðmundur Pétursson. Tveir stórir rannsóknastyrkir fengust frá bandarísku heilbrigðisstofnuninni (National Institute of Health), og beindust rannsóknirnar aðallega að því að rannsaka eðli veirunnar og samskipti við hýsilinn auk meingerðar. Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur rannsakaði ónæmisviðbrögð við veirunni, en mjög erfitt hefur reynt að bólusetja gegn þessum veirum. Síðar tókst undir stjórn Ólafs S. Andréssonar að klóna veiruna, sem gerir það mögulegt að beita aðferðum erfðatækni við rannsóknir á henni.

Mæði-visna og HIV

Árið 1983 var veira einangruð frá sjúklingum með alnæmi. Í ljós kom að erfðaeftni veirunnar og genaskipulag líktist mjög mæði-visnuveiru, og fellur hún í flokk lentiveira.

Í árdaga rannsóknna á alnæmisveirunni, HIV, nýttust vel þær rannsóknir sem gerðar höfðu verið á lentiveirum, en þar höfðu vísindamenn á Keldum verið í fararbroddi. HIV er nú mest rannsökuð af öllum veirum, en þó er langt frá því að öll kurl séu komin til grafar. Enn hefur hvorki tekist að finna bóluefni við veirunni né lækningu. Þeir sem sýkjast þurfa að taka lyf alla ævi til þess að halda veirunni í skefjum, en lækna aldrei. Enn er því þörf á rannsóknum á eðli þessarar veira, og getur mæði-visnuveiran verið gott líkan fyrir HIV. Rannsóknir á sýkingum með mæði-visnuveiru leiddu í ljós að veiran felur sig fyrir ónæmiskerfi hýsilins bæði með því að leggjast í dvala í langlífum frumum, en einnig með því að breyta stöðugt ónæmisvökum á yfirborði sínu. Það sama hefur komið í ljós í HIV, og er nú mikið unnið að því að finna leiðir til þess að reka veiruna úr fylgsni sínu. Þarna geta rannsóknir á mæði-visnuveiru komið að gagni sem áður segir.

Komið hefur í ljós að frumur manna og dýra hafa komið sér upp margháttuðum vörnum gegn lentiveirum, en veirurnar hafa fundið leið fram hjá þessum vörnum hver í sínum hýli. Rannsóknir á Keldum undir stjórn Valgerðar Andrésdóttur beinast nú að því að skýra þessar veiruvörnir, og eru rannsóknirnar í samvinnu við Háskólann í Minnesota og Kaliforníuháskóla í San Francisco.

Um gildi rannsókna

Björn Sigurðsson ætlaði íslenskum vísindamönnum hlut í alþjóðlegri þróun vísindanna. Hann var einnig meðvitaður um efnahagslega þýðingu grunnrannsókna fyrir eigin þjóð. Árið 1942 skrifaði hann hugleiðingar um þetta efni: „Sannleikurinn er sá, að atvinnuvegir vorir munu aldrei fullnægja skyldu sinni, fyrr en að þeim hafa verið lagðir traustir hornsteinar með vísindalegum náttúruvísindum á undirstöðu þeirra ...“

Það er ástæða til að hugleiða þessi orð Björns Sigurðssonar.

Valgerður Andrésdóttir, sérfræðingur Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Nóvembertilboð á Josera Supramil T kálfamjólkurdufti

Þú kaupir 10 poka af Supramil T kálfadufti og færð ellefta pokann frían



Verð pr/líter kálfamjólkur aðeins
kr. 34,- án/vsk*



+ = 11

*Verð miðast við 130 gr. í 1 líter af vatni og er án vsk.



480 5600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 30 þúsund eintökum á um 400 dreifingarstaði og 4.000 lögbýli á Íslandi

HREINSI- OG SMUR- EFNI, GÍROLÍUR, SMUROLÍUR OG RÚÐUVÖKVI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

kemi

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.



A new generation of heat pumps
DESIGNED FOR EARTH



Ný kynslóð af varmadælum NIBE™ F1245 Jarðvarmadæla

Hér er á ferðinni ein besta varmadæla sem komið hefur. Þessi verðlaunaða varmadæla hitar t.d. ofnakerfi, gólfhita, neysluvatn o.fl. Allt að 70°C framrásarhiti, þú getur valið neysluvatnshitastig o.fl. NIBE F1245 getur notað vatn, jörð og sjó til orkuöflunar. Allur búnaður innandyrna. NIBE frá Svíþjóð, gæði í gegn. Stærstir í Evrópu í 60 ár. Flestir Íslendingar sem kaupa jarðvarmadælu velja NIBE F1245 NIBE F1245-10kW SCOP 5.15

Nýtt NIBE™ F2040 | Loft í vatn NIBE F1255-4/16kW SCOP 5.5
Við bjóðum upp á mikið úrval af loft í vatn varmadælum.
Nýtt NIBE Varmadæluhitakútar.
Er rafmagnsreikningurinn of hár?
Er þá ekki kominn tími til að við tölum saman?
Nýtt NIBE™ F1255 4/16kW í einni og sömu Jarðvarmadælu.

☎ 571 4774



Friorka

www.friorka.is

friorka@friorka.is

Ertu tilbúinn?

DALEN 2014 - Blæs þar sem aðrir brotna.

- 2014 blásarinn frá DALEN er hannaður fyrir verktaka og allra erfiðustu aðstæður.
- Hægt er að tengja blásarann á þrjú vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 270 cm
- Aflþörf: 140 hö
- Aflúrtakshraði: 1000 snúrn/mín
- Vökvásnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu

Bændur - verktakar: Hafð samband við okkur og tryggð ykkur einþak. Eigum einnig fyrirbyggjandi minni stærðir snjóblásara frá DALEN.

DALEN

Öflugur blásarur fyrir öfluga traktora



Nautgripæræktin á tímamótum

Um 370 manns mættu á haustfundi Landssambands kúabænda sem haldin voru á fjórtán stöðum víðs vegar um land, dagana 15. til 23. október.

Þegar þetta er ritað á eftir að halda fund á Ísafirði, en honum var frestað vegna veðurs. Á fundinum fóru forsvarsmenn Landssambands kúabænda, ásamt forsvarsmönnum Auðhumlu, yfir stöðu mjólkurframleiðslunnar á þeim tímamótum sem hún er nú á. Sala mjólkurafurða, einkum þeirra fituríkari, gengur betur en dæmi eru um áður. Á sama tíma hefur framleiðslan heldur dregist saman. Standa bændur nú frammi fyrir því að greitt verður fullt afurðastöðverð fyrir alla innvegna mjólk umfram greiðslumark, frá októberbyrjun til áramóta í ár.

Sem dæmi um gang sölunnar var sala á smjöri 26% meiri í september 2013 en hún var í sama mánuði í fyrra. Slík söluaukning er fordæmalaus, þótt reyndar hafi söluaukning á fitu síðastliðin tíu ár verið tvöfalt hraðari en á próteininu. Þá hefur verið gerð tillaga að meiri aukningu greiðslumarkans á næsta ári en dæmi eru um, úr 116 milljónum lítra í 123 milljónir lítra.

Á fundinum kom fram að verið er að vinna að breytingum á verðhlutföllum fyrir fitu (25%) og prótein (75%) í afurðastöðvaverði, með það að markmiði að auka vægi fitunnar verulega. Þá standa líkur til að greitt verði fullt afurðastöðvaverð fyrir alla innvegna mjólk á næsta ári einnig, en ákvörðun um slíkt ætti að liggja fyrir í marsmánuði 2014, að teknu tilliti til birgðastöðu. Við slíkar aðstæður er virði greiðslumarkans talsvert umhugsunarefni.

Markaðsstaða mjólkurafurða er bændum mikið gleðiefni og felur í sér einstök tækifæri fyrir greinina til að auka tekjur, þróast og sækja fram.

Lýfta þarf grettistaki til 2021

Ef tiltölulega hófstillt spá um sölu á fitugrunni næstu átta árin gengur eftir þarf mjólkurframleiðslan að



Sigurður Loftsson, formaður LK, sagði á haustfundi í Þingborg á Suðurlandi að kúabændur yrðu að stöðva fækkun í kúastofnunum til að þjóna markaðnum. Kúnum hefur fækkað að meðaltali um 1,1% á ári síðustu 20 ár. Í dag er um 24.000 kýr í landinu en þeim þyrfti að fjölga um nokkur þúsund á næstu árum til að anna eftirspurn eftir mjólkurvörum.

Mynd / MHH

vera komin í um 135 milljónir lítra árið 2021. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar verða landsmenn orðnir um 345.000 talsins og fjöldi ferðamanna 1,5 til 2 milljónir árlega. Til þess að anna svo stórum markaði þarf að lyfta grettistaki á flestum sviðum innan mjólkurframleiðslunnar.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að stöðva þá þróun að kúnum fækki ár frá ári, en að jafnaði hefur kúnum fækkað um 1,1% á ári síðastliðin 20 ár. Á sama tíma þarf að auka meðalafurðir um 50-70 kg á ári, tvöfalt til þrefalt meira en undanfarin 5 ár.

Þá þarf einnig að auka endingu kúnna umtalsvert, en þær endast að jafnaði í tvö ár og átta mánuði (973 dagar líða frá fyrsta burði að förgun).

Hér á landi eru kvígur um tveggja og hálfis árs gamlar að jafnaði þegar þær bera fyrsta kálfinum. Það er nokkuð eldra en gengur og gerist í nálægum löndum og felur í sér verulegan kostnað fyrir bændur. Burðaraldurinn þarf því að lækka. Einnig þarf að draga úr þeim afföllum sem verða á kvígum í uppeldi, en um 20% af ásettum kvígum ná aldrei að verða mjólkurkýr, af ýmsum ástæðum.

Þá er geldstaðan óþarflega löng, bil á milli fyrsta og annars burðar er að jafnaði rúmlega 400 dagar.

Að lokum má geta þess að mjólkuriðnaðurinn hefur nú ráðið dýralækni til mjólkureftirlitsins, m.a. til að vera bændum sem glíma

við króniska jógurbólgu til ráðgjafar. Sé litið til næstu mánaða eru þau úrræði nærtækust að seinka slátrun og sést þess þegar staður, enda dróst kúaslátrun saman um 14% í september, miðað við sama mánuð í fyrra. Þá má víða auka fódurstyrk með aukinni kjarnfóðurgjöf. Mikilvægt er að fleiri bændur geri fóduráætlanir og nýti sér alla tiltæka ráðgjöf til að aukin kjarnfóðurgjöf skili tilætluðum árangri og arðsemi.

Núverandi staða felur því í sér mikla áskorun fyrir ráðgjafarþjónustuna.

Aukin fagmennska í nautakjötsframleiðslu

Fyrstu sjö mánuði ársins var innflutningur nautgripakjöts svipaður og á sama tíma í fyrra. Fyrirsjáanlegt er að hann muni aukast með vaxandi samdrætti í slátrun kúa, þá hefur ásetningur nautkálfa farið minnkandi. Enda er það svo að stjórnmöld hafa nýverið gefið út reglugerð 877/2013 um úthlutun á opnum tollkvótum vegna innflutnings á hakkefni úr nautgripakjöti. Hliðstæðar reglugerðir hafa verið gefnar út undanfarin ár. Þannig hafa stjórnmöld sýnt að þau eru tilbúin að slaka á tollverndinni eftir því sem þurfa þykir.

Í ljósi þess að forsvarsmenn LK hafa á undanföllum árum ítrekað rætt möguleika á því við stjórnmöld hvernig auka megi skilvirkni nautakjötsframleiðslunnar og skjóta undir hana traustari stöðum sem sjálfstæða búgrein, skýtur það mjög skökku við að reglugerðir um opna tollkvóta hafi á sama tíma verið einu skilaboð stjórnmála til nautakjötsframleiðenda!

Það er þó ljóst að mikil tækifæri eru til að auka fagmennsku í nautakjötsframleiðslunni. Það mátti t.d. sjá í vefræðsluerindi Þóroddar Sveinssonar, lektors við LBHI á heimasíðu LK, naut.is, sem flutt var á dögunum. Þar kom m.a. fram að eldistími nauta hér á landi er 25 mánuðir, samanborið við 16 mánuði í nálægum löndum. Það leiðir af sér að fódurnotkun pr. kg falls er u.p.b.

70% meiri hér á landi en í nágrennlöndunum, vegna mikils fódurs sem fer til viðhaldsþarfa. Styttri eldistími og kraftmeiri fódurn skilar margfaldrí framlegð á við langan eldistíma á kraftlitlu föðri.

Á fundinum var einnig farið yfir stöðu á endurnýjun á erfðaeftni holdanautastofnanna, sem verið hefur til umfjöllunar hjá LK samfelld í fjögur ár.

Hugur LK stendur til að sækja um innflutning á holdanautasæði sem ætlað væri til almennrar dreifingar, að því gefnu að niðurstaða áhættumats verði jákvæð. Umsókn þar að lútandi var afgreidd af stjórn samtakanna á stjórnmóti í september, ásamt ítarlegum heilbrigðiskröfum. Staða þess máls er sú að ráðherra hefur ákveðið að gera áhættumat annars vegar á beinum innflutningi sæðis og fósturvísu á almennu bú, hins vegar á innflutningi sæðis og fósturvísu í einangrunarstöð. Síðari kosturinn er óheyrilega tímafrekur, gríðarlega kostnaðarsamur og ljóst er að nautakjötsframleiðslan getur engan veginn staðið undir slíkum rekstri til langframa.

Fyrirmyndarþú

Á haustfundinum var lítillaga tæpt á vinnu LK og SAM við gerð leiðbeininga um góða skilaparhætti. Ljóst er að slíkar leiðbeiningar, með tilvísunum í reglur og lög, verða afar umfangsmikið plagg. Því hefur verið ákveðið að gefa leiðbeiningarnar einnig út á samanþjöppuðu formi, sem fengið hefur vinnuheitnið Stefna LK og SAM um fyrirmyndarþú. Stefna þessi tekur á flestum grunnstöðum mjólkurframleiðslunnar; mjólkurgæðum, matvælaöryggi, dýravelferð og umhverfismálum. Vonast er til að þessari vinnu ljúki fyrir aðalfund LK 2014. Daginn fyrir aðalfundinn, fimmtudaginn 27. mars næstkomandi, hyggst LK halda fagþing nautgripærktarinnar 2014, sem ætlað er að nýstist sem vettvangur fyrir miðlun á fagefni fyrir greinina, bæði á sviði mjólkur- og nautakjötsframleiðslu. /BHB

Biðlað til kúabænda um að framleiða meiri mjólk

Á annað hundrað manns mættu á á fyrsta haustfund Landssambands kúabænda (LK) sem haldinn var í Þingborg í Flóa þriðjudagskvöldið 15. október síðastliðinn. Framsögumenn voru Sigurður Loftsson, formaður LK, Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK, og Einar Sigurðsson, forstjóri MS, en sérstakur gestur fundarins var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson.

Á fundinum biðlaði forstjóri MS til kúabænda að framleiða meiri mjólk með öllum tiltækum ráðum vegna gríðarlegar sölu á mjólkurafurðum, ekki síst íslenska smjöriinu, rjóma, skyri og feitum ostum. Fram kom í máli Einars að fitusalan í mjólk árið 2013 yrði 4 milljónum lítra meiri en 2012. 1,5 milljónir lítra eru vegna fjölgunar neytenda á milli ára og 2,5 milljónir lítra vegna meiri fitusölu á mann. Ekkert bendir til þess að hægi á þessari þróun því áhersla landsmanna liggur í minni kolvetnisneyslu og gjörbreyttu viðhorfi gagnvart mettaðri fitu. /MHH



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, kom víða við í erindi sínu og hvatti bændur til dáða í framleiðslu sinni. Hann fagnaði sérstaklega mikilli söluaukningu á mjólkurafurðum og hvað neytendur væru ánægðir með vörurnar frá kúabændum. Myndir / MHH

Baldur Helgi fjallaði m.a. um stöðuna á nautakjötsmarkaðnum og sagði að nú þegar væri búið að flytja inn 105 tonn af kjöti fyrstu sjö mánuði ársins 2013 og að innflutningur ætti eftir að aukast mikið. Þá gerði hann grein fyrir stöðunni á verkefninu um endurnýjun á erfðaeftni holdanauta.



Fjölgið kúnum, fjölgið kúnum, voru einkunnarorð Einars Sigurðssonar, forstjóra MS, á fundinum. Hann varpaði mörgum mjög áhugaverðum glærum á tjaldid, sem sýndu stöðuna svart á hvítu. Hann biðlaði til kúabænda og bað um meiri mjólk.

Netverslun
Leikfangalands

Sendum um land allt.

Mikið úrval leikfanga frá USA

www.leikfangaland.is Grafarvogi, Reykjavík. S. 5873215 og 7727940

Næsta Bændablað kemur út 14. nóvember

Smáauglýsinga-síminn er: 563 0300

Bændablaðið

Viftur og viftustýringar

Eigum úrval ótblásturs-, innblásturs- og hlöndunarvifta á lager fyrir vegg, þök eða loftstokk. 900-1400 sn/min sem afhasta allt að 24.000 m³/kist.

Eigum einnig margar gerðir af loftventlum í vegg og loftstokk.

Eigum úrval af hraðstýringum, loftstrætistöfum og loftstrætistýringum á lager. Hraðstýring, sjálfvirkar, stíglæsa hraðstýring og raka og hitastýring. Loftstrætistöfum er hægt að tengja við veðurstöð til að stjórna veggventlum eftir útblátt og veðurhæð, einnig hægt að tengja beint við heilmælitölu.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400 fyrir frekari upplýsingar

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 · 800 Selfoss · Lónsbakki · 601 Akureyri · www.jotunn.is
Jötunn Vélar ehf. · Kt. 600404 2610 · Sími 480 0400 · jotunn@jotunn.is

Schaffer 2024

Schäffer Lader

Schaffer liðléttingarnir eru liprar og öflugar vinnuvélar sem bjóða upp á mikla notkunarmöguleika

Verð frá kr. 3.190.000,- án vsk. Með skóflu og greip m.v. 160€

Verð eru birt með fyrirvara um innmáttarvillur.

Schäffer - mest seldi liðléttingur á Íslandi

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 · 800 Selfoss · Lónsbakki · 601 Akureyri · www.jotunn.is
Jötunn Vélar ehf. · Kt. 600404 2610 · Sími 480 0400 · jotunn@jotunn.is

ferðapjónusta bænda

Uppskeruhátíð Ferðapjónustu bænda 2013 verður haldin 14. nóvember á Hótel Sögu. Þema hátíðarinnar í ár er Á fljúgandi ferð inn í framtíðina og verður aðaláherslan lögð á markaðsmál.

Frekari upplýsingar er hægt að sjá inni á <http://innri.sveit.is/Forsida/uppskeruhatid> eða hafið samband við Elsu Ágústu í síma 570-2702.

VÉLBOÐI íslensk hönnun & framleiðsla

Sérhannað fyrir íslenskar aðstæður
Góð viðgerðar- og varahlutapjónusta
Áratuga reynsla

Veljum íslenskt!

Miðflóttaaflsdæludreifari
Fyrir kúamykju. Léttbyggður & flotdekkjum.

Snekkjudæludreifari
Fyrir fjárhúskjallara, lausagöngu og kúamykju. Hrærir upp í haughúsum, tekur upp í sig og dreifir mjög vel.

Keðjudreifari
Mjög sterkbyggður og léttur dreifari fyrir tað.

Snigil- og snekkjudæludreifari
NÝTT Sérhannaður fyrir minkaskít.

Skádæla/Brunndæla
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.

Haughræra
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.

Valtari
Vatnsfylltur valtari í mörgum stærðum.

Flatvagn
Sterkbyggður og léttur, á veltihásingu með flotdekkjum. Margar stærðir í boði.

Mykjudreifari á krókheysi
Ótal útfærslur í boði eftir séróskum.

Nánari upplýsingar í síma: 565-1800 www.velbodi.is

Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2014

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis hennar fyrir varðveislu byggingarleiðarinnar. Að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á að veita styrki til endurbóta á friðlýstum húsum og mannvirkjum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álitá við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðurandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og Húsverndarstofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Jafnrétti er byggðamál

Mikill brottflutningur kvenna af landsbyggðinni er sérstakt áhyggjuefni og bendir mikill brottflutningur ungra kvenna til félags- og efnahagslegs mismunar og ógnar heildarmynd svæðisbundinnar samkenndar og jafnvægi í byggðapróun. Ef ekki er reynt að sporna við því mun þróunin halda áfram á þann veg að konurnar flytja burt úr dreifbýlinu og karlarnir verða eftir. Samfélögin hrynja innan frá þegar ekki eru konur til að fæða börn til að viðhalda samfélaginu.

Í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu eru konur færri en karlar og er munurinn mestur á Austurlandi, þar sem eru 89 konur á móti 100 körlum. Ef aldurshópurinn 20-39 ára er skoðaður er munurinn enn meiri. En það skal tekið fram að þetta eru ekki séríslenskar aðstæður því þessi þróun er víða í löndunum í kringum okkur og hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að reyna að jafna þennan mun. Mynd 1 sýnir konur á hverja 100 karla eftir landshlutum.

Á mynd 1 sjáum við alla aldurshópa en á mynd 2 sjáum við aldurinn 20-39 ára. Á Austurlandi er munurinn mestur en þar eru 86 konur á hverja 100 karla á þessu aldursbili. Þess má geta að meðaltalið í EES löndunum er 97 konur á hverja 100 karla en eins og áður sagði eru þetta ekki séríslenskar aðstæður og hlutfallið er lágt á mörgum svæðum í kringum okkur svo sem á Grænlandi og Færeyjum og dreifðari byggðum í Noregi.

Elsta búferlakönnun sem vitað er um er rannsókn Ravenstein frá árinu 1885. Ekki er langt síðan farið var að kyngreina búferlarannsóknir, hvort sem það er erlendis eða hér á Íslandi. Því eru ekki til margar rannsóknir þar sem hefur verið skoðað sérstaklega hvort orsakir um búferlaflutninga eru aðrar hjá konum en körlum, en þær rannsóknir sem eru til eru takmarkaðar og misvísandi.

En af hverju er nauðsynlegt að kyngreina upplýsingar í svona rannsóknum? Fyrir því eru margar ástæður en einna veigamest er sú að þótt mikið hafi unnist í jafnréttisbaráttu hér á landi sl. 100 ár er fullu jafnrétti ekki náð. Konur sinna í mun meiri mæli heimili og barnaupeldi en karlar og tölur sýna að enn vinna karlar lengri vinnudag en konur.

Vinnumarkaður er enn mjög kynjaskiptur og námsval kvenna frábrugðið námsvali karla. Þessi atriði ásamt fleirum, svo sem launamun kynjanna, gera það að verkum að aðstæður kvenna og karla eru ekki þær sömu. Búsetuþarfir og óskir um búsetu eru ekki endilega þær sömu og því verður að skoða hlutina í ljósi þess.



Elín Gróa Karlsdóttir



Konur í dreifbýli búa ekki við sömu atvinnumöguleika og konur í þéttbýli og því er víða um heim að finna dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu kvenna sem ætlað er að stemma stigu við byggðaröskun.

Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur eru oft af skornum skammti er sjálfstæður atvinnurekstur lausn fyrir að minnsta kosti sumar konur en hafa verður í huga að konur eru ekki einsleitir hópur. Því er ein leið til að snúa þessari þróun við að fjölga stuðningsaðgerðum sem miða að því að konur geti hafid eigin atvinnurekstur í landsbyggðunum. Árið 2012 kom út skýrsla norrænu fræðastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) um stuðningsaðgerðir við frumkvöðlastarfsemi kvenna. Í skýrslunni kemur fram að Ísland er eina landið á Norðurlöndum þar sem skortir stefnu á þessu sviði.

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem í daglegu tali eru nefnd jafnréttislögin, er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í lögnum er líka kveðið á um að gæta að kynjasambættingu við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra.

Hlutverk Bygðastofnunar er samkvæmt lögum um stofnunina að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Bygðastofnun hefur skráð það í stefnu sína að samþætta kynjasjónarmið inn í alla stefnumótun og verkefni sem gerð eru á vegum stofnunarinnar. En af hverju er svo mikilvægt að stofnun eins og Bygðastofnun samþætti kynjasjónarmið inn í sína stefnu? Svarið er tiltölulega einfalt, fyrir utan að það er lögbundið að




gæta kynjasjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum ríkisins eru jafnréttismál mikilvægt byggðamál og til að sporna gegn neikvæðri byggðapróun þarf að setja jafnréttismál í öndvegi. Atvinnuástand á svæðum, möguleiki til náms, aðgengi að grunnþjónustu og samþætting atvinnu- og fjölskyldulífs eru mikilvægir mælikvarðar til að tryggja jöfn tækifæri bæði á svæðisbundnum grunni og milli kynjanna.

Ef við skoðum hvernig umsóknir um lán hjá Bygðastofnun skiptast eftir atvinnugreinum síðastliðin fjögur ár sjáum við að skiptingin er nokkuð jöfn eftir atvinnugreinum en þó hafa umsóknir tengdar ferðaþjónustu aukist mikið og töluvert í landbúnaði.


En ef við skoðum hverjir eru umsækjendur þá sjáum við að karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja um lán hjá stofnuninni.

Eins og tölurnar sýna eru konur í miklum minnihluta þeirra sem leita eftir lánnum hjá Bygðastofnun. Skýringar á því er ef til vill að finna í samsetningu vinnumarkaðar landsbyggðanna frekar en því að konum sé mismunandi í lánveitingum hjá stofnuninni. Atvinnuþáttaka kvenna hér á landi er um 78% og konur skipa um 47% vinnumarkaðarins, en vinnumarkaður hér á landi, eins og víða í hinum vestræna heimi er kynjaskiptur þar sem konur eru að miklum hluta launþegar í ýmskonar þjónustugreinum. Konur sinna oft störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisstörfum og öðrum störfum í opinberri þjónustu en aðgerðir sem miða að því að brjóta upp kynskiptan vinnumarkað ættu að vera hluti af langtímastrafu ríkisins. Landsbyggðirnar eru mjög karllæg svæði og normin og gildi samfélaga og starfsemi í landsbyggðunum sem meira hefur verið tengd við karlmenn,

Lánsúmsóknir eftir atvinnugreinum



Skipting umsækjenda eftir kynjum



svo sem í frumatvinnugreinunum sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, eru mjög ráðandi.

Flestar umsóknir um lán hjá Bygðastofnun berast frá fyrirtækjum sem starfa í grunnatvinnugreinum en aukning hefur verið á umsóknum tengdum ferðaþjónustu þar sem algengara er að bæði kynin eigi og/eða reki fyrirtækið. Það er umhugsunarvert af hverju svo fáar konur sækja um og eitthvað sem þarf að skoða nánar. Á það hefur verið bent að í gegnum tíðina hafa karlar verið í miklum meirihluta þeirra sem hafa mótað byggðastefnu

hér á landi og að í öllu kerfinu sé ríkjandi mikil kynblindu. Mikið er rætt um að það vanti ungt fólk á svæðin en þegar nánar er skoðað eru það í meira mæli ungar konur sem á hallar. Í dreifðum byggðum sem eiga undir högg að sækja þarf að hafa jafnrétti kynjanna í huga og það þarf að vera mikilvægur þáttur í stefnumótun í byggðapróun. Þessi vinna er langhlaup og skyndilausnir eru aldrei sjálfbærar!

Elín Gróa Karlsdóttir
Forstöðumaður fyrirtækisviðs hjá Bygðastofnun.

Allir lesa
Bændablaðið





Góðar vinnsluvörur verða tæpast framleiddar nema úr fyrsta flokks ull. Því stefnir í að skortur á góðri ull takmarki framleiðslugetu Ístex.
Mynd / Jón Eiríksson

Aukin ullargæði forsenda aukinnar verðmætasköpunar úr íslenskri ull

Framleiðsla og vinnsla íslenskrar ullar hefur lengi verið samstarfsverkefni bænda og Ístex, sem er að hluta í eigu bænda. Stjórnvöld hafa einnig lagt verkefninu lið með ullarstuðningi í búvörusamningum sauðfjár.

Á síðustu árum hefur sala á vinnsluvörum Ístex aukist jafnt og þétt. Bæði hefur innanlandsmarkaður verið í stöðugum vexti og sala á vörum frá Ístex aukist víða erlendis.

Góðar vinnsluvörur verða tæpast framleiddar nema úr fyrsta flokks ull. Því stefnir í að skortur á góðri ull takmarki framleiðslugetu Ístex.

Auk lamsullar er góð hvít haustull (H 1. H) besta vinnsluefnið. Afhendi bændur meira magn af þeirri ull mun það skila bændum, Ístex og þjóðarþúinu ábata.

Því er skorað á bændur að horfa til þessa við haustmeðferð fjárins. Nefna má eftirfarandi:

Þurfi að hýsa fé áður en það er rúið er mikilvægt að hús séu þurr og vel loftræst. Það er því betra að frost sé í húsum en að raki í lofti og og á veggjum geri ullina blakka.

Það auðveldar ullarmat við rúning mjög að forflokka fé eftir litum og mögulega grófleika. Sé kind ekki mislit eða áberandi gul í hnakka og á fótum og togið hvorki sitt né gróft má ætla að meginhluti reyfis sé fyrsta flokks. Úr þeim reyfum er jafnan nóg að taka hnakkauull, kviðull (sé kviður rúinn) og grófustu ullina af lærum og aftast af síðum frá, hitt er góð vinnsluull og á heima í fyrsta flokki. Kastí rúningsmaður hnakkauullinn frá og bóndi auðveldar

sér að taka grófu ullina frá, jafnvel með hjálp heykvislar, ætti hann að geta flokkað og sekkjað ull frá tveim rúningsmönnum um leið og rúið er.

Skili vel undirbúin flokkun meira magni í fyrsta flokk hefur bóndi af því verulegan fjárhagslegan ábata því verðmunur á H 1. og H 2. verður á komandi hausti væntanlega 176 kr. á hvert hreint kg. Það skilar nálægt 260 kr á meðalreyfi, þótt hnakkauull og grófasta togið sé tekið frá. Góð meðferð og nákvæm flokkun haustullar getur því skilað tugum þúsunda króna í ábata á stærri fjárbúum.

Hér er því sóknarfæri sem við hjótum að nýta.

Ari Teitsson,
stjórnarformaður Ístex



Fyrirkomulag ullarviðskipta frá 1. nóvember 2013

Í haust verður gerð breyting á fyrirkomulagi ullarviðskipta frá því sem verið hefur.

Ullarskráning:

Eftir að ullin hefur verið flokkuð, pökkuð og vegin þurfa ullarinnleggjendur að skrá flokkun á svokölluðu Bændatorgi á vefslóðinni <http://torg.bondi.is> þar sem ullarmatskráning verður aðgengileg undir liðnum „Umsóknir/Eyðublöð“ í valmynd. Að skráningu lokinni þarf að prenta út skráningarseðil gjarnan í tvíriti og skal annað eintakið afhent flutningsaðila.

Ef ekki eru tók á að skrá ullina á netinu skal skrá á blað upplýsingar um flokkun, magn í flokka og pokafjölda og heildarþunga. Þar skal jafnframt koma fram hvort og þá hvenær ullin hafi verið skráð gegnum síma. Blað með ofangreindum upplýsingum skal fylgja þeim sendingum sem ekki

fylgir útprentaður skráningarseðill. Sama vinnulag gildir þótt ull sé afhent beint í þvottastöð. Skrá verður kenntölu, ullarflokk og þyngd pokans á hvern poka.

Ullarflutningur:

Gerður verður samningur við flutningsaðila sem safna ull á ákveðnum landssvæðum. Flutningsaðilar taka við skráningarseðli eða skráningarblaði hjá innleggjanda og staðfesta að pokaföldi sé réttur og að fylgt hafi verið ofangreindu verklagi. Þeir afhenda síðan seðlana ásamt flutningsskilagrein um leið og ullin er affermd á Blönduósi. Eftirlit með flutningum og því að fylgt sé ofangreindum reglum við móttöku og flutning ullar verður í höndum yfirmanns á Blönduósi.

Ullaruppgjör:

Eftir að flokkun hefur verið staðfest eða leiðrétt er skráning uppfærð á

Bændatorgi. Starfsmenn á Blönduósi þurfa að skrifa athugasemdir á nótur ef breyting er gerð á skráningu innleggjenda. Eftir að nótan hefur verið uppfærð er ekki hægt að gera neinar breytingar á henni. Í lok hvers skráningartímabils er uppfærðum matsnótum breytt í afreikninga sem koma til greiðslu á fyrir fram ákveðinni dagsetningu.

Ístex skilar í lok hvers skráningartímabils skilagrein til Bændasamtaka um skráða ull og og staðfestu uppgjöri ullarflokkunar hvers framleiðanda þegar þvotti er lokið.

Skráningartímabil verði frá 1. nóvember til 31. janúar – með gjalddaga 30. maí og síðan 1. febrúar til 30. júní með gjalddaga 30. ágúst. Gjalddagar á beingreiðslum eru ákveðnir af Bændasamtökum Íslands

Útprentun afreikninga og greiðslur Ístex til ullarframleiðenda verða í höndum gjaldkera Ístex í Mosfellsbæ.

Landsbyggðafólk á leiðinni til og frá útlöndum



B&B Guesthouse, Hringbraut 92,
Bed & Breakfast í hjarta Keflavíkur
Sími: 867- 4434 / 421-8989

Býður gistingu m/morgunverði á frábæru verði.
Við geymum bílinn, keyrum ykkur í flug og
afhendum bílinn á flugstöð við heimkomu
- allt þetta án aukagjalds.

www.bbguesthouse.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Málþing

Kaupfélag Þingeyinga boðar til málþings um framtíð samvinnustarfs á Íslandi, og hvaða tækifæri geta falist í því rekstrarformi á ýmsum sviðum okkar samfélags. Málþingið verður haldið í Safnahúsinu á Húsavík laugardaginn 16. nóvember og hefst kl. 14:00.

Samvinnustarf á Íslandi á 21 öldinni

Dagskrá:

- Skúli Skúlason stj.f. Samkaupa: Horft út í heim. Og stefnu-mótun KSK.
- Jón Sigurðsson fyrrv. ráðherra: Félagsskipan- stjórn-skipan- fjárhagsskipan samvinnufélaga
- Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra: Áform stjórnvalda og möguleg tækifæri við að nýta samvinnuformið til uppbyggingar.
- Kaffihlé.
- Magnús Sveinn Helgason sagnfræðingur: Samvinnu-hreyfingin og neytendur.
- Gunnar Gunnarsson stjórnarm. KHB: KHB í hundrað ár og hvað svo.
- Umræður

Aðalfundur Æðarræktarfélag Íslands

Æðarræktarfélag Íslands mun halda Aðalfund 2013 laugardaginn 9. Nóvember næstkomandi. Fundurinn verður haldinn í Kötlu, 2. hæð, Radisson SAS blu – Hótel Sögu. Fundurinn hefst kl. 11:00 og ráðgert er að hann standi til kl. 16:00.

Líkt og síðustu ár verða fengnir utan-aðkomandi aðilar með erindi bæði til gagns og gamans fyrir félagsmenn.



Stjórn ÆÍ vill koma því á framfæri við félagsmenn sem eiga eftir að greiða árgjaldið að þeir gangi frá því en greiðslubeiðni liggur í heimabanka þeirra. Ekki verður tekið við greiðslu félagsgjalda á fundinum eftir að hann hefst en gjaldkeri verður mættur hálf tíma fyrir fund ef einhverjir vilja greiða gjaldið á staðnum.

Dagskrá fundarins

Kl. 11:00-12:30

Fundarsetning. Tilnefning fundar-stjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar; Guðrún Gauksdóttir.

Skýrsla hlunnindaráðgjafa; Sigríður Ólafsdóttir.

Reikningar félagsins; Guðni Þór Ólafsson.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Ávörp gesta.

Kl. 12:30 - 13.00

Léttur hádegisverður

Kl. 13:00-16:00

Fræðsluerindi m.a. frá sendiráðinu í Japan

Fréttir og tillögur frá deildum

Sölu- og markaðsmál

Kosningar

Tillögur

Önnur mál

Kl. 16:00

Fundarslit og kaffiveitingar



Fróðleiksbásinn

Vilmundur Hansen garðyrkjufraeðingur



Fróðleiksfúsi furðufuglinn

Sérvitringurinn, safnarinn og fræðimaðurinn Charles Hoy Fort helgaði ævi sína því að safna upplýsingum um furðuleg fyrirbæri. Hann sat í mörg ár á bókasöfnum, fletti blöðum og tímaritum og skráði niður frásagnir. Hann safnaði sögum af fiskum og froskum sem rigndi af himnum, draugagangi, blæðandi Mariustyttum og öðru sem hann taldi merkilegt.

Fort fæddist í Bandaríkjunum árið 1874. Hann var sonur hollenskra innflytjenda sem ráku litla en arðbæra heildverslun með grænmeti í New York. Fort var elstur þriggja bræðra. Faðir hans var oft óþarflega strangur við drenginn og hikaði ekki við að hýða hann með hundaól ef honum þurfa þótti. Móðir hans lést nokkrum árum eftir að hann fæddist og faðir hans kvæntist að nýju þegar Fort var á unglingsárunum.

Líktist sóðalegum rostungi

Fort kunnir aldrei við sig í grænmetinu og flutti að heiman átján ára. Hann flakkaði um Bandaríkin og England um tíma til að safna í reynslubankann eins og hann orðaði það. Tuttugu og tveggja ára hélt hann til Suður-Afríku en sýktist af malaríu og flutti til New York þar sem hann kynntist Önnu Filan, sem starfaði sem þjónustustúlka á heimili föður hans. Anna og Fort urðu ástfangin og giftu sig eftir stutt kynni.

Fort var lág- og þykkvaxinn og líktist einna helst rostungi með mikið yfirvaraskegg. Hann var með þykka fingur og notaði flöskubotnaþykk gleraugu. Fort hafði djúpa rödd, hló hátt og þótti hirðulaus um útlitið og jafnvel sóðalegur. Talið er að barsmíðar föður hans hafi gert drenginn upp-reisnargjarnan og andsnúinn valdi.

Einrænn, þunglyndur og vinafár

Ungu hjónin hófu búskap í mikilli fátækt og leigðu íbúð í Bronx-hverfinu. Fort tók að sér alls



Charles Fort djúpt sokkinn í hugsanir sínar um furður heimsins.

kyns störf milli þess sem hann seldi greinar í blöð. Búskapurinn gekk illa og á tímabili urðu þau að brenna húsgögn til að kynda íbúðina.

Charles og Anna voru ólík að upplagi, hann var einrænn og vinafár, hann átti einn vin, en hún var hrókur alls fagnaðar og vinmörg. Sagan segir að Anna hafi dregið Fort með sér á mannamót og að án hennar hefði hann að öllum líkindum lokað sig algerlega frá umheiminum. Árið 1916 snerist gæfan þeim í hag þegar faðir Fort lést og þau hlutu arf.

Premur árum síðar sannfærði eini vinur Forts, rithöfundurinn Theodor Dreiser, útgefanda sinn um að gefa út bók eftir Fort. Bókin þótti vissulega merkileg en erfið aflestrar, ruglingsleg og illa hugsuð. Gagnrýndur stimpluðu höfundinn sem rugludall og fjandmann vísinda og framfara. Viðbrögðin við bókinni höfðu gríðarleg áhrif á Fort. Hann lagðist í þunglyndi og brenndi marga tugi þúsunda minnismiða, nokkuð sem hann átti eftir að gera aftur seinna á ævinni. Sagan segir að hann hafi skrifað tíu skáldsögur en brennt handritin að níu þeirra.

Nokkrum árum seinna kom út önnur bók eftir Fort og hjónin fluttu til London, heimaborgar Önnu. Hann eyddi næstu átta árum yfir bókum á British Museum og safnaði gríðarlegu magni af



Í einni fréttinni sem Fort skráði er sagt frá stúlku sem tókst á loft og flaug út í garð.

sögum um furðuleg fyrirbæri og rómantíska náttúrufræði.

Margar spurningar en fátt um svör

Eftir að Fort fékk arfinn gat hann helgað sig áhugamáli sínu án þess að hafa fjárhagsáhyggjur og við tóku nokkur afkastamikil ár. Það er erfið að gera sér grein fyrir allri vinnunni sem liggur að baki starfi hans. Fort starfaði fyrir tíma netsins og ljósritunarvélarinnar og varð því að fletta þúsundum blaða og handskrifa upp allar fréttirnar sem hann skráði. Hann flokkaði uppskriftirnar síðan nákvæmlega í kassa og geymdi heima hjá sér. Að lokum raðaði hann miðunum saman í bók og skaut athugasemdum inn á milli, lesendum til glöggvunar.

Ástæða þess að Fort var álitinn andstæðingur vísinda var sú að í bókum sínum lagði hann oft og tíðum spurningar fyrir vísindamenn. Spurningar sem þeir áttu erfið með að svara og reyndu

eftir megni að sniðganga að hans mati.

Ein spurningin var til dæmis af hverju það rigndi stundum froskum en aldrei halakörtum. Fort vissi að vísindamenn höfðu enga skýringu á þessu og gátu því ekki svarað spurningunni. Þegar hann fékk engin svör svaraði hann sjálfur með þeim hætti að í háloftunum væri stórt þanghaf með eyju og að íbúar hennar skemmtu sér við að henda froskum niður til manna. Að hans mati var það alveg jafn góð skýring og hver önnur.

Furðufréttirnar sem Fort safnaði voru bæði margar og fjölbreytilegar. Þær fjölluðu meðal annars um menn sem lyftust upp af jörðinni og flugu, undarleg ljós á himnum, stjörnufræði, rafmagn og galdrar þess. Hann skráði fjöldann allan af bábiljum, sögur af fljúgandi furðuhlutum, hugsanaflutningi, álfum, skarkárum og frásagnir af torkennilegum hlutum sem falla af himni og sögur umskrímsli, svo fátt eitt sé nefnt.

Bækur hans eru sem sagt samansafn af furðulegum sögum um furðuleg fyrirbæri.

Náttúruleg fyrirbæri að mati Fort

Fort hafði í sjálfu sér engan áhuga á því sem í dag er kallað yfirnáttúruleg fyrirbæri eða dulsálarfræði. Hann taldi að öll fyrirbærin væru náttúruleg og að þau ætti að skýra. Eitthvað sem fleiri mættu hafa í huga þegar rætt er um náttúrufræði sem ekki hefur fundist skýring á.

Hann var óvæginn í gagnrýni sinni á svokallaða vísindamenn eins og Fort kallaði marga menntaða samtímamenn sína. Fort taldi þá sniðganga allt sem þeir gætu ekki skýrt út frá eigin reynslu og ekki hafa hugmyndaflug til að líta á heiminn nema frá einu sjónarhorni, múlbundna af þröngsýni og fordómum. Sjálfur sagðist hann trúna öllu og engu, allt væri breytingum háð og ekkert væri eins og það sýndist.

Stúlkan sem flaug út í garð

Fort safnaði ótrúlegum fjölda furðusagna enda sat hann á bókasöfnum í New York og London í tuttugu og sjö ár og leitaði fanga. Hann hefur eftir dagblaðinu New York World 25. mars 1883 að stúlka nokkur í Greenville hafi nokkrum sinnum lyftst upp af stofugólfinu heima hjá sér og flogið út í garð. Um svipað leyti greinir tímaritið Cosmos frá því að mikið af fiskum hafi fallið af himni í Norfolk í Virginíuríki.

Talandi hundur sem leystist upp

Samkvæmt Fort er grein í Nature frá 1880 sem segir að hópur fólks í Þýskalandi hafi séð upplýstar verur svífa á himninum. Fort trúði því staðfastlega að verur frá öðrum heimum heimsæktu jörðina. Hann hefur eftir Scientific American að í júlí 1882 hafi fjöldi manns í Líbanon séð einkennilegan hlut á himni. Þegar hluturinn hvarf komu tvö þríhyrningslaga loftför í staðinn og flugu lágt yfir jörðinni.

Ein furðulegasta sagan í safni hans segir frá hundi sem talaði mannamál en leystist síðan upp í grænan reyk. Fort gerir enga athugasemd við að hundurinn skuli tala en hann setur spurningarmerki við að hann hafi leyst upp í grænum reyk.

Gagnrýndur segja Fort hafa verið bjánalega trúgjarnan og sjaldnast dregið sannleiksgildi sagnanna sem hann safnaði í efa og lagt sig fram um að koma slæmu orði á vísindi og notið þess að niðurlægja vísindamenn sem hann kallaði hina nýju prestastétt.

Lést úr torkennilegum sjúkdóm

Fort gaf út fimm bækur yfir ævina. Fjórar um furður veraldar og rómantíska náttúrufræði auk einnar skáldsögu, Book of the Dammed (1919), New Lands (1923), Lo (1931), Wild Tallets (1932) og The Outcast Manufacturers. Einnig liggja eftir hann ævisögubrot sem heita Many Parts.

Herra og frú Fort fluttu aftur til New York 1929. Premur árum seinna dofnaði sjón hans skyndilega og í maí 1932 var hann fluttur á spítala með torkennilegan sjúkdóm. Hann lést nokkrum klukkustundum síðar og Anna fimm árum síðar.



Gestir úr geimnum heimsækja jörðina.



Bændadagar í borginni

Bændasamtök Íslands bjóða bændum í heimsókn í Bændahöllina dagana **15.** og **29.** nóvember.

Það verður fróðleg dagskrá á skrifstofum BÍ og starfsemin kynnt gestum á milli kl. 14.00 og 17.00. Í tengslum við opna húsið mun Hótel Saga bjóða bændum sértíloboð á gistingu og jólahlaðborði.

Borgarleikhúsið býður auk þess veglegan afslátt á aðgöngumiðum á leiksýninguna Mýs og menn.

Þetta er kjörið tækifæri til að bregða sér í bæinn yfir helgi, njóta lífsins og fræðast um starfsemina í Bændahöllinni.

Dagskrá á skrifstofum BÍ,
kl. 14.00-17.00

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, býður bændur velkomna og ræðir um starfið framundan.

Kynning á starfsemi Bændasamtakanna, helstu verkefnum og því sem er efst á baugi. Hvað vilja bændur að hagsmunasamtökin þeirra taki sér fyrir hendir í framtíðinni?

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur heldur stuttan fyrirlestur um starfsánægju, fjölskyldulíf og lífsgæði.

Léttar veitingar og skemmtun.



Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið býður bændum 20% afslátt á aðgöngumiðum á Mýs og menn dagana 16. og 17. nóv. og 30. nóv. og 1. des. Miðapantanir í síma **568-8000**.



Bændur fá sértíloboð á mat, drykkjum og gistingu á Hótel Sögu. Nánari upplýsingar um verð og hvað felst í tilboðunum er að finna á **bondi.is**

Nauðsynlegt er að skrá sig til leiks með a.m.k. tveggja daga fyrirvara á „Bændadaga í borginni“ með því að hafa samband í síma **525-9921** eða senda tölvupóst á **hotelsaga@hotelsaga.is**

Hlökkum til að sjá ykkur!



Utan úr heimi

Stórrekstur í landbúnaði: Skilar ekki auknum afrakstri í ESB

Stækkun bóa í landbúnaði í löndum ESB er ekki að skila sér í aukinni arðsemi af hverjum hektara ræktunarlands. Í Danmörku hefur orðið bylting í landbúnaði á undanföllum þremur áratugum. Árið 2011 var meðalkúabú með 139 kýr en tekjur af búrekstrinum hafa hins vegar ekki aukist að sama skapi.

Sænska búnaðarblaðið ATL hefur notað talnagögn frá Hagstofu ESB, Eurostat, til að bera saman tekjur af hektara ræktunarlands í löndum ESB, 27 að tölu. Niðurstöður þeirra sýna að Danmörk er með fjórðu lágstu tekjurnar af hektara af öllum aðildarlöndum sambandsins. Flest lönd í norðanverðri Evrópu eru einnig meðal hinna tekjulægstu, þar á meðal eru Svíþjóð, Eistland, Lettland og Litháen, ásamt Tékklandi og Slóvakíu.

Aberandi er að þar sem bújarðirnar eru stærstar er hagkvæminn minnst, segir Christian Anton Smedshaug, framkvæmdastjóri AgroAnalyse, en stærstu kúabú í Evrópu er að finna í Tékklandi. Þar eru viðskiptavinir kúabænda, þ.e. mjólkursamlögin, fá en stór.

Stjórnarflokkarnir í Noregi, Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn, segja í stjórnsáttmála sínum að þeir vilji auka samkeppni í matvælaíðnaði í Noregi.

Of miklar skuldir

Samkvæmt stjórnsáttmála nýju stjórnarinnar skal stefnt að því að afnema framleiðslukvóta í landbúnaði og lækka opinbera styrki til greinarinnar, draga úr framleiðslukostnaði og auka möguleika bænda á að afla sér tekna. En eins og áður sagði hefur aukin bústærð og aukin framleiðsla á dönskum kúabúum orðið kúabændum þar dýrkeypt.

Meðalskuld danskra kúabúa voru 21,7 milljón danskra króna árið 2011. Í fyrra jukust þessar skuldir enn þrátt fyrir auknar tekjur. Það bendir til þess að dönskum kúabændum, sem ráða ekki við skuldir sínar, fari fjölgandi, segir Christian Anton Smedshaug.

Kúabú hafa einnig stækkað í Svíþjóð og árið 2010 var meðalkúabú með 62 kýr. Heildar verðmætasköpun á býli í sænskum landbúnaði hefur aukist. Meðaltekjur á býli hafa hins vegar lækkað þar, þar sem gjöldin hafa aukist samhlíða, segir Lars-Erik Lundkvist hjá Fréttastofunni ATL.

Malta gnæfir himinhátt yfir önnur lönd ESB í tekjum bænda. Þarnæst kemur Kýpur. Þessi lönd framleiða einkum vín og grænmeti, sem skilar góðum hagnaði á hektara, segir Christian Anton Smedshaug.

/Þýtt og endursagt ME

Jörðin er lengi að hlýna

Árið 1998 var óvenjulega hlýtt á jörðinni. Flest ár eftir það hefur hitastigið verið jafnhátt eða hærra en nokkru sinni frá því að þessar mælingar hófust um og upp úr 1850. Hitinn hefur þó ekki hækkað allra síðustu árin.

Veðurstofan í Noregi og Bjerknessentret, miðstöð veðurfarsrannsókna þar í landi, hafa útskýrt það þannig að þekkt er, út frá hita-mælingum og öðrum athugunum, að hækkan hitastigs á jörðinni gerist ekki jafnt og þétt heldur er hún verulega breytileg milli ára. Aðaláhrifavaldurinn í þeim efnun er stór eldgos, sem valda kólnun lofthjúpsins í 1–2 ár eftir gos, og sólblettir sem breyta hitastigi á jörðinni og sveiflast á ellefu ára bili.



Með sjö þúsund kýr!

– heimsókn í Al Rawabi Dairy í furstadæminu Dubai, eitt stærsta kúabú heims

Kýr eru ekki það sem flestir tengja við Dubai en eitt stærsta kúabú heims er einmitt í furstadæminu, einungis um 15 km frá miðbænum! Al Rawabi Dairy, eins og fyrirtækið heitir sem á kúabúð og einnig afurðastöð með sama nafni, var stofnað fyrir 23 árum er keyptar voru 500 svartskjöldóttar Holsteinkvígur frá Hollandi. Kvígumum var komið fyrir í fjósi rétt við eitt af vatnsbólum furstadæmisins. Þá var langt í næstu byggingar en í dag hefur verulega þrengt að starfsemi, sem þó er hvergi á förum.

Bústjórnin er dýralæknir

Frá árinu 2010 hefur dýralæknirinn Rami Hamad stýrt búinu en auk þess sér hann um þá 180 starfsmenn sem á búinu eru en um allt það sem snýr að afurðavinnslu sér hann ekki um. Þegar hann var ráðinn til búins var hann starfandi á enn stærra kúabú í Sádi-Arabíu svo hann þekkti afar vel til bústjórnar á stórbú, sem er vissulega allt önnur en á minni búum. Kýrnar voru afurðalítlar, byggingar lélegar og margt annað í hálfgerðum ólestri. Hafist var handa við að gjörbreyta rekstrinum og í dag er búð eitt af best reknu búunum í Mið-Austurlöndum.

Keypti þrjú þúsund kvígur

Síðustu þrjú ár hefur kúnum fjölgað úr þrjú þúsund í sjö þúsund sem þó hefur ekki gerst með eigin ræktun nema að hluta til. Samhlíða byggingu nýrra fjósa hafa verið keyptar inn nokkuð jafnt og þétt kvígur bæði frá Hollandi og Þýskalandi en heildarfjöldinn er nú kominn í 2.500 dýr. Um gríðarlegan kostnað er að ræða í grunnfjárfestingu kynbótagripanna enda kostaði hver kvíga 1.500 evrur sem svarar til um 245 þúsund króna. Við það innkaupsverð bætist svo flutningskostnaður upp á 1.200 evrur eða um 200 þúsund krónur en kvígumum var flogið frá Amsterdam til Dubai. Heildar fjárfestingakostnaðurinn við kvígukaupin ein og sér nema því um 1.100 milljónum króna. Við það bætist svo endurnýjun og nýbyggingar á fjósum með meiru svo ljóst er að heildar fjárfestingin í mjólkurframleiðslunni nemur verulegum upphæðum. Í dag eru á búinu 11 þúsund nautgripir, þar af fjögur þúsund geldneyti.



Mjaltabásarnir eru engin smásmíði en alls er hægt að mjólka 210 kýr í einu.

Myndir / SS



Hér er Rami sjálfur í kálfjósinu.



Hér sést vinnumaður gegnbleyta kálfana svo þeir ofhitni ekki.

Fjós með sandi

Kúabúð er byggt upp af 34 fjósbyggingum sem allar eru

samtengdar með steypum og yfirbyggðum gönguleiðum sem liggja að mjaltastöðinni sem stendur mitt á milli bygginganna. Hvert fjós

tekur 320 mjólkurkýr sem er jafnt skipt sitt hvoru megin við miðstæðan fôðurgang. Við fôðurganginn er steyp stétt en legusvæði kúnna er einskonar sandkassi, þ.e. stórt sameiginlegt svæði sem þakið er þykku lagi af sandi. Þrisvar á dag, þegar kýrnar eru í mjóltum, er sandurinn rakaður með dráttarvél og skiturinn hreinsaður upp. Fjós þessi eru afar opin en í hliðum þeirra eru hangandi segldúkar sem kýrnar geta ýtt til hliðar og farið að vild út í útigerði sem er við öll fjósin.

Kæld fjós

Áður en Rami kom á búð var ekki kæling til staðar nema fyrir 10% af kúnum og þá einungis þeim hámjólka. Það þýddi að margar kýr fengu hitastreitu þegar heitast var í veðri á sumrin og féll dagleg framleiðsla um allt að 40%. Eftir gagngerar breytingar á fjósunum eru þau nú öll með kælikerfum sem hafa gjörbreytt umhverfi kúnna. Í hverri byggingu eru 24 stórar víftur sem blása beint niður á legusvæði kúnna. Vífturnar taka inn útiloftið um sérstakar túður sem eru alsettar örmáum úðastútum sem sprauta vatni á loftið, mismikið eftir hitastiginu utan við hvert fjós, og kæla loftið þannig. Þá er lofthæðin í fjósunum óvenju lág, ekki nema 3,7 metrar, en tilgangurinn er að minnka rúmmál þess lofts sem þarf að halda köldu á hverjum tíma. Óhætt er að segja að þessi aðferð virki vel enda

nær innloftið í fjósum að halda undir 25 gráðum þrátt fyrir úthitastig sem getur farið í 50 gráður þegar verst lætur.

30 burðir á dag

Geldkúr og kelfdar kvígur eru hafðar í sér fjósum og er eitt þeirra einungis fyrir gripi sem eru komnir að burði. Þar er fólk að störfum allan sólarhringinn enda bera að jafnaði um 30 kúr í hópstíum svo nóg er að gera við að sjá um burði kúnna, merkja kálfa og stía þá af með mæðrum sínum fyrsta sólarhringinn en eftir það eru þeir fluttir í kálfafjós. Kýrnar eru hins vegar fluttar í sér fjós sem eingöngu er fyrir nýbærur fyrstu vikuna eftir burð, en svo eru þær fluttar til hinna kúnna sé heilsan í lagi.

Óeinangrað kálfafjós

Síðustu þrjú ár hafa nánast allar byggingar búans verið endurnýjaðar nema kálfafjós. Það stendur við brekkubrún ofan við framleiðslufjós búans og er hrölegst stálgrindahús með segldúksþaki sem ver kálfana gegn sterkum geislum sólarinnar en dúkurinn gerir lítið til þess að halda hitanum frá. Hin endurnýjuðu fjós eru öll með þykka einangrun í þaki til þess að halda kuldanum inni og hitanum úti og hefjast brátt framkvæmdir við áþekka byggingu fyrir smákálfana. Þar sem fjósið er óeinangrað er veruleg hættu á því að smákálfarnir verði veikir af völdum of mikils umhverfishita og því eru þeir gegnbleyttir oft á dag með garðslöngu!

Í kálfafjósinu eru nautkálfarnir í tvær vikur en þá eru þeir seldir til bænda í kjótframleiðslu. Kvígurnar eru þarna í átta vikur á mjólk en eru svo sendar á sk. kvíguhótel þar sem þær eru aldar fram að burði er þær koma aftur inn á bú. Þær eru komu aftur inn á bú. Þær eru komu aftur inn á bú.

Kýrnar vökváðar oft á dag

Í rauninni var það ekki flókið mál að halda kúnnum í svölu umhverfi bæði í fjósum eða í mjaltabásnum en eftir að það tókst, kom upp annað vandamál sem þurfti að takast á við. Í ljós kom að kýrnar fengu hitastreitu þegar þær gengu eftir hinum löngu gangstígum á milli fjóss og mjaltabáss. Í byrjun þessa árs datt Rami í hug að setja upp hreyfiskynjara og vökvunarkerfi í þak gangstíganna sem fór svo í gang þegar kýrnar komu röltandi eftir stéttinni. Þessi aðferð gjörbreytti ástandinu og nú hafa verið sett upp 20 vökvunarkerfi á mismunandi stöðum á gangstígum kúnna. Kúr sem fara um lengstan veg frá fjósi til mjaltabáss, geta því verið vökváðar mörgum sinnum á hverri leið og með því er tryggt að þeim líður vel þrátt fyrir mikinn úthita.

10.000 rúmmetrar vatns á dag

Eins og áður segir var staðsetning búans valin vegna nálægðar við gott vatnsból enda ekki vanþörf á þar sem mikið vatn þarf til kælingar gripanna, þrifa og auðvitað til þess að sinna vatnsþörf þeirra. Meðalnotkun búans á dag er um 10 þúsund tonn af vatni en þegar verulega heitt er í veðri eykst vatnsþörfin mikið. Í sumar, gekk hitabylgja yfir Dubai um miðjan júlí er hitastigið fór upp í 53 gráður einn daginn. Þá var vatnsþörfin slík að vatnið gekk til þurrðar sem leiddi til þess að ekki var til nægt vatn til kælingar í tvo daga. Það hafði nánast um leið þau áhrif að hin daglega framleiðsla féll um 12 tonn og það tók kýrnar rúman hálfan mánuð að ná sér á ný. Eftir að þetta gerðist var sett upp sérstakur búnaður sem endurnýtir vökvunarvatnið til þess að tryggja að alltaf sé til nóg vatn til kælingar.

210 kúr mjólkaðar í einu

Svo unnt sé að mjólka sjö þúsund



Svona var umhofs utan við mjólkurhúsið.



Hér er Rami sjálfur í kálfafjósinu.



Kýrnar eru kældar niður í fjósinu með öflugum víftum sem blása niður vatnskældu lofti.

kúr þrisvar á dag þarf afkastamikil mjaltatæki. Mjaltabásarnir eru þrjú og tengjast þeir allir saman með miðlægu þjónustuhúsi. Byggingarnar mynda einskonar T með mjaltabás fyrir 90 kúr í miðjunni og til hvorrar handar er svo sitt hvor básinn með 60 mjaltatækjum í hvorum. Mjaltarnar standa yfir í sjö klukkustundir í einu en svo er gert hlé á vinnunni í eina klukkustund á meðan kerfisþvottur er settur í gang, gólf og innréttingar eru þvegnar og viðhaldið sinnt sé þörf á því. Svo hefur næsta vakt vinnu við mjaltir og svo koll af kolli en á hverjum tíma sinna 12 manns mjóltum.

200 þúsund lítrar á dag

Árið 2012 var dagleg framleiðsla kúabúsins 120 þúsund lítrar, innvegið í afurðastöð, en í apríl síðastliðnum var hún komin í 170 þúsund lítra, bæði vegna hækkanandi meðalaldurs kúa í fjósum og vökvunarkerfisins. Markmið búans er að fara í 200 þúsund lítra á dag í árslok eða sem svarar til 73 milljón lítra framleiðslu á ári. Meðalnyt búans fyrr á þessu ári var rétt um 9 þúsund lítrar á árskúna en unnið er jafnt og þétt að því að ná meiru út úr hinum evrópsku kynbótargripum sem búið keypti. Markmið búans er að ná meðalnytinni upp í 13-14.000 lítra á árskúna innan fjögurra ára og þar með hinna árlegu framleiðslu í hart nær 100 milljónir lítra mjólkur.

Beint í afurðastöðina

Frá mjaltabásunum þremur fer mjólkinn í annan af tveimur 75 þúsund lítra sílötönkum búans. Afurðastöð Al Rawabi stendur við hlið mjólkurhússins en þó er mjólkinni ekið á milli! Skýringin felst í leyfisveitingum búans en þar er frumframleiðslan skilin frá vinnslunni. Í afurðastöðinni eru svo unnar margskonar mjólkurafurðir en stærsti hluti mjólkurinnar er seldur sem hefðbundin drykkjarmjólk, smjör eða ostur. Auk þess eru framleiddar margs konar aðrar mjólkurafurðir sem þykja væntanlega nokkuð óvenjulegar hér á landi s.s. sigtað jógúrt sem kallast labneh en það minnir á sk. grískt jógúrt. Þá er

einnig framleidd bragðbætt mjólk með margs konar bragðtegundum sem væntanlega þykja óvenjulegar hér á landi, s.s. með dödlubragði.

Kaup á allt fóður

Þegar kýrnar eru mjólkaðar er heilfóður keyrt út á föðurganginn á meðan. Í Dubai er útilokað að rækta gras án mikils vökvunarbúnaðar og tilkostnaðar bæði vegna hita og úrkomuleysis. Eigin gröffóðurframleiðsla er því ekki inn í myndinni og því er allt gröffóður aðkeypt frá nágrannalöndunum en einnig frá löndum lengra að m.a. Bandaríkjunum.

Eru að byggja annað kúabú

Fyrirtækið Al Rawabi hefur gengið afar vel upp á síðkasti en afurðirnar eru seldar innan Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Óman og í Katar. Svo vel hefur gengið að markaðshlutdeild þess er nú meiri en 30% og nánast stöðug eftirspurn eftir mjólkurvörum hefur gert það að verkum að nú eru hafnar framkvæmdir við nýtt kúabú. Það verður staðsett í Liwa í Abu Dhabi og í fyrsta áfanga þess búas hefur stefnan verið sett á sex þúsund mjólkurkúr.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktardeild
Þekkingarseturs landbúnaðarins
í Danmörku

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Nú er sláturtíð að ljúka og tími til kominn hjá bændum að fara að huga að skilum á skýrsluhaldsgögnum. Mynd / HKr.

Skil haustbóka 2013

Senn er sláturtíð víðast hvar á enda og því rétt að sauðfjár-bændur hugi að því að skila inn skýrsluhaldsgögnum fyrir árið 2013. Þegar haustbækurnar voru sendar út síðla sumars fylgdi með þeim bréf varðandi vinnslu kynbótamats sem rétt er að minna á.

Þar kom fram að þeir sem myndu skila skýrsluhaldsgögnum tímanlega myndu fá uppfært kynbótamat í gulu vorbókunum sem svo verða sendar út. Kynbótamat fyrir kjótgæði verður uppfært núna í byrjun nóvember vegna vinnu við hrútaskrá næsta árs. Hjá þeim sem ekki verða búnir að staðfesta gögn frá sláturhúsum núna í haust verða göng úr óstaðfestum sláturskrám tekin með þar sem þau ganga upp miðað við vörskráningu.

Þá verður búið að uppfæra kynbótamat fyrir alla eiginleika nema mjólkurlagni á þessu ári. Til að reikna kynbótamat fyrir mjólkurlagni þarf

afurðauppgjör vegna ársins 2013 að vera lokið. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni verður keyrt í byrjun desember verði nægjanlegur fjöldi bænda búinn að skila afurðauppgjöri vegna ársins 2013 annars verður keyrsla kynbótamats látin biða þar til nægjanlegur fjöldi bænda hefur skilað uppgjöri.

Af þessum sökum verða engar vorbækur prentaðar fyrr en í byrjun desember þegar búið verður að uppfæra kynbótamat í gagnagrunni.

Líkt og boðið var upp á í voru verður veittur 25% afsláttur af skráningargjöld á haustbókum sem skilað verður inn fyrir 15. nóvember nk.

Allar nánari upplýsingar um skráningar fjárbóka hjá RML veitir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, ráðunautur í sauðfjarrækt. Netfang hans er eyjolfur@rml.is, sími 516-5013 og 862-0384.

Vélsleðar
Fjór hjól
Aukahlutir
Öryggisbúnaður



Fatnaður
Hjálmar
Sleðaskór
Og fl.



700 SUPER DUTY DIESEL
Traktors- og götuskráð
4x4, hátt og lágt drif með driflæsingu.
Vökvakúpling, spil og fl.
Verð kr. 2.372.000,- (1.890.000,- án VSK)



WILDCAT 1000
Götuskráður
4x4, hátt og lágt drif með driflæsingu.
Power-stýri, vökvakúpling og fl.
Verð kr. 4.750.000,- (3.785.000,- án VSK)



TRV 1000i GT
Traktors- og götuskráð
4x4, hátt og lágt drif með driflæsingu.
Power-stýri, vökvakúpling, spil og fl.
Verð kr. 2.995.000,- (2.386.000,- án VSK)



TRV 700i GT
Traktors- og götuskráð
4x4, hátt og lágt drif með driflæsingu.
Power-stýri, vökvakúpling, spil og fl.
Verð kr. 2.300.000,- (1.833.000,- án VSK)

ARCTIC SPORT

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 578-0820 - arcticsport.is

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Pétur Halldórsson

Ábyrgðarmaður
í nautgriparækt
hjá RML



Nautgriparæktarkerfið HUPPA er í stöðugri þróun

Huppa, afurða- og skýrsluhaldskerfi nautgriparæktarinnar, er í stöðugri þróun og unnið að mörgum hlutum til endurbóta þó allt af því komi ekki fyrir sjónir notenda. Margt konar vinnslur eru þess eðlis að verið er bæta vinnslu forritsins og fleira í þeim dúr. Þessi vinna er unnin í góðu samstarfi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Tölvudeildar Bændasamtaka Íslands.

Eitt af því sem bættist við nú fyrr í haust eru endurbætur á frjósemiskýrslu búans. Þar var bætt við flípa með samantekt eða lykiltölum fyrir frjósemi á viðkomandi búi. Þar koma fram rauntölur búans sl. 12 mánuði sem hægt er að bera saman við markmið sem eru útreiknaðir fastar miðaðir við að frjósemi sé í mjög góðu lagi. Þessi skýrsla á að geta hjálpað hverjum og einum við að greina stöðuna á sínu búi og leita ástæðna fyrir lakri frjósemi ef um það er að ræða.

Í frjósemiskýrslunni er gripunum skipt í þrjá hópa; kvígur, 1. kálfs kýr og eldri kýr. Fyrir hvern flokk eru svo birtar ákveðna lykiltölur eins og meðaltími frá burði að 1. sæðingu, fanghlutfall, sæðingar á kú/grip, bili milli sæðinga o.fl. Einnig kemur meðalaldur við 1. burð fram í skýrslunni sem og meðalaldur kvígna við 1. sæðingu.

Meðfylgjandi er skjámynd af frjósemiskýrslu á búi þar sem frjó-

Vísit	Kvíg 1. frjósemiskýrsla	Eldri kýr	Kvígur
Kvíg 1. frjósemiskýrsla	15	17	
Sæðingar kvíg %	60	100%	
Meðaltími frá burði til 1. sæð. dagar	26,3	24	
Fjósi kvígna eldri en 24 ára við burð	0	0	
Meðaltími frá burði til 1. sæð. dagar	66	60	
Fjósi kúa með meira en 78 daga frá burði til 1. sæð.	3	0	
Fjósi daga frá 1. sæð. til síðustu sæð.	15	10	
Fjósi sæðinga kúa	6		
Fjósi sæðinga kvígna	14		
Sæðingar á kú	1,8	1,4	
Fanghlutfall við 1. sæðinga	88	70%	
Bil milli 1. og 2. sæð. dagar	18	19	+/-2
Bil milli 2. og 3. sæð. dagar	19	19	+/-2
Hlutf. dauðfædda kálfa	0	0%	

mein hlýtur að teljast í mjög góðu lagi. Ef við lítum á nokkrar lykiltölur má sjá að 1. kálfs kýrnar á þessu búi bera að meðaltali 26,3 mánaða gamlar meðan að landsmeðaltal er nærri 29,5 mánuðum. Kvígurnar er einnig að meðaltali 14,8 mánaða við 1. sæðingu. Í skýrslunni má sjá að það líða að meðaltali 86 dagar frá burði til sæðingar hjá 1. kálfs kúnum en það sést líka að það eru

þrjár þessara kúa sem eru með meira en 78 daga frá burði að 1. sæðingu. Þessar kýr eru því að hækka meðaltalið og þær hafa að öllum líkindum legið niðri nokkuð lengi eftir burð eða að bóndinn hefur ákveðið seinka næsta burði hjá þeim af einhverjum ástæðum. Við sjáum líka að það er búið að sæða 60% 1. kálfs kúanna eftir burð, það hefur þurft 1,6 sæðingar á kú og fanghlutfall við

1. sæðingu er 86%. Eitt af því sem vekur alveg sérstaka athygli þarna er bili milli sæðinga en það er 19 dagar milli 1. og 2. sæðingar og 19 dagar milli 2. og 3. sæðingar. Það er visbending um að beiðslisgreining sé mjög góð og nákvæm og viðkomandi bóndi notar áreiðanlega tæki eins og gangmáladagtalíð til hjálpar.

Við skulum nú líta aðeins á frjósemi eldri kúanna. Það er búið að sæða 64% þeirra en markmiðið er 70%. Einhverjir kunna að spyrja af hverju markmiðið sé aðeins 70% og því er til að svara að endurnýjunarhlutfall kúastofnsins er yfir 30% og eðlilegt er að menn ætli ekki að halda öllum eldri kúum aftur. Auðvitað er best að þessi tala sé sem hæst, þ.e. að menn þurfi ekki að endurnýja mjög stóran hluta hjarðarinnar árlega. Við sjáum að það eru 9 kýr sem eru með meira en 78 daga frá burði til 1. sæðingar en hins vegar gengur vel að koma kálfi í kýrnar því það líða ekki nema 18 dagar frá 1. að síðustu sæðingu til jafnaðar. Þetta endurspeglast í fanghlutfallinu sem er 67% við 1. sæðingu og ekki þarf nema 1,6 sæðingar á kú. Ef við skoðum bili milli sæðinga þá sjáum við að bil milli 1. og 2. sæðingar er að jafnaði 29 dagar. Þarna hafa ein eða fleiri kýr legið niðri 1 gangmál og ástæðan gæti verið að þær hafi látið mjög snemma á meðgöngu. Til þess að greina hvaða gripri er um að ræða er hægt að fara í flípanum „Eldri

kýr“ og skoða tölur fyrir hvern og einn grip. Þannig má greina hjá hvað grip eða gripum vandamálið liggur.

Á þessu búi eru allar kvígur sæddar eins og sjá má og það er aðeins ein kvíga sem er eldri en 26 mánaða. Meðalaldur við 1. sæðingu er eins og áður sagði 14,8 mánuðir og það er engin kvíga eldri en tveggja ára við 1. sæðingu. Til þess að koma kálfi í kvígurnar hefur að jafnaði þurft 1,3 sæðingar og fanghlutfall við 1. sæðingu er 80%. Oft heyrir maður að menn vilji ekki sæða kvígurnar af því það haldi svo illa. Þessi bóndi hrekur þá fullyrðingu svo um munar þannig að það getur ekki verið ástæðan fyrir tregðu manna til að sæða kvígurnar. Bil milli sæðinga hjá kvígum er að jafnaði 18 dagar milli 1. og 2. sæðingar og 197 dagar milli 2. og 3. sæðingar. Sú tala getur engan veginn talist eðlileg og því rétt að leita skýringa með því að skoða kvígurnar nánar undir flípanum „Kvígur“. Þó ekki fylgi neinar upplýsingar um einstaka gripri hér er rétt að fram komi að þarna var um einn grip að ræða sem hækkar meðaldagafjöldann svo um munar. Þessi kvíga hefur að öllum líkindum látið og er einmitt þessi eina óborna kvíga sem er orðin eldri en 26 mánaða.

Vonandi kemur þessi skýrsla notendum nautgriparæktarkerfisins Huppu að notum og hjálpar til við að bæta frjósemi kúastofnsins.

Nautastöð BÍ að Hesti

Nautgripasæðingar 2012 – Grein 3

Enn höldum við áfram að rýna í sæðingarstarfsemina undanfarin ár. Gaman er að sjá hvernig sæðingar skiptast niður á milli mánaða. Verulegur munur er á fjölda sæðinga milli mánaða en línan er svipuð flest árin. Þó virðist eins og heldur dragi úr fjölda sæðinga seinni hluta ársins á þessum þremur árum. Þá hefur sumarsæðingum heldur fækkað og kannski verulega ef litið væri lengra aftur í tímann.

Janúar er sterkur árið 2012 eins og flest undanfarin ár en september er ávallt sá mánuður þar sem fæstar sæðingar eru framkvæmdar.

Á mynd 1 má sjá fjölda sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár.

Mynd 2 sýnir hlutfallslegan




fjölda sæðinga eftir mánuðum. Þar sést betur sú breyting hversu dregið hefur úr sæðingum seinni hluta ársins.

Samhliða fjölda sæðinga í hverjum mánuði er gaman að skoða fanghlutfall í þeim sömu mánuðum. Það má sjá á mynd 3. Þar sést líka að árangurinn er oft bestur þegar sæðingar eru fæstar og spurning hvort flutningur sæðinga frá þeim mánuðum er ekki að hluta skýring á lækkanði fanghlutfalli síðustu ár. Til skemmi tíma veldur mestum áhyggjum fallandi fanghlutfall í lok ársins 2012.

Sveinbjörn Eyjólfsson
framkvæmdastjóri
Nautastöðvar BÍ



Öxndal.



Glæsileg héraðssýning á lambhrútum á Snæfellsnesi haustið 2013

Snæfellingar eiga sér lengri hefð með héraðssýningar á hrútum en bændur í öðrum héruðum. Þar var fyrsta slík sýning fyrir fullorðna hrúta haldið haustið 1954 og þegar sýningarhald á fullorðnum hrútum var lagt af um síðustu aldamót breyttu þeir haustið 2006 slíku sýningarhaldi í sýningar á lambhrútum sem þeir hafa haldið á hverju ári síðan.

21 lambhrútar sýndur í Haukatungu syðri II

Vegna varnargirðinga verður sýningarhaldið að vera tvískipt. Föstudagskvöldið 18. október komu bændur sunnan varnarlinunnar saman með úrval lambhrúta sinna í Haukatungu syðri II og voru þar mættir til leiks samtals 21 lambhrútar. Þar voru valdir þeir fimm lambhrútar (eða færri) sem kepptu við uppröðun allra hrúta síðari sýningardag.

36 lambrútar sýndir að Hömrum

Vestan girðingar var síðan sýning daginn eftir þann 19. Var hún haldin að Hömrum í Grundarfirði. Þar voru samtals 36 lambrútar mættir til leiks. Sýningarþátttaka hefur stundum verið meiri og aðallega bændur í gamla Kolbeinsstaðahreppi sem þar gætu bætt um betur.

Smella 08-530 í Jörfa efst í BLUP kynbótamati

Snæfellingar hafa einnig tekið upp þann góða sið að verðlauna efstu ær í héraði í BLUP kynbótamati. Samanburður þar er sá árgangur af ám, sem hefur skilað upplýsingum fyrir fjögur fyrstu afurðarárin, sem liggja að baki þeim útreikningum. Það voru því að þessu sinni ær fæddar árið 2008. Toppætið í þeim samanburði hreppir ærin Smella 08-530 í Jörfa en hún hefur sýnt einstaklega mikla frjósemi og skilað góðum vænleika lamba en hún mun hafa erfð þokugenið frá formæðrum sínum.

Annað sætið skipaði ær 08-153 á Bergi í Grundarfirði en hún var tvílembd gemlingsárið og ætið síðan og hefur ætið skilað mjög vænum og vel gerðum lömbum að hausti.

Í þriðja sætinu var síðan Læða 08-008 í Hrunsmúla, ákaflega frjósom ær og lömb hennar hafa sýnt góð kjótgæði.

Tíu kollóttir lambhrútar

Lambhrútunum var eins og ætið áður skipt í þrjá keppnishópa, sem eins og áður segir voru allir skipaðir kostamiklum einstaklingum. Kollóttu hrútarnir voru fæstir eða aðeins tíu að þessu sinni. Tvö efstu sætin í þessum flokki skipuðu lambhrútar frá Hjarðarfelli. Lamb 223 er gemlingslamb og faðir þess Sindri 10-759. Hrúturinn er prýðilega þroskamikill með frábæra holdfyllingu á baki og í mölum og lærum með mikla og vel hvíta ull. Lamb 906 er samanrekin holdaköggull en faðir þess er Strengur 11-768. Mjög stutt að baki báðum þessum hrútum stendur Magni 06-730, sem mikið hefur mótað hið öflugla kollótta fé á Hjarðarfelli síðustu ár.

Algjör stakkaskipti í flokki mislitra hrúta

Hópur mislitu hrútanna hefur tekið hér eins og á öðrum svæðum, sem líkar sýningar eru haldnar fyrir, algerum stakkaskiptum að gæðum. Í þessum hópi mættu samtals 13 hrútar til keppni. Þar skipaði efsta sæti svartbotnuhosóttur hrútur nr 48 frá Tungu í hinum gamla



Harpa Jónsdóttir og Gunnar Guðbjartsson með verðlaunahrútinum í flokki hyrndra og besta hrút Snæfellinga. Mynd / Guðlaug Sigurðardóttir



Verðlaun fyrir hyrndra: Guðbjartur Gunnarsson 1. sæti, Herdís Leifsdóttir 2. sæti og Högni Bæringsson tekur við verðlaunum fyrir Hermann Guðmundsson 3. sæti. Mynd / Herdís Leifsdóttir



Fyrstu verðlaun í flokki hyrndra. Mynd / Guðlaug Sigurðardóttir



Fyrstu verðlaun í flokki mislitra. Mynd / Guðlaug Sigurðardóttir



Verðlaun fyrir kollótta: Guðbjartur Gunnarsson 1. sæti, Harpa Jónsdóttir 2. sæti og Ólafur Tryggvason 3. sæti. Mynd / Herdís Leifsdóttir

Fróðárhreppi. Þetta er rígvænn tvævetlutvilembingur, sem allur er frábærliga vel holdfylltur. Faðir lambsins er Draumur 12-004, sem er hrútur sem rekur ættir mikið til gamla Máfahlíðarfjárins.

Annað sætið skipaði svartur hrútur

og ekki síst ástæða til að benda á ungan aldur foreldra nánast allra toppgripanna í því sambandi.

Það vakti athygli í samanburði við sambærilegar sýningar fyrri ára hve hlutfall lamba tilkomið beint við sæðingar var lægra en áður. Að baki langflestum lambanna á sýningunni standa hins vegar margir af topphrútum sæðinganna á undangengnum árum og hrútar sem vakið hafa

verðskuldaða athygli á hliðstæðum sýningum á síðustu árum.

Glæsilegt framtak

Öll framkvæmd þessa sýningahalds var eins og áður einstaklega vel hendi leyst en þessar sýningar eru glæsilegt framtak fjárræktarfélaganna á Snæfellsnesi.

Á Jón Viðar Jónmundsson

Umsóknir um lán eða styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

Fagråd í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagråd fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 470/1999 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru:

Að veita fé til þróunarverkefna í hrossarækt sem nýtast til styrktar íslenska hrossastofninum.

Að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótargripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbóttagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Fagråd tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2013. Nánari upplýsingar fást hjá Guðlaugi V. Antonssyni hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins á Hvanneyri.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. desember 2013 og skal umsóknum skilað til Fagráðs í hrossarækt, Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, 311 Borgarnesi.

Hvanneyri 31. október 2013
Fagråd í hrossarækt



Ráðstefnan Hrossarækt 2013

Ráðstefnan Hrossarækt 2013 verður haldin í Sunnusal Hótel Sögu laugardaginn 16. nóvember og hefst kl. 13:00. Ráðstefnan er öllum opin sem láta sig íslenska hrossarækt varða jafnt fagfólki sem áhugamönnum.

Ráðstefnustjóri: Víkingur Gunnarsson.

Dagskrá:

- 13:00 Setning - Kristinn Guðnason formaður Fagráðs í hrossarækt
- 13:05 Hrossaræktarárið 2013 – Niðurstöður kynbótamats - Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur RML
- 13:30 Heiðursverðlaunahryssur með afkvæmum 2013
- 13:45 Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrött)
- 13:50 Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
- 14:00 Erindi um markaðsmál
- 14:50 Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/menn ársins 2013
- 15:10 Kaffihlé
- 15:40 Umræður um ræktunarmál almennt
- 17:00 Ráðstefnuslit

Fagråd í hrossarækt



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Fjávís.is – innlestur sláturupplýsinga

Þeir bændur sem eru þátttakendur í skýrsluhaldinu í sauðfjárrækt og færa sitt skýrsluhald rafrænt frá sláturgögnin sín send yfir í Fjávís frá sláturhúsunum. Þetta vita flestir notendur en alls ekki allir.

Til að nýta sér þessa flýtleið við móttöku sláturgagna er farið á forsiðuna á Fjávís, smellið á „Staðfesta sláturgögn“ og valið „Lesi inn í gagnagrunn“.

Athugið að lesa þarf inn hverja sláturdagsetningu fyrir sig bæði á dilkum og fullorðnu fé (SD og SF aftan við dagsetningar). Til að skoða gögnin eftir innlesturinn er farið í „Sláturfirilt“ og kallaður fram listi yfir alla gripi á því ári sem beðið er um. Eins minni ég notendur á að kíkja á „Skýrslur“ og velja þar „Kjötmatyfirlit“ og fá upp töflu yfir árangur feðra sláturlamba.

Þessar upplýsingar er gott að skoða á milli sláturanna að hausti og hafa til hliðsjónar við val á liflömbum með tilliti til feðra lambanna sem og dóma á lifgripum.

Dómaskráning

Margir notendur hafa lent í vandræðum við að skrá inn dóma á lömb þetta haustið. Rauðir rammar

birtast í kringum þá reiti sem innihalda tölur með kommu í sbr. einkunn fyrir læri, fitu, lögum og þess háttar. Fjávís styður Internet Explorer vafrann og til að krækja hjá þessu vandamáli er málið einfalt. Vera í Fjávís (í gegnum Internet Explorer) og stýðja á F12. Þá opnast gluggi og efst í þessum glugga á gráu línunni má finna textann „Browser mode: IE10“ Smella með músinni

á textann, þá opnast annar gluggi og velja þar „Internet Explorer 9“ loka glugganum og málið á að vera úr sögunni.

RML veitir notendum Fjávís frekari upplýsingar og aðstoð ef þarf. Síminn okkar er 516-5000. Gangi ykkur vel.

Anna Guðrún Grétarsdóttir
Skýrsluhaldsfulltrúi RML

Fæðuöryggi á Íslandi

Síðastliðin fjögur ár hefur umhverfisdagskrá 7. ramma-áætlunar ESB styrkt rannsóknaverkefni sem unnið hefur verið af háskólum og félagasamtökum í Bretlandi, Svíþjóð, Ungverjalandi, Indlandi og Íslandi. Verkefnið vann undir heitinu CONVERGE eða samleiðni (www.convergeproject.org). Aðalmarkmið verkefnisins var að finna leiðir til þess að mannkynið geti lifað innan marka jarðarinnar með jöfnuð í huga.

Við Háskóla Íslands var þróuð aðferðafræði sem unnt er að nota til þess að aðstoða við að vinna með hagsmunaaðilum á þann hátt að þeir hjálpi að við að teikna upp hvernig viss kerfi virka og hvernig ýmis atriði tengjast innan kerfisins svo að unnt sé að breyta því í átt að sjálfbærni. Í þessu verkefni settum við áherslu á fæðukerfið, til þess að byggja upp grunn og yfirlit yfir fæðuöryggi á Íslandi.

Við greindum hvaða hagsmunaaðilar koma að fæðuvirðisdeðjunni á Íslandi, þ.á m. þeir sem hafa með framboð að gera (t.d. áburð), framleiðendur (bændur, fiskimenn), matvælaíðnaðurinn, dreifiaðilar, seljendur (innflytjendur, útflytjendur, búðir, stórmarkaðir, matsölustaðir), neytendur, orkuíðnaðurinn og þeir sem sjá um úrgang (t.d. Sorpa), auk þeirra sem bera ábyrgð á stefnumörkun og stjórnun (t.d. ráðuneyti, sveitarstjórnir).

Engin fæðuöryggisáætlun

Fæðuöryggisáætlun hefur aldrei verið unnin á Íslandi. Aðferðafræðin verður kynnt á doktorsvörn Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur hinn 17. nóvember við Háskóla Íslands. Í stuttu máli byggist hún upp á því að hagsmunaaðilar koma saman og vinna með leiðbeinendum við að teikna upp kerfið sem verið er að greina eins og það er í dag og síðan ímynda sér hvernig það líti út ef það væri sjálfbært í framtíðinni með því að athuga tengingar innan kerfisins og finna orsakir og afleiðingar innan kerfisins. Þetta kallast kerfisgreining.

Við buðum yfir 200 manns að taka þátt og alls komu um 30




Myndin sýnir hluta vinnuhópsins sem kom að kerfisgreiningu á fæðuöryggi fyrir Ísland.


manns á þrjá heilsdags vinnufundi. Kerfisgreiningin var unnin af þátttakendum og sérfræðingum frá Háskólanum í Lundi – þeim Harald Sverdrup prófessor og Deniz Koca nýdóktor.

Nauðsynlegt að forgangsraða og vinna fæðuöryggisáætlun

Helstu niðurstöður vinnufundanna eru þær að það sé nauðsynlegt að forgangsraða og vinna fæðuöryggisáætlun fyrir Ísland. Einnig þarf að gera orkuöryggisáætlun fyrir Ísland hvað jarðefnaeldsneyti varðar. Stofna þarf gildisbanka – líkt og þá sem fengu umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010 (Cultura Bank, Noregi; Ekobanken, Svíþjóð; Merkur Andelskasse, Danmörku) en þeir leggja áherslu á fjárfestingar sem gagnast samfélaginu og umhverfinu og leiða þannig til sjálfbærni.



Myndin sýnir hluta greiningar eins hópsins á fæðuframlæðu á Íslandi.



Myndin sýnir kerfisgreiningu á vinnu eins hópsins þar sem orsakir og afleiðingar eru greindar. Greiningin var unnin við Háskólann í Lundi.

Mikill skortur er á lífrænt vottuðum áburði og í framtíðinni verður skortur á áburði til landbúnaðar. Loka þarf næringarhringjunum á Íslandi og sjá til þess að fosfat og köfnunarefni skolist ekki út í sjó, heldur sé það

unnið úr skólpi og búinn til áburð. Einnig er unnt að vinna áburð úr fiskiúrgangi og matarleifum.

Þátttakendur lögðu áherslu á að stofna þyrfti fræðisbanka á Íslandi, en enginn slíkur banki starfar í landinu.

Einnig vildi hópurinn leggja áherslu á landgræðslu og verndun jarðvegs og vatns.

Vinna þarf að meiri metanframlæðu fyrir farartæki

Meðal annarra þátta sem komu fram á vinnufundunum var að vinna þarf að meiri metanframlæðu fyrir farartæki úr t.d. matvælaúrgangi. Einnig er unnt að framleiða eldsneyti úr þörungum og með skógrækt. Mikilvægt er að nýta umframorku frá jarðvarma í matvælaframlæðu með upphitun gróðurhúsa og með því að setja leiðslur undir jarðveg til þess að lengja framlæðslutímam um tvo mánuði á ári í það minnsta. Þannig gætum við verið sjálfbær með grænmetisframlæðslu og jafnvel flutt grænmeti út og minnkað ávaxtainnflutning.

Vinnuhópnun fannst mikilvægt að lögð sé áhersla á rannsóknir sem leggja áherslu á sjálfbæra og vistvæna nýsköpun. Styðja þarf samvinnu milli rannsókna, fyrirtækja, kennslu- og ríkisstofnana.

Sjálfbærnihugsun vantar í alla menntun

Hvað menntun varðar komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að byggja þyrfti sjálfbærnihugsun inn í alla menntun ungra sem aldinna. Þar á meðal er einnig mikilvægt að kenna kerfishugsun, siðfræði og umhyggju fyrir mönnum og náttúru. Kerfishugsun ætti að vera lykilatriði á öllum skólastigum til þess að nemendur fái heildrænt yfirlit um hvernig allt tengist.


Stofna þurfir sjálfbærniáætluneyti á Íslandi

Loks komst samleiðni-vinnuhópurinn að því að stofna þyrfti sjálfbærniáætluneyti á Íslandi, sem ynni að sjálfbærnistefnumótun í samfélaginu og gegn spillingu hjá stjórnvöldum og í samfélaginu.

Upphaflega var álitnið að við gætum fullnúið fæðuöryggisáætlun fyrir Ísland. Hins vegar kom í ljós að ekki eru öll gögn aðgengileg til að fullvinna slíka áætlun, en grunnur að kviku kerfislíkani liggur fyrir. Þessar rannsóknarniðurstöður eru nú aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins.

Þegar niðurstöður voru kynntar í Háskóla Íslands föstudaginn 3. október lýstu þátttakendur í vinnufundunum yfir ánægju sinni með það að hafa tekið þátt í verkefninu en lögðu áherslu á að þessar grunnrannsóknir þyrfti nú að taka upp í stefnumótun á Íslandi. Allir sem áhuga hafa á slíku hafa greiðan aðgang að öllum grunnögnum og líkaninu frá pistlahöfundum og samstarfsmönnum við Háskóla Íslands – þeim Brynhildi Davíðsdóttur og Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur. Við hlökkum til sjá stefnu um fæðuöryggi á Íslandi – hvort það er innan ráðuneyta, borgar-, bæjar- eða sveitarstjórna.

18.10. 2013
Kristín Vala Ragnarsdóttir



Myndin sýnir kerfisgreiningu á fæðukerfinu á Íslandi – unna af hluta vinnuhópsins.

Meiri mjólk

Góð aðsókn var á haustfundi Landssambands kúabænda sem haldnir voru víðs vegar um landið fyrir skemmstu enda viðfangsefni fundanna sú spennandi staða sem nú er í mjólkurframleiðslunni. Á fundunum hafa tækifæri til aukningar mjólkurframleiðslu verið bændum efst í huga og hvaða úrræði séu til að nýta þau. Staða kvótakerfisins var talsvert rædd og líkleg þróun á verði greiðslumarkis ásamt því að kynbóta-starfið og staða kúastofnsins bar talsvert á góma.

Ráðunautar RML sóttu þessa fundi til þess að taka þátt í umræðum um hvað gera mætti til að auka mjólkurframleiðslu næstu misserin. Ýmislegt er hægt að gera til að ná því takmarki, sá mikli breytileiki sem er á afurðastigi kúbúa hérlendis sýnir það svo ekki verður um villst. Þegar horft er til þess hvernig auka megi mjólkurframleiðslu er annars vegar um að ræða að bregðast við til skemmri tíma eins og mjólkuriðnaðurinn hefur óskað eftir og hins vegar til lengri tíma. Samkvæmt spám um neyslu á næstu tíu árum er ljóst að auka þarf framleiðslu mjólkur frá því sem nú er. Kúabændur eiga því engan annan valkost í stöðunni en að auka við framleiðsluna til þess að anna eftirspurn markaðarins.

Þegar horft er til skemmri tíma þarf að bregðast hratt við og þá kemur einkum tvennt til greina. Annars vegar er það að seinka förgun þeirra kúa sem nú þegar eru í framleiðslu og hins vegar að hækka afurðastigið með betri og markvissari föðrun og jafnvel aðbúnaði. Hafi menn húspláss og aðstöðu er tiltölulega einfalt að seinka förgun þeirra gripa sem komnir eru að enda síns framleiðsluskeiðs. Skilyrði er að sjálfsögðu að viðkomandi gripir séu nægilega hraustir. Betri og markvissari föðrun er ilítið meira átak og þar þarf líka að gæta hagkvæmnisjónarmiða. Það er ekki endilega rétta leiðin að stórauка kjarnföðurgjöf því huga þarf að því hver gröfföðurgæðin eru og hvar konar kjarnföður hentar best með viðkomandi gröfföðri. Þá þarf einnig að gæta að því að tilkostnaðurinn verði ekki meiri en tekjuaukningin þegar upp er staðið. Sem betur fer höfum við verkfæri í höndunum sem getur hjálpað okkur hvað þennan þátt snertir en það er föðuruáætlanagæð. Með vel unninni föðuruáætlun má ekki einungis auka mjólkurframleiðslu með aukinni nyt heldur einnig spara umtalsverðar fjárhæðir með betri og markvissari föðrun sem tekur mið af þörfum gripanna.

Ef lítið er til lengri tíma og þess hvernig auka má mjólkurframleiðslu til frambúðar og varanlega þurfum við að skoða hlutina í víðara samhengi. Á undanförunum áratugum hefur kúabúum og kúm í landinu fækkað verulega og nú er svo komið að mjólkurkúr eru í reynd orðnar of fáar. Í dag er staðan sú að burðaraldur við 1. burð er að jafnaði nálægt 29,5 mánuðum. Þetta þýðir í reynd að við eigum inni hálfan árgang sem mætti láta bera fyrr en raunin er í dag. Þannig mætti fjölga kúnum tímabundið og nýta þá auknu burðartíðni til þess að stækka stofninn varanlega. Til þess að svo megi verða þarf samstillt átak allra kúabænda í landinu.

Eitt af þeim atriðum sem horfa þarf til við aukningu mjólkurframleiðslu til lengri tíma er frjósemin en hún skiptir miklu máli varðandi afkomu búans og það magn mjólkur sem framleidd er á hverju ári. Ef bil milli burða verður of langt þýðir það lengri geldstöðu, færri fædda kálfa á hverja kú á ári og minni mjólk. Það er því brýnt að vanda vel til verka við beidslisgreiningu, sæðingu og

Ráðgjöf fyrir kúabændur: FÓÐRUN HEFUR ÁHRIF

Með réttri föðrun getur þú haft áhrif á nyt og efnainnihald mjólkurinnar. Val á kjarnföðri skiptir höfuðmáli og til þess að vanda valið er mikilvægt að vita eiginleika gröfföðursins. Ráðunautar RML koma í heimsókn og taka sýni úr gröfföðrinu og senda í efnagreiningu. Í kjölfarið geta þeir ráðlagt þér hvaða kjarnföður hentar með þínu gröfföðri til þess að ná fram þeim markmiðum sem þú setur í framleiðslunni.

FITA Í MJÓLK

Mikilvægasti þátturinn til að tryggja hátt fituinnihald í mjólk er föðrun sem gefur gott vambarjafnvægi. Það næst með rétту hlutfalli gröfföðurs og kjarnföðurs og þegar rétt kjarnföður er gefið með gröfföðrinu.

GRÓFFÓÐRIÐ SKIPTIR MIKLU MÁLI FYRIR FITUMYNDUN Í JÚGRI

Við niðurbrot á gröfföðri í vömb verða til ediksyra og smjörsyra sem eru notaðar í fitumyndun í júgri.

EIGINLEIKAR KJARNFÓÐURS SKIPTA MÁLI

Við niðurbrot á auðleystri sterkju í vömb verður til mikið af próþionsýru sem er mikilvæg fyrir mjólkurpróteinframleiðslu en getur haft neikvæð áhrif á fituna.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins 516 5000 - www.rml.is

föðrun þannig að frjósemin sé sem allra mest.

Víða er pottur brotinn í uppeldi kvígna og allt of oft sér maður smáar og lítt þroskaðar fyrsta kálfs kvígur sem í raun eru ekki tilbúnar til þess að takast á við það verkefni að vera orðin mjólkurkú. Oft er um að kenna of lítilli uppeldisaðstöðu og rangri föðrun. Margir hafa því brugðið á það ráð að láta kvígurnar bera heldur eldri en ella og ná þannig stórum og vel þroskuðum gripum við fyrsta burð. Vandinn er hins vegar oftast en ekki sá að þá eru menn komnir með þrjá árganga í uppeldi í stað tveggja og þannig eykst vandinn fremur en hitt. Þrengsli í stíum verða mikil og það eru ekki ný vísindi að erfiðara er að fódra gripa í þrengslum en þar sem rúmgótt er í raun verður til nokkurs konar vítahringur þar sem kvígurnar verða eldri og eldri til þess að ná nægum þroska og jafnframt aukast þrengslin. Í þessu sambandi eru til tvær leiðir. Í fyrsta lagi að bæta við uppeldisaðstöðuna með tilheyrandi kostnaði og í öðru lagi að láta kvígurnar bera yngri. Það útheimtir hins vegar góða og markvissa föðrun strax frá fæðingu.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins mun á næstunni hrinda af stað átaki í ráðgjöf til kúabænda með það að markmiði að auka framleiðslu mjólkur í landinu. Í fyrstu verður einkum horft til skemmri tíma og þess hvernig við getum aukið framleiðsluna strax í vetur en í kjölfarið verður horft til lengri tíma og þess hvernig auka megi mjólkurframleiðslu varanlega.

Guðmundur Jóhannesson
Ráðunautur í nautgriparekt hjá RML

Lesendabás

Ríkisútvarpið

Mér finnst Ríkisútvarpið, eða RÚV eins og það kallar sig núna, vera sérstakt úrlausnarefni sem þarf að taka á, enda víða mikil óánægja með 5-6 milljarða króna eða hvað það nú er báknið og sýnist nú tilhögum á stjórnskipun ekki ganga nógu langt. Það hefur ekki staðið sig í ýmsum lögboðnum skylduverkefnum, t.d. ekki sinnt öruggum fréttalutningi af náttúruhamföllum eins og dæmin sanna og framleiðsla og stuðningur við framleiðslu á innlendu menningarefni hefur verið minni en annars hefði mátt búast við.

Fréttastofan er mjög oft gagnrýnd fyrir slappa greiningu líðandi atburða og vilhalla afstöðu til mála og þykir þetta hafa aukist og versnað á undanförunum árum, t.a.m. með sérstökum stuðning hennar við Samfylkinguna og aðildina að ESB. Þá er það meira en leiðinlegt hve fréttastjóri og útvarpsstjóri taka báðir tveir ábendingum gjarnan illa í stað þess að hlusta á og bregðast jákvætt við. Þá er tvískinnungur útvarpsstjóra eftirtektarverður, en afstaða hans hefur mjög breyst frá því að hann vann hjá einkareknu fyrirtæki og spyrja má sig um heilindi hans af þeim sökum. Hroki hefur aldrei verið aðlaðandi og hann á ekki að líðast hjá opinberum starfsmönnum í ohf-inu gagnvart fólkinu í landinu, sem borgar laun þeirra. Það er vert að spyrja hvort Ríkisútvarpið sé þjónn almennings, niðurgreidd dægurskemmtistöð sbr. sýningar í sífellu á sápuóperum og afþreyingarbímyndum eða hvað er það? Er gætt að sem arðbærustum rekstri eða er það atvinnusamtryggingarfélag fyrir starfsmenn þess? Eða þá jafnvel pólitísk uppeldisstöð eða sértrúarsöfnuður? Og hvað fær eigandinn, skattgreiðandinn, fyrir snúðinn, sem hann borgar svo hátt verð fyrir?

Hver ætti tilgangur Ríkisútvarpsins að vera?

Flestum þætti það væntanlega óásættanlegt að það væri hér ríkisrekið dagblað. Sögulega er það skiljanlegt að hið opinbera hafi komið á fót hljóðvarpi og sjónvarpi á sínum tíma, en er það réttmætt í dag að ríkið standi í slíkum rekstri? Hvað er það sem ríkisreknir ljósvakamiðlar gera í dag umfram það sem slík fyrirtæki í einkaeigu geta ekki uppfyllt? Hið opinbera gæti auðvitað keypt þjónustu svo sem tilkynningar ýmiss konar af einkareknum stöðvum, en e.t.v. þyrfti væntanlega eitthvert appírat að vera til þess að sjá um það til þess að gæta að sem hagkvæmstu kaupum. Einnig þarf að hugsa til sérstakra mennta og menningarmála, sem frjálsar stöðvar hefðu e.t.v. minni áhuga á, en sem eru þjóðfélaginu mikilvæg. Þannig mætti rökstyðja það að halda ætti Ríkisútvarpið áfram í rekstri en þá í hvaða mynd?

Mér sýnist að hlutverk þess ætti svo til eingöngu að vera:

a) öryggistæki landsmanna, m.a. með rekstri langbylgjustöðvar vegna skipa o.fl.

b) öryggistæki með veðurlýsingum og spám og fréttalutningi, tilkynningum frá hinu opinbera og tilkynningum í almannaþágu vegna náttúruhamfara o.þ.h.

c) ljósvaki með skynsamlega og algjörlega óvilhalla greiningu á atburðum og fréttum

d) framleiðandi á innlendu mennta-, menningar- og listaefni

e) stuðningur við bakið á slíkri framleiðslu annarra innlendra aðila

f) dreifing og sala á slíku efni innanlands og utan

g) skráning og varðveisla á innlendu efni, þ.m.t. ræðum, alþingi, fréttum og hvers kyns hljóð og myndefni og veita almenningi gott og óhindrað aðgengi að safni sínu

h) kaup og sýning á erlendu menningarefni, vísinda-, fræðslu- og kennsluefni til þess að auka lærdóm og vísýni landsmanna og þekkingu á menningu annarra þjóða.

M.ö.o. mætti og ætti RÚV að draga sig algjörlega frá erlendu dægur- og skemmtiefni, sem ég sé engan tilgang hjá ríkinu að vera að bróla í við ærinn kostnað.

Ef til vill væri hægt að gera RÚV að einhvers konar lista- og menningarmiðstöð, en ég hef ekki ennþá hugsað þá hugmynd til enda.

Óréttlát samkeppnisstaða

Í dag er Ríkisútvarpið fjármagnað í gegnum afar óvinsæl og óréttlát nauðungargjöld sem og með auglýsingatekjum, leyfistekjum o.fl. Því er stjórnad af útvarpsstjóra og fimm manna stjórn og virðist eftirlit með með þeim hafa verið lítið til þessa. Með því að leyfa Ríkisútvarpinu að vera á auglýsingamarkaði er það að keppta við önnur fyrirtæki sem hafa ekki sömu aðstöðu og ríkisbatteríð hefur og varla getur það talist vera hlutverk ríkisins. Mér skilst að Síminn hf eða Landsnet sé eigandi að dreifikerfi landsins, en Ríkisútvarpið eigi útsendingarstöðvarnar. Athuga þyrfti hvort ekki væri eðlilegt að Ríkisútvarpinu verði gert að leigja út aðgang að endurvarpskerfum sínu undir opnum og heiðarlegum samkeppnisreglum og styðja þannig við rekstur, viðhaldskostnað og styrkingu kerfanna.

Endurnýjun og endurskipulagning

Hvernig ætti stjórn og rekstur Ríkisútvarpsins að vera? Mér finnst að það mætti hugsa sér að fimm manna yfirstjórn eða eftirlitsnefnd væri kosin af alþingi eingöngu skipuð alþingismönnum til tveggja ára í senn og skuli hún skipa fimm manna starfsstjórn til eins árs í senn rétt eins og stjórnir annarra fyrirtækja eru kosnar til eins ár í senn af eigendum þeirra. Þá væri stefnt að því að starfsstjórnin væri fyllt fagfólki einkum á sviði stjórnunar og rekstrarfræða, lögfræði, almannatengsla og verkfræði. Yfirstjórnin skuli þá hafa eftirlit með störfum rekstrarstjórnarinnar með reglulegum fundum og með því að fá ársfjórðungsskýrslu frá henni, bæði fjárhagslega/rekstrarlega sem og dagskrárlega og skuli hún birt alþingi og almenningi. Þess skuli þá vandlega gætt af starfsstjórninni og fimm manna alþingis/eftirlits nefndinni að dagskrá og umfjallanir verði alls ekki með pólitískum áherslum eða persónulegum skoðunum fyrirtækisins og starfsfólks þess.

Án þess að það sé aðalatriði finnst mér að hið gamaldags starfsheiti útvarpsstjóri ætti að vera lagt niður en að framkvæmdastjóri yrði að undangengum atvinnuauklýsingum ráðinn tímabundið, t.d. til 3-4 ára í senn, með vönduðum og ítarlegum starfssamningi með starfslýsingu, lýsingu á réttindum og skyldum, uppsagnarákvæðum o.s.frv. eins og hjá vel reknun einkafyrirtæki. Skuli hann ráða og reka starfsmenn fyrirtækisins en þurfi að upplýsa starfsstjórnina þar um, sem hafi sparlega beitt neyðarneitunarvald til þess að geta komið í veg fyrir spillingu, s.s. að nánir ættingjar eða pólitískir návínir verði ráðnir. Starfsfólk skuli einnig

ráðið til ákveðins árafjölda, t.d. 1-4 ára í senn og aldrei ævilangt, en framlenging starfssamninga fara eftir faglegum eignum og ástæðum hverju sinni. Þannig er von á að náttúróll festist ekki og að fyrirtækið endurnýi sig örar en hingað til, enda sópa nýir vendir best.

Fjármögnun

Mér finnst að fyrirtækið eigi að leggja allan sinn metnað og áherslur á hlutverk sitt a) til h) að ofan. Um útvarpsrekstrarþáttinn skuli vera þrjár rásir, ein vegna hljóðvarps og tvær vegna sjónvarps og önnur þeirra eingöngu vegna íþróttar og báðar hinar rásirnar skuli fara að nefndu hlutverki félagsins. Rétt væri að fyrirtækið verði fjármagnað a) í fjárlögum og b) með leyfisgjöldum af framleiðslu sinni og c) seldri þjónustu. Með því að hafa fyrirtækið á fjárlögum má hafa góða aðgát og eftirlit með rekstrinum og gegnsæi ykist, enda þurfi fyrirtækið þá að skilgreina óskir sínar í smátriðum er það sækti um fjárveitingu, sem því væri skylt að gæta og verði birt opinberlega. Rétt væri líka að RÚV fari af auglýsingamarkaði. Við það ætti frjálsum miðlum að vaxa fiskur um hrygg. Slíkum fyrirtækjum gæti vonandi fjölgað og þau styrkst og dafnað. Innlend dagskrárgerð og framleiðsla ætti með því meiri möguleika, tjáningarform að verða fjölbreyttara, samkeppni aukast og sköpunarkraftar leysast úr læðingi.

Reyndar finnst mér að frjálsu miðlunum verði þá einnig gert það skylt án gjaldtöku að flytja sérstakar varúðartilkynningar frá hinu opinbera, s.s. ríkisstjórn, lögreglu, slökkviliði, landhelgisgæslu, almannavörnum og veðurstofu eða öllu því, sem þurfa þykir er varðar öryggi landsins og almannaheill.

Fagmenn hver á sínum stað

Mér finnst að ráða ætti utanaðkomandi, ótengda og óháða viðskipta- og rekstrarsérfræðinga til þess að fara yfir og endurskipuleggja fyrirtækið frá grunni með það fyrir augum að gera það að nýttísku straumlínu-löguðu, arðbæru og árangursríku rekstrarfélagi, þar sem verkferlar eru skýrir með stöðugum markmiðasetningum, afkastamælingum, eftirfylgni og eftirliti. Þá þyrfti að skera fyrirtækið stórlega niður, m.a. með mikilli fækkun starfsfólks og öðrum samdrætti og sparnaði.

Innri starfshættir

Fyrirtækið ætti svo setja sér háleitar og strangar reglur um starfshætti og siðferði, að þessar reglur verði auglýstar opinberlega og svo árangurs- eftirlit með þeim ársfjórðungslega, en almenningur ætti kost á því að koma á athugasemdom sínum á framfæri við yfirstjórnarnefnd alþingis. Mér finnst svo að þarna sem og í öðrum opinberum rekstri eigi að gefa út ítarlegar starfsmannahandbækur, sem starfsfólk skuli kynna sér vandlega og vera hluti af starfssamningum þess þar sem m.a. að góð framkoma og hjálpssemi verði kennd og það undirstrikað að starfsfólkið sé almenningssþjónar.

Vandamálið leyst

Með þessu ætti stýrr um Ríkisútvarpið að linna, fyrirtækið verða að því sem það á að vera, betur skilgreint, miklu smærri í sniðum, kosta mjög miklu minna og skila betri og einbeittari almenningss-, öryggis- og menningarþjónustu.

Kjartan Örn Kjartansson
Höfundur er fyrrverandi forstjóri Bloggsíða: framavid.com

Lesendabás



Kornrækt í skjóli trjáa

Undanfarnar vikur hafa borist fréttir af misjafri kornuppskeru og foktjóni á ökrum bænda. Úrkomusömu, sólarlitlu og stuttu sumri er kennt um hægari þroska kornsins í sumar miðað við síðustu ár. Kornrækt krefst ákveðinnar hitasummu, þ.e. hitastigs sinnum lengd vaxtartímabils, svo að ræktunin takist vel. Ljóst er að hækka má hitastig á ökrum og jafnvel heilu svæðunum með trjábeltum.

Þetta eru ekki ný fræði en í fréttáflutningi virðast rannsóknir Klemensar Kristjánssonar tilraunastjóra á Sámsstöðum í Fljótshlíð sem hann gerði í kringum miðja 20. öldina hafa gleymst og er því ástæða til að rifja þær upp. Í stuttu máli varð uppskera úr 7 ára tilraunum Klemensar meiri í skjóli trjáa samanborið við bersvæði: að jafnaði varð 24% meiri uppskera af sexraða byggi, 36% meiri af höfrum og 41% meiri af vorhveiti. Mestur varð munurinn í köldum sumrum, allt að helmingsmunur á uppskeru, en öll tilraunaárin varð meiri þroski í skjóli en á bersvæði. Tilraunir Klemensar voru vandadar og stóðust allar gæðakröfur visindanna. Niðurstöðurnar eru fullkomlega gjaldgengar enn í dag. Þess ber að geta að tilraunirnar voru gerðar á tímabili sem loftslag var hagstætt kornrækt um miðja 20. öldina.

Í aldarbyrjun tók Ingvar Björnsson ráðunautur saman upplýsingar um kosti og galla við hagnýtingu skjólbelta í landbúnaði. Þar segir Ingvar um kornrækt: „Ljóst er að skjól getur skipt sköpum fyrir kornrækt á Íslandi í köldum eða þurrum árum. Í ljósi þeirra niðurstaðna ætti ræktun skjólbelta að verða

liður í framtíðarskipulagningu þeirrar ræktunar hér á landi ef tryggja á árvissari uppskeru og minni sveiflur milli ára.“

Ljóst er að bændur eru sumir hverjir landsárir og vilja ekki láta gott ræktarland undir skjólbeltaræktun. Rannsóknir erlendar og innlendar sýna þó að meiri ávinningur er af því að rækta skjólbelti jafnvel á góðu ræktarlandi. Uppskeruaukningin vegur upp tapið á flatarmáli ræktarlandsins. Líklegt er enn fremur að akrar sem umluktir eru skjólbeltum standist betur illviðri. Landshlutaverkefnið í skjólbeltaræktun í tæpa tvo áratugi. Hafa skjólbelti sprottið upp víða um sveitir og árangur yfirleitt verið góður, en svo virðist sem bæta megi verulega í, sér í lagi í kringum kornakra. Það vekur nokkra undrun hversu lítið kornbændur hafi notfært sér rannsóknaniðurstöður Klemensar og fleiri aðila sem og möguleikana á styrkjum til skjólbeltaræktar, enda miklir hagsmunir í húfi að korn nái nægilegum þroska, sér í lagi í köldum árum.

Ingvar Björnsson, 2000. Um hagnýtingu skjólbelta í landbúnaði. <http://saga.bondi.is/wpp/almhand.nsf/id/CBABB86098FE792002569BA004165C6>

Sjá Klemenz Kr. Kristjánsson, 1976. Áhrif skógar skjóls á kornþunga. Skógræktarritið 1976, bls. 23-26. <http://skog.is/skjol/Rit1976/>

Virðingarfyllt,
Hreinn Óskarsson
skógræðingur

Bækur

Vettlingaveður alla daga

Vettlingaprjón er handavinubók með 64 uppskriftum að vettlingum á krili, krakka, konur og karla. Hér eru einfaldar og skýrar uppskriftir sem og gagnlegar leiðbeiningar, góð ráð og órstutt kennsla í því prjóni og hekli sem notað er í uppskriftunum.

Þetta er þriðja hannyrðabók Guðrúnar S. Magnúsdóttur, sem áður hefur gefið út Sokkaprjón (2011) og Húfuþrjón (2012) sem báðar njóta mikilla vinsælda. Sem fyrr er bókin falleg fjölskylduverkefni



því sonur Guðrúnar tekur ljósmyndirnar og dóttir hennar sér um umbrotið.



Víti til varnaðar er Þorláksbúð – eins og það er fallegt og vel smíðað hús, ef það stæði einhvers staðar annars staðar. Mynd / HKr.

Skálholt – framtíðarsýn heimamanns

Ég var á ágætu málþingi í Skálholti laugardaginn 19. okt. sl., en það var haldið að frumkvæði Skálholtsfélagsins nýja, sem stofnað var í sumar. Þar var fjallað um framtíð Skálholts, þar sem m.a. voru til umræðu spurningar um hlutverk og rekstur staðarins og framkomnar hugmyndir um miðalda „kirkju“, sem setja á inn á deiliskipulag sem nú er í vinnslu fyrir Skálholtsjörðina. Þar voru fróðleg framsöguerindi og ágætir pallborðsumræður á eftir. Í mínum huga er niðurstaðan eftirfarandi.

Það er mikilvægt að gott samráð verði haft við alla sem málið varða, við kirkjuna, heimamenn í nágrennasveitum, tónlistarfólk, ferðapjónustuaðila, hollvini staðarins o.s.frv. og komist verði að niðurstöðu sem allir geta verið sáttir við, þannig að staðurinn geti áfram þjónað sem menningar-, fræðslu- og kyrrðarsetur fyrir landsmenn alla, en jafnframt sinnt auknum ferðamannastraumi, miðlað merkilegri sögu staðarins á sem áhrifarikastan og fagmannlegastan hátt, og sem, ef vel tekst til, gæti skotið sterkari fótum undir fjárhagslegan grundvöll staðarins sem menningarseturs. Skálholt þarf að verða sjálfbært.

Það kom fram í máli Kristjáns Vals Ingólfssonar að mikið viðhaldsstarf og dýrt liggur fyrir í Skálholtskirkju og er orðið mjög brýnt. Gera þarf við gluggana, hin föggu listaverk Gerðar Helgadóttur og einnig við kirkjuklukkurnar og festingar þeirra, en ein þeirra liggur enn brotin á turnloftinu eftir að hún slitnaði niður fyrir mörgum árum.

Pétur H. Ármannsson, arkitekt á Minjastofnun Íslands, sagði mikið verk óunnið í skráningu fornminja á Skálholtsjörðinni. Ekki verði hægt að ganga frá deiliskipulagi fyrr en slík skráning liggja fyrir. Mikið á líka eftir að gera í fornleifauppgrefti.

Fyrir liggur því að ganga til þessarar skráningarvinnu áður en frekar verður aðhafst.

Sem heimamaður í Biskupstungum hef ég átt þá ósk heitasta að byggt verði gott safnaðarheimili í nágrenni kirkjunnar, þar sem þeir sem vinna í kirkjunni, þar með talið tónlistarfólk og heimamenn, hefðu vinnuádstöðu og salernisaðstöðu. Hluti af kjallara Biskupshússins hefur gegnt því hlutverki, en er allt of þröng aðstaða eins og er. Einn möguleiki væri að taka stærri hluta kjallarans til þeirra nota og sóknirnar og tónlistarfólk greiddu þá einhverja húsaleigu fyrir aðstöðuna. Þetta þarf allt að semja um og ræða.

Eins er mikilvægt að búskapur haldi áfram á jörðinni, og gefi umhverfi kirkjunnar líf og tilgang.

Ég er alin upp við það að ásynd staðarins eigi að vera stílhrein, ekkert megi skyggja á kirkjuna, og er ég enn þeirrar skoðunar. Þær byggingar sem kæmu yrðu að falla inn í umhverfið og þann byggingarstíl sem fyrir er. Í þessu efni má ekki flana að neinu heldur vanda til verka. Víti til varnaðar er Þorláksbúð – eins og það er fallegt og vel smíðað hús, ef það stæði einhversstaðar annarsstaðar.

Vardandi ferðapjónustuna er ég sammála um að það verður að taka á móti ferðamönnum af fagmennsku og gestrisni á þann hátt að það trufla sem minnst helgi staðarins. Og móttaka ferðamanna þarf að vera opin alla daga og á ákveðnum tímum, alltaf. Ef tekinn er aðgangseyrir þarf líka eitthvað að vera í boði.

Ég hef oft tekið í húninn á þjónustuskúrnum á hlaðinu hér fyrir framan skólann, en hingað til hefur hann nær alltaf verið lokaður. Ekki er von að reksturinn gangi vel ef aðrir hafa sömu reynslu.

Klósettin mætti vel útbúa þannig að gestir borguðu sig inn. Útlendingar eru vanir að þurfa að borga fyrir klósettaðstöðu og Íslendingar myndu venjast því líka. Klósettpappír er dýr í alla þá túrista sem stoppa á Skálholtskilaðinu.

Í þessu sambandi langar mig að segja frá upplifun minni af því að koma til Stonehenge í Englandi, en mér dettur í hug að eitthvað svipað mætti gera í Skálholti.

Þegar ekið er í áttina að Stonehenge blasa þessir risastóru steinar við á hæð inni á milli sléttu akra í aðeins öldóttu landslagi, en engin önnur sýnileg mannvirki þar í kring. Þegar komið er að staðnum er ekið í sveig niður á bílastæði í dálitilli lægð, sem ekki sést neins staðar frá, og þar er gengið inn í þjónustuhús með öllu því sem ferðamanninn vantar. Allt neðanjarðar og sést ekki heldur tilsýndar. Yfirborðið er grænn akur. Þar er klósettaaðstaða, vönduð margmiðlunarsýning um sögu staðarins, minjagripaverslanir, o.fl. o.fl. Þar borgar maður sig inn, getur leigt heyrnartæki með lýsingu á því sem fyrir augu ber, valið um ýmis tungumál, og síðan gengur maður upp á yfirborðið eftir vel mörkuðum og merktum göngustíg í þögn meira og minna og upplifir staðinn. Þeir sem vilja njóta kyrrðar geta það líka með því að taka niður heyrnartækin. Þegar við vorum þarna var stanslaus straumur ferðamanna gegnum staðinn, en það var ekki óþægilegt og maður

kom til baka margs vísari og hrifinn.

Væri þetta ekki betri lausn en rísa fornaldar timbur „kirkja“? Það hefur ekki verið kynnt svo ég viti hvað eigi að fara fram þar inni, sennilega eitthvað svipað og í öðrum ferðamannamiðstöðvum. Fólk á að borga sig inn og kaupa minjagrip og horfa á sýningar. Ég bý í timburhúsi og veit að timburhús þurfa viðhald og það er dýrt. Hvað þá þegar um er að ræða rísa timburkirkju í íslensku veurfari. Hefur verið hugsað út í það? Illa viðhaldið hús hefur lítið aðdráttaraf. Kirkjur annars staðar í heiminum eru flestar mun stærri en á Íslandi og það getur varla þótt merkilegt að koma inn í eftirlíkingu af timburkirkju, þótt stór sé á íslenskan mælikvarða.

Að mínu mati þarf ekki að reisa neina eftirlíkingu. Saga staðarins stendur fyrir sínu og má segja hana í öðrum söllum með áhrifaríkum og nútímalegum hætti. Og einnig segja sögu kirkjunnar sem nú stendur og þeirra listaverka sem prýða hana áður en fólk fær að ganga inn í helgidóminn – í þögn. Eins þarf að beina gangandi umferð um afmarkaða og merka göngustíga um umhverfið, gjarnan með „audioguide“.

Ein hugmynd er að byggja ferðamannamiðstöðina yfir rústirnar fyrir sunnan kirkjuna, sem yrðu þá hluti af sýningu og upplifun á fornri sögu staðarins. Rústirnar yrðu sýnilegar en jafnframt varðveittar. Slíkt hefur verið gert með göðum árangri á stöðum þar sem mikið er af fornminjum, t.d. í Aþenu – eða í Reykjavík...

Grasþak færi örugglega ekki illa sunnan við kirkjuna og hægt væri að tengja bygginguna göngunum inn í safnið í kjallara kirkjunnar og þaðan upp? (Þyrfti að laga það aðgengi, jafnvel koma þar fyrir klósettum fyrir kirkjugesti?..)

Ferðamannamiðstöðin þyrfti þó auðvitað ekki að vera neðanjarðar eða með sléttu grasþaki, en bara þannig að húsið truflaði ekki ásynd staðarins, væri lágreist og í sama stíl og önnur hús á staðnum og með aðgengi sem ekki truflaði. Nauðsynlegt er að húsið yrði eins viðhaldsfritt og unnt er og umhverfisvænt.

Þetta eru þara hugmyndir sem hafa verið að gerjast síðan á síðasta íbúáþingi um Skálholt í nóvember í fyrra og mér dettur í hug að gætu verið innlegg í umræðuna um framtíð staðarins.

Geirþróður Sighvatsdóttir,
fjélagi í Skálholtsfélagi hinu nýja.

Norrænt verkefni um fjarnámslausnir í búfræði fyrir starfandi bændur

Nú um miðjan september fór fram fyrsti verkefnastjórnarfundur í Nordplus Horisontal-verkefni er nefnist Naturbruksutdanning for voksne – í þessu samhengi landbúnaðarfræðsla til fullorönnna. Landbúnaðarháskóli Íslands er aðili að því verkefni en það er Mo og Jølster vidaregåande skule í Noregi sem leiðir verkefnið. Aðrir aðilar að verkefninu eru Rural Institute of Central Ostrobothnia og Yrkesakademien í Österbotten frá Finnlandi, Ösby Vestmannalands Naturbruksgymnasie í Svíþjóð og Sogn Jord- og Hagebruksskule, einnig frá Noregi.

Verkefnið gengur út á að kynna framboð landbúnaðarfræðslu í hverju landi fyrir sig og að átta sig á þróun starfsumhverfisins. Hvernig skólarnir eru uppbyggðir og fjármagnaðir, hvaða fjarnámslausnir eru í boði og hvernig samstarfi aðila er háttátt með það í huga að þeir njóti reynslu hvers annars. Skólinn sem leiðir verkefnið hefur þróað og boðið fram fjarnámslausnir í tengslum við búfræði sem hefur notið vinsælda þar í landi. Góður tími fór því í að kynna þá námsleiðir sem og fjarnám búfræðinnar sem boðin hefur verið fram hér á landi í gegnum Lbhí allt frá árinu 1999.

Aðrir samstarfsaðilar hafa ekki boðið upp á sambærilegt nám og



Íslensku þátttakendurnir voru Ásdís Helga Bjarnadóttir og Jón Gíslason, bæði frá Lbhí.

því áhugavert að innleiða slíkar lausnir þar sem aðsókn í staðarnám í búfræði í Svíþjóð og Finnlandi hefur farið minnkandi. Krafa um menntun í búfræði fyrir þá sem eru í búskap, eru að taka við búskap eða vilja kaupa landbúnaðarland er mikil sem kallar á menntun fyrir fólk á öllum aldri. Oftan er ekki er þetta hópur einstaklinga yfir 25 ára aldur sem vill taka námið með starfi ef það er í boði. Verkefnið hefur því það markmið að miðla af reynslu og reyna að koma til móts við þessa þörf þar sem það er hægt og vilji er fyrir.

Hér á landi miðast fjarnámið við fólk sem er við búskap, er a.m.k.

25 ára að aldri og með umtalsverða búskaparreynslu. Fjarnámið er byggt upp á svipaðan hátt og hefðbundið búfræðinám. Nemendur innritast á sama hátt í skólann og stunda námið á u.þ.b. hálfum hraða. Starfandi bændur geta því lokið búfræðiþrófi í fjarnámi á 3-4 árum með búskap, hafi þeir a.m.k. 5 ára

reynslu af búskap. Aðrir sem eru starfandi í landbúnaði þurfa að taka hluta námsins á sama hátt og staðarnemar. Samskipti nemenda og skóla eru í meginráttum um internetið. Verklegrir hlutar búfræðinámsins eru kenndir á námskeiðum, sem haldin eru eftir þörfum.

Norðmenn bjóða námið fram

á svipaðan hátt nema hvað þar er námið skilgreint sem full vinna. Nemendurnir taka námið því á sama hraða og staðarnemar, á tveimur árum. Verklegr kennsla og fyrirlestrar eru í níu skipti yfir veturinn. Þannig mæta þeir 18 sinnum í tveggja daga lotur í skólann.

Verkefnastjórnin fékk að fylgjast með verklegum tímum og spjalla við fjarnemana. Niðurstaðan var að það væri mikill kostur að hafa þetta í boði, frábærir kennarar og skipulag en væri heldur mikil vinna, þar sem flestir voru í vinnu með náminu.

Það voru því heldur sælir íslendingar sem héldu heim á leið. Sáttir með það sem Lbhí hefur þróað og boðið fram undanfarin ár og hefur fengið góðan hljómgrunn meðal nemenda. Ýmislegt er þó hægt að læra og miðla af svona samstarfi sem er rétt að byrja. Þannig mun ýmsu verða velt upp, rætt, og skoðað. Næsti verkefnastjórnarfundur verður haldinn á Íslandi vorið 2014.

Ásdís Helga Bjarnadóttir

Ólík viðhorf

Mikil umræða hefur verið undanfarið um framtíð háskóla í landinu og margir haft orð á því að hér á landi væru allt of margir háskólar og þar af leiðandi margir þeirra of veikburða. Ef nota á alþjóðlega mælikvarða á umfang og fjölda eininga hér á landi þá má segja að ekki sé þörf fyrir nema eina einingu af hverju tagi.

Það er þó ekki hægt að nota slíka mælikvarða til þess að setja upp okkar sviðsmynd. Við verðum að vera viljug til þess að viðurkenna þá sérstöðu að við erum fámenn þjóð í víðfeðmu landi og auðlindir okkar verða einungis nýttar til fulls ef við sköpum okkur umgjörð sem hæfir þessum veruleika.

Því er ég að vekja máls á þessu að nú að undanförmu hafa komið fram mjög ólík viðhorf forsvarsmanna Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands við hugmyndum og umræðu um fækkun og sameiningu háskóla. Á meðan að á Bifröst eru menn einhuga um að efla þá stofnun sem sjálfstæða einingu í héraði eru forsvarsmenn Landbúnaðarháskólans á þeirri skoðun að farsælast væri að sameina alla háskóla í eina stofnun og þar með afsala sér þeim möguleika að reka Landbúnaðarháskóla Íslands sem sjálfstæða atvinnvegatengda menntastofnun.

Nú er það svo að Landbúnaðarháskóli Íslands býður upp á nám á tveim skólastigum og er þar af leiðandi bæði fagstofnun landbúnaðarins og fræðastofnun. Í heimi þar sem vaxandi eftirspurn er eftir mat getum við orðið meiri þátttakendur í að miðla en hingað til og það ætti því að skapa skólanum mikil tækifæri og möguleika til þess að eflast undir eigin merkjum. Mikilvægi fæðuöryggis hverrar þjóðar verður aldrei ofmetið og nauðsyn þess að tryggja öfluga matvælaframleiðslu verður sífellt meiri. Í þessu ljósi er það illskiljanlegt að ekki skuli vera metnaður fyrir því að reka öfluga fag- og fræðastofnun á sviði landbúnaðar,

sem er ein undirstaða þess að ofangreinum markmiðum verði náð.

Framtíð fagmenntunar og fræðamenntunar í landbúnaði er betur komið í sjálfstæðri einingu í nánnum tengslum við atvinnuveginna en innlimuð í aðrar stofnanir með langtum umfangsmeiri rekstur og ólíka starfsemi. Nú hefur því verið haldið fram að ekki þyrfti að koma til þess að skólar missi sérstöðu og sjálfstæði í menntunarframboði með því að sameinast. Reynslan hefur þó verið öndverð og hætt er við að þegar þrengir að verði hjáleigan lögd af fyrr en höfuðbólið. Auk þess að vera fag- og fræðastofnun landbúnaðarins hefur skólinn haslað sér völl á nýjum fræðavettvangi með námsframboði á sviði landslagsarkitekturs, skipulagsfræða, skógræktar og landgræðslu, sem þegar hafa skilað íslensku samfélagi öflugum fagfólki og aflað nýrrar þekkingar á þessum fræðasviðum.

Víst er Landbúnaðarháskóli Íslands rekinn með halla, sem bæði stafar af því að stofnunin er undirfjármögnuð og einnig að hún býr við þá sérstöðu að vera dreifð um marga staði. Það er þó að mínu viti ekki óleysanleg þraut að breyta. Það fyrsta sem þyrfti að gera til hagræðingar er að flytja alla starfseminna af höfuðborgarsvæðinu að Hvanneyri og þær miklu byggingar staðarins sem verður að halda við og nýta, fái viðeigandi hlutverk í framtíðarstarfi skólans.

Ég hvet því forsvarsmenn Landbúnaðarháskólans að endurskoða þessa afstöðu og taka upp öfluga baráttu fyrir því að skólinn haldi áfram sem sjálfstæð mennta- og rannsóknarstofnun. Ég er þess fullviss að íslenskir bændur og samtök þeirra munu koma með virkum hætti að því að tryggja skólanum starfsgrundvöll og þar með efla íslenskan landbúnað og gegna lykilhutverki í auðlindanýtingu og umhverfisvisindum framtíðarinnar.

Magnús B. Jónsson
Hvanneyri

TÍMAMÓTATILBOÐ Á

McHale

Fusion³

TIL AÐ MÆTA MIKILLI EFTIRSPURN EFTIR MCHALE RÚLLUSAMSTÆÐUM HAFNA JÖTUNN VÉLAR GERT SAMNING UM KAUP Á FUSION 3 RÚLLUSAMSTÆÐUM AF ÁRGERÐ 2014 OG BJÓÐA ÞEIM VIÐSKIPTAVINUM SEM ERU TILBÚNIR AÐ STAÐFESTA KAUP STRAX MJÖG HAGSTÆTT TILBOÐ



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
traustir í 10 ár

VERÐTILBOÐ:

Verðlistaverð 2014 árgerðarinnar er kr: 11,390,000,- + vsk. m.v. EUR 158.
Kr: 14,294,450,- með vsk.

Til næstkomandi áramóta bjóðum við viðskiptavinum sem staðfesta kaup á nýrri McHale Fusion 3 eftirfarandi afslætti frá verðlistaverði:

- Fyrir lok nóvember **6% afsláttur kr: 683,400+vsk**
- Fyrir lok desember **5% afsláttur kr: 569,500+vsk**

Greiddsla og afhending vélanna er næsta vor eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Yfirburðir McHale Fusion rúllusamstæðnanna eru í dag vel þekktir en áreiðanleiki, ending og vinnsluhraði vélanna er einstakur. Það kemur því ekki á óvart að langflestir landbúnaðarverktakar velji McHale Fusion.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | www.jotunn.is

VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR | Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson



hlj@bondi.is

Iveco New Daily sendibíll:

Með loftþúðafjöðrun að aftan sem hentar vel íslenskum aðstæðum

Sendibíla þurfa allir einhvern tímann að nota og eru til ótal gerðir af þeim. Kraftvélar eru með umboð fyrir Iveco-sendibíla, sem eru töluvert öðruvísi en flestir sendibílar af svipaðri stærð. Þeir eru byggðir á grind og með loftþúðafjöðrun að aftan, sem hentar vel íslenskum aðstæðum þar sem enn er töluvert af malarvegum í íslenska vegakerfinu. Vegna þessara eiginleika eru þessir sendibílar töluvert vinsælir meðal smærri verkfæra, sem oft á tíðum nota sendibíla undir megnið af þeim verkfærum sem nota þarf í daglegum rekstri.

Beyguradius bílsins gerir hann skemmtilegan við þröngar aðstæður

Fyrir skemmstu ók ég nýlegum Iveco-þjónustubíl sem Kraftvélar eru með í þjónustu sinni sem viðgerðar- og þjónustubíl. Iveco New Daily sem ég keyrði var ágætlega kraftmikill með sex þrepa sjálfskiptingu. Iveco Daily er byggður á grind og hentar því vel undir starfsemi eins og að vera þjónustubíll sem er að öllu jöfnu með töluvert magn verkfæra sem vega mikið og fylgja viðgerðarmönnum á vélum og tækjum.

Í stað hefðbundinna dempara og fjáðrablaða er fjöðrunin að aftan loftþúðafjöðrun, ekki ósvipað og í mörgum vörubílum. Það fyrsta sem ég tók eftir þegar ég ók bílnum var hversu mikið er hægt að leggja á bílinn og beygja honum, sem hentar vel þegar þarf að snúa við og leggja í staði (bíllinn beygir svo vel að halda mætti að það væru beygur á afturhjólinum líka).

Mjúk sex þrepa skipting

Innréttingin er full af litlum hólfum og geymslum fyrir smærri hluti, sem kemur sér vel fyrir þá sem nota bíl sem skrifstofu og vinnustað. Að keyra bílinn er þægilegt, útsýni fram fyrir bílinn gott, speglar á hliðum góðir og sæti þægileg. Sex þrepa sjálfskipting gerir bílnum auðveldara að halda ferð þegar kemur að brekkum og einnig þegar verið er að draga kerrur reynir ekki eins mikið á skiptinguna. Fyrir vikið ætti að vera lítið mál að vera með allt að þriggja tonna kerru í eftirdragi án þess að misbjóða bílnum. Sex þrepa skiptingin er svo mjúk í skiptingum á milli þrepa að maður verður varla við það þegar bíllinn skiptir sér, sama hvort skipt er upp eða niður.

Hægt að panta bíl með níu mismunandi vélarstærðum

Góðar bremsur eru á bílnum, en hann kemur með diskabremsur framán og aftan. Bíllinn hjá Kraftvélum er að öllu jöfnu með þau algengustu verkfæri sem viðgerðarmennirnir á verkstæðinu þurfa að nota við sín störf, sem vega töluvert. Einnig hefur oft verið aftan í honum kerra með töluverðan þunga. Þegar ég ók bílnum var búið að keyra hann yfir 16.000 km og samkvæmt aksturstölvu bílsins er meðaleyðsla á honum 10,9 lítrar af dísil á hundraðið. Þessi eyðsla finnst mér ekki mikil þar sem ég hef séð þennan bíl á ferðinni með mjög þunga byrði í eftirdragi.



Iveco New Daily.

Myndir / HLJ



Grindin sem bíllinn er byggður á nær alla leið aftur í stuðara.



Stutt er fyrir bilstjóra í öll stjórnæki og mörg hólf, bæði stór og lítil.



Hægt er að leggja mjög mikið á bílinn í beygju.

Fæst í mörgum útfærslum

Kraftvélar eru ekki með Iveco Daily til á lager, en hvern og einn bíl verður að sérpanta, sama hvort er sendibíll eða bíll sem meiningin er að setja pall eða kassa á. Útfærslurnar eru margar og er hægt



Í þjónustubílnum sem ég prófaði er verkfærunum haganlega komið fyrir í góðri innréttingu.



Í mælaborðinu er mikið magn upplýsinga.

að velja um níu vélarstærðir frá 106 hestöflum upp í 205 hestöfl. Þessir bílar fást einnig með metanvélar.

Verðið er breytilegt eftir hvernig og hvað er í bílnum og er frá 4.400.000 fyrir utan skatt.

Öryggismál

Prófun Bændasamtaka Íslands á gátlista (áhættumatsgerð) á 31 búi í Reykhólasveit:

Sýnir innan við 3% slysatíðni og ríkan vilja til endurbóta

Prófun BÍ á gátlista (áhættumatsgerð) á þrjátíu og einu búi frá 1. nóvember 2012 til 26. september 2013 leiðir í ljós að ríkur vilji er til að gera betur. Prófunun var unnin undirrituðum í samstarfi við Búnaðarfélagið í Reykhólasveit.

Miðað við uppgöfin fjölda starfa á hverju býli störfuðu alls 70–71 á þeim býlum og bæjum sem tóku þátt í tilrauninni, en þrjú býli voru utan Reykhólasveitar með 23 störf á ársgrundvelli, en það voru garðyrkjubýli, svinabú og fuglabú.

Dagana 12–14. nóvember 2012 voru 26 bæir heimsóttir í Reykhólasveit og var þeim afhentur gátlistinn Áætlun um öryggi og heilbrigði við landbúnaðarstörf. Gátlisti þessi var fyrsta tilraunaútgáfa af áhættumatslista sem unnin var af Unnsteini Snorra Snorrasoni og undirrituðum fyrir BÍ.

Aftur var farið í heimsókn á flesta bæina dagana 26.–30. nóvember 2012 og farið yfir gátlistann með mönnum ýmist yfir kaffibolla eða í húsum og við vélar og tæki. Flestir töldu listann gagnlegan og þeim til gagns en hefðu viljað fá eftirlitsmann til að ganga um landareign, hús og tækjageymslur í von um að hann gæti bent á það sem betur mætti fara, enda er glögg gests augað. Þess voru þó dæmi að menn væru ósáttir við listann og vinnubrögðin og að lítið gagn væri í heimsóknnum mínum þar sem ég hefði hvorki menntun né vald til neinna skipanna. Var þar vitnað í eftirlitsmann frá Vinnueftirlitinu.

Dagana 25. og 26. september 2013, tíu mánuðum eftir fyrstu heimsókn, var hringt í alla sem voru í tilrauninni. Alls náðist í 29 bæi og voru þeir sem svöruðu símanum spurðir persónulegra spurninga í þrem liðum.

1. Hefur einhver meitt sig á býlinu síðustu 10 mánuðina?



2. Hefur eitthvað breyst í vinnuferlum eða verið hugsað til áhættumatslistans við vinnu síðustu 10 mánuði?
3. Hvort telur þú vænlegra til árangurs um vinnuvernd, heimsóknir með skoðun eða pistlaskrif í Bændablaðið?

Af 31 bæ náðist ekki í tvo, sem báðir eru einyrkjar. Alls svöruðu því 29 fyrir störfin 69. Af 69 hafa tveir slasað sig á tímabilinu, báðir við umgengni við nautgrip og meidslin voru á hendi. 19 af 29 hafa hugsað til eða breytt vinnuferlum á tímabilinu vegna listans. 9 af 29 vilja bæði heimsóknir og pistlaskrif í Bændablaðið, 14 af 29 vilja heimsóknir með létt-skoðun og 6 vilja byggja á pistlaskrifum í Bændablaðið.

Samantekt í nokkrum orðum

- Innan við 3% slasast á 10 mánaða tímabili (2 af 71).
- 19 af 29 hugsuðu til listans eða breyttu vinnuferlum.
- Aðeins 6 vilja byggja þetta á pistlaskrifum einum í Bændablaðið.
- 23 vilja heimsóknir til að fylgja eftir gátlista.
- Hins vegar sýnir það viljann til væntinga og árangurs að rétt tæpur þriðjungur vill bæði heimsóknir og pistlaskrif, sem sýnir viljann til laga það sem hægt er með öllum ráðum.

Reykjavík 7.10. 2013,
Hjörtur L. Jónsson

Næsta
Bændablað
kemur út
14. nóvember

Smáauglýsinga-
síminn er:

563 0300

Bændablaðið

Námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt

Eitt af skilyrðum fyrir þátttöku í gæðastýrri sauðfjárrækt er að hafa sótt undirbúningsnámskeið en þau verða haldin á eftirtöldum stöðum í nóvember nk.

Mánudagur 11. nóvember, **Hvanneyri**
Þriðjudagur 12. nóvember, **Stóra Ármót**
Miðvikudagur 13. nóvember, **Búgarður, Akureyri**
Fimmtudagur 14. nóvember, **Bsb. Austurlands, Egilsstöðum**

Námskeiðin hefjast kl. 10.00 fyrir hádegi og þeim lýkur kl. 18.00.

Skráning

Þeir sem óska eftir að sækja fyrirhuguð námskeið eru vinsamlegast beðnir að skrá þátttöku til Bændasamtaka Íslands fyrir 4. nóvember næstkomandi. Unnt er að skrá þátttöku í síma 563-0300 eða á tölvupósti bella@bondi.is. Námskeið geta fallið niður ef ekki næst lágmarkspáttaka.



Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Dekkin í verkin


Traktorinn, jeppinn, fjórhjólið og mótorhjólið

Umboðsmenn um land allt

Erum með dekk í öllum verðflokkum. Góð ráð og tilboð veita sölumenn okkar í síma **590 2045**



BF Goodrich
TAKE CONTROL



TOYO TIRES
driven to perform



MAXXIS®



MAXXIS®



Cultor G

Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað

Bilabúð Benna

Sérfræðingar í bilum

Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Nánari upplýsingar á benni.is

Vetrartæki á góðu verði

AFLVÉLAR

Vesturhraun 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • Fax: 480 0001

www.aflvelar.is

Fjölplogar - Snjótennur - Undirtennur
Kastplogar - Sand/salt dreifarar
Snjóblásarar o.m.fl.



Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Hafliði og Ingibjörg, ábúendur í Garpsdal, hófu búskap vorið 1973 með blandaðan búrekstur. Hafliði er frá Garpsdal og Ingibjörg úr Reykjavík. Árið 1980 stóðu þau frammi fyrir því að þurfa að byggja upp og ákváðu að fara út í sauðfjárbúskap og byggja fjárhús.

Þau hafa bæði alltaf unnið mikið með búskapnum; Hafliði í verktöku og sæðingum, en Ingibjörg er hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni á Reykhólum og Búðardal. Börnin voru þrjú; Kristján Viðar, Hafína Ingibjörg og Sigurður Rúnar. Kristján lést árið 2003 í bílslysi. Á álagstímum vor og haust koma Hafína og Sigurður Rúnar til aðstoðar. Eins er Aron, elsta barnabarnið, mjög mikið hjá ömmu sinni og afa og hjálpar verulega mikið til, enda hefur hann mikinn áhuga á búskap.

Býli? Garpsdalur, Reykhólahreppi.

Staðsett í sveit? Gilsfjörður.

Ábúendur? Hafliði Viðar Ólafsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Tveir fullorðnir, þrjú hundar og tveir kettir.

Stærð jarðar? Tæplega 3.000 ha.

Gerð bús? Sauðfjárbú, dúntekja og skógrækt.



Kristján Snær og Geirmundur Viðar Sigurðsson.

Fjöldi búfjár og tegundir? 450 fjár og um 1.000–1.200 æðarfuglar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Misjafnt eftir árstíma.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburður og dúntekja eru skemmtilegust en viðgerðir og að krafsa dún leiðinlegast.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi svipaðan.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Held að þau séu sæmileg, við erum ekki góð í að fylgjast með því.



Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?

Vonandi vel en það þarf að gefa ungu fólki betra tækifæri og styðja betur við bakið á því, til að eðlileg endurnýjun verði.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Smjör, mjólk og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt og fiskur.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það hefur margt komið upp á löngum tíma, en ætli það sé ekki eitt haustið þegar við vorum að reka féð inn, þá var hópur af kindum (systur og fjölskyldur þeirra) sem

hafði verið erfitt að ná, þær voru mjög léttar á sér og stukku yfir allt sem fyrir var og létu illa. Þegar leið á haust leit út fyrir slæmt veður og við að reka inn, þá tekur ættmóðirin sig til og stekkur yfir girðingar til hópsins. Við vorum ekki ánægð en kemur sú gamla ekki róltandi með allan hópinn og inn fóru þær.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Lax, lax, lax og aftur lax

Laxveiðiárið var veiðimönnum gjöfult og víða eru frystikistur fullar af fiski. Laxinn er úrvals- hráefni og sannkallaður herramannsmatur. Við Íslendingar erum heppnir að hafa ferskan og góðan fisk á okkar borðum allt árið um kring. Galdurinn í eldamennsku á fiski er að ofelda hann ekki og fara sparlega með kryddið – salt er oft það eina sem þarf!

Nú tókum við graflaxinn föstum tókum, steikjum svo laxaflak upp á gamla mátann með kartöflumælki og bjóðum upp á ofngrillaðan lax í lokin.

Léttgrafinn lax í kóríander, dilli og sítrónu – fyrir 4-6

- › 500 g laxaflak
- › 100 g salt
- › 70 g sykur
- › 10 g (ca. ½ tsk.) svartur pipar
- › 1 msk. fennel (duft)
- › 1 msk. kóríander (duft)
- › 3 msk. dill
- › Sítrónubörkur af einni sítrónu

Aðferð

Blandið öllum kryddum saman og stráðið 1/3 af blöndunni í botninn á bakka. Leggið laxaflakið í bakkann þannig að roðið snúi niður og stráðið svo restinni af kryddinu yfir flakið. Lokið bakkanum vel með plastfilmu. Látið standa úti á borði í þrjár klukkustundir og síðan inni í kæli í sólarhring.

Þá er flakið hreinsað undir köldu vatni og þerrað á pappír. Loks er fersku dilli stráð yfir og berki af sítrónu. Munið að rífa aðeins ysta skærgula lagið af sítrónuberkinum.

Laxinn sneiddur þunnt og borinn fram með graflaxsösu og ristudu brauði.

Steiktur lax með kartöflum

- › 800 g laxaflök án roðs
- › 200 g kartöflumælki
- › 1 stk. hvítlaukseiri, marinn
- › 1 stk. gulrót, smátt skorin
- › 1 stk. fennel, smátt skorðið
- › 1 stk. rauðlaukur, smátt skorinn
- › vatn
- › salt
- › smjör

Aðferð

Ristið smátt skorðið grænmetið á pönnu og takið til hliðar. Setjið smá salt út í.

Sjóðið kartöflumar með hvítlauk í vatni í u.þ.b. 25 mín. við vægan hita.

Skerið laxinn í 4 steikur og steikið í smjöri í u.þ.b. 3 mín. á hvorri hlið við miðlungs hita. Kryddið laxinn með salti.

Bætið grænmetinu á pönnuna í lokin og framreiðið með laxinum.

Ofngrillaður lax með rauðu greip – fyrir 4

- › 800 g lax
- › 100 g kartöflumælki
- › 1 stk. fennel
- › 100 ml ólífuolíu
- › salt og pipar
- › 1 stk. pera

Aðferð

Laxinn er skorinn í hæfilegar steikur og kryddaður með salti og pipar. Penslið yfir laxinn ólífuolíu. Setjið undir grill við háan hita í 2-5 mínútur eða þar til fiskurinn er hálfeldaður í gegn. Bætið þá rauðum greipávesti við í fatið ásamt finsöxuðum fennel. Framreiðið með soðnu kartöflumælki og steiktri peru.



FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Datt úr tré á afmælisdaginn og fékk heilahristing

Nafn: Arnaldur Grímsson.
Aldur: 11 ára.
Stjórnumerki: Vog.
Búseta: Reykjavík.
Skóli: Grandaskóli.
Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.
Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köngulær.
Uppáhaldsmatur: Sushi.
Uppáhaldshljómsveit: Rage Against the Machine.
Uppáhaldskvikmynd: Man of Steel.
Fyrsta minningin þín? Þegar ég var sitjandi í fanginu á mömmu



6 mánaða eða eitthvað og horfði á pabba segja: Ég þarf að fara á klósettið og svo fórum við. Æfir þú íþróttir eða spilarðu á

hljóðfæri? Já, ég æfi fótbolta með KR og spila á trommur.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Lögga.
Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég klifraði upp í tré á afmælisdeginum mínum í Bolungarvík og datt og man ekki meir. Ég fékk heilahristing.
Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Fara í íslensku í gamla skólanum mínum, Vesturbæjarskóla.
Gerðir þú eitthvað sérstakt í sumar? Ég fór til Bandaríkjanna og Kanada.


Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahreppi

Tónleikar með KK og Magga Eiríks verða í Þingborg, Flóahreppi 2. nóvember n.k. Þeir félagar hafa sungið og spilað saman í mörg ár með góðum árangri. Það verður enginn söngelsk sála svikin af ljúfri kvöldstund í félagsskap þessara ástsælu listamanna. Húsið opnar kl. 20:30 og tónleikarnir hefjast kl. 21:00. Miðaverð er aðeins kr. 3.000. Hægt er að panta miða í síma 691-7082. Einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn en þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

PRJÓNAHORNID

Fjölnota sjal úr Rakkas

Stærð: s-m-l-xl-xxl-xxxl.
Efni: Rakkas frá Kartopu no Kr 1987, 2-3-3-3-4-4 dokkur 100 gr.
 Til í 5 mismunandi litum sjá www.garn.is Glertölur nr Gp 117-12 fjóluþlár 8 stk. Hringprjónar nr 8, 100 cm. Hekluál nr 4.
Aðferð: Fitja laust upp 132-136-140-148-152-160 l. Prjónað með sléttprjóni fram og til baka. Byrjað á hliðinni og prjónið 11. umferðir sléttar þ.e slétt frá réttu og brugðið frá röngunni. Í 12. umferðinni sem er brugðin er slegið tvisvar upp á prjóninn til að mynda gataröð, í sléttu umferðinni til baka er annar uppslátturinn felldur fram af prjóninum en hinn prjónaður slétt. Endurtakið. Þegar stykkið mælist 60-61-62-62-63-64 cm þá er felldar af 66-68-70-74-76-80 l frá vinstra kanti. Setjið prjónamerki og prjónað áfram yfir lykkjurnar sem eftir eru, passað að mynstur haldi sér. Þegar stykkið mælist ca 10-10-10-12-12-12 cm frá prjónamerkinu eða ca 70-71-72-74-75-76 cm frá byrjun eru fitjaðar laust upp í lok umferðarinnar á hægri hlið 66-68-70-74-76-80 lykkjur. Passið að mynstrið standist á. Nú er prjónað yfir allar 132-136-140-148-152-160 l, prjónið þar til báðar hliðar eru eins eða þegar stykkið mælist ca 130-132-134-136-138-140 cm. frá uppfiti.



þá er fellt laust af. Að lokum er heklaður kantur allan hringinn með fastahekli í hverja lykkju. Gengið frá endum og 4 tölur saumaðar á vinstra megin frá neðri brún á hægri hlið með 9 cm millibili. 4 tölur saumaðar á sama hátt hægra megin á hægri hlið. Nú er hægt að nota sjalið á fjóra mismunandi vegu. Látið liggja laust yfir herðarnar. Hneppt að framan. Hliðarnar hnepptar þannig að myndist emar. Hnepptar 2 tölur aftur fyrir bak. Endarnir að framan lagðir á misvíxl og hneppt aftur fyrir hnakka. Góða skemmtun.

Erna Björg Kjartansdóttir, Mosfellsbæ.



Slá hneppt.



Slá hneppt aftur fyrir háls.



Hnepptar emar.

Létt

	6			1	7			
9			3			8		
					6		1	9
	4						2	6
			8					
	5				4			
	9							7
6	7	4			3			1
							3	4

Miðlungs

				4		6		
	7		1			2		
				7			8	3
	3				4			
5		6		1		9		7
			5				3	
3	9			5				
		1			3			
		2		9			2	

Þung

5							6	
				4			8	5
			2	3				
		6	5			9	7	
	9	1			2	4		
			1	5				
7	2		3					
	4							7

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur frá 1-9 í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum. Þrautirnar eru miserfiðar, sú sem er lengst til vinstri er léttust og sú til hægri þyngst en sú í miðjunni þar á milli.

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Gæða þakrennur

Hvitt PVC áratuga ending sendum um allt land

BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. PORGRÍMSSON & CO
512 3360 · korkur.is

RYÐFRÍIR HITAKÚTAR

Vönduð vara Áratuga reynsla.

Blöndunarloki fylgir.

NORSK FRAMLEIÐSLA

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

Yale púllarar

ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • Hafnarfjörður
Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
563 0300

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.700 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Sveitahótelíð Vatnsholt í Flóahreppi. Gisting. Veitingar. Ráðstefnur. Veislur. Hvataferðir. Uppl. í síma 899-7748 eða á alfheidur@hotelvatnsholt.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0mtr. í tveimur þéttleikum. Einnig fánlegar í föstum lengdum. Allar lokur og lamir fylgja. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Uppl. í síma 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Uppl. í síma 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl. 13.00-16.30.



Patura spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5 km. drægni. Frábært verð eða aðeins kr. 29.900,-. Mikil úrval af rafgrindarvörum, skoðið Paturabækling á www.brimco.is Brimco ehf., Flugumýri 8, Mos. Uppl. í síma 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30.



Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30 - www.brimco.is



Hringgerði til að nota úti sem inni. Frábær við taminguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Flugumýri 8, 270 Mos. Opið 13.00-16.30. Sími 894-5111 www.brimco.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8. Mos. Sími 894-5111 Opið kl.13.00-16.30.



Nissan Pathfinder. Svartur jeppi, ekinn 138 þús. km., 7 manna, 175 hestöfl, ssk., vetrardekk, leðursæti, toppluga o.fl. o.fl. Vel útbúinn jeppi. Má m.a. draga 3,0tn. kerru. Nýskr.02/2006. Skoðaður 2013. Verð 3.190.000,- kr. Myndir og uppl. á www.bilaborg.is eða í síma 517-1111.



Traktorsdrifnar rafstöðvar 10,8 kW upp í 72 kW. Agrowatt, framleiðandi: Sincro á Ítalíu. Stöðvarnar eru 4 póla (1500 sn/mín) með AVR (automatic volt regulator). AVR tryggir örugga notkun við viðkvæman rafbúnað, t.d. mjaltþjóna, tölvubúnað o.fl. Verðdæmi: (42KWA) 33,6 KW = 566.000,- + vsk. Stöðin þarf 80 hestaftra traktor, PTO 430. Hákonarson ehf / Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi fyrir magnðælingu eða mjög háþrýstar dælur sem henta vel í vökvun á stórum svæðum. Einnig háþrýstar dælur, frá 2" sem henta mjög vel í að brjóta upp haug. Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir landbúnað og annan iðnað. Hákonarson ehf / Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda móturum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf / Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klt. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf / Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



FDX extrem Háþrýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísel / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf / Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



Nýr Belarus 1221.3 Verð kr. 5.145.000 án vsk. Rafvörur ehf. Dalvegur 16c. 201 Kópavogur. Uppl. í síma 568-6411. www.rafvorur.is



Vandaðar, ódyrur hliðgrindur. 4,27 m breiðar, 24.900 kr. en 19.990 kr. ef keyptar eru fleiri en fimm. Gönguhlíð 1.50 m. breið, kr. 7.900. Eitt gönguhlíð fylgir ókeypis ef keypt eru tvö stór hlíð. Verð án vsk. Nánari uppl. hjá elvarey@gmail.com í síma 899-1776 eða á om@mo.is í síma 669-1336. www.aurasel.is



M Benz 608 D 1972 Húsbíll. Vel innréttaður og góður bíll, nýskoðaður '15, Trumagasmiðstöð, gashellur og ofn og góð hljómtæki. Ásett verð 1.450, tilboð 800 þ. Engin skipti. Uppl. í símunum 822-3650 og 822-3651.



Við erum að selja heyrullukerrur sem auðveldla fólki að taka upp eða ferðast með eina heyrullu í einu. Kerran er mjög þægileg í notkun og fyrirferðarlítill. Með hjálp rúllukerrunnar getur þú gert þetta sjálf/ur. Nánari uppl. fást í síma 869-5731 eða í gegnum netfangið heyrullukerra@gmail.com



Q-Trak hjólaskóflur Fjölhæfar & öflugar



MultiOne fjölnotavélar Margar stærðir / Fjöldi fylgihluta



SweepEx sópar á margar gerðir vinnuvéla



Vatnsafls túrbínur 1 kW - 20.000 kW



Neysluvatnsdælur / Brunndælur



Austurrísk gæðavara



Rafmagns utanborðsmótorar Stærðir frá 1-10 hö Þýsk gæðavara



Sand og saltdreifarar margar stærðir / gott verð

Orkuver ehf

Sími. 5 34 34 35

www.orkuver.is

OG VINNAN VERÐUR LEIKUR EINN

kemi



NOVA X-DRY er sóttþreinsandi undirburðarefni með einstaka rakadrægni. Efnið dregur allt að 200% þyngd sína ásamt að sóttþreinsa og eyða ammoniaklykt. Við reglulega notkun fækkar flugum. Prófaðu og finndu muninn. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Rothvati. Sept O Aid örverurnar í rotþræur kemur niðurbrotinu í gang og hindrar að ólykt berist frá rotþrónni. Fáðu ráðgjöf hjá okkur fyrir þínar aðstæður. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Haugmelta fyrir öll haughús, flýtir niðurbroti og heldur mykjunni mjúkrri og meðfærilegri. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Hágæða saltsteinn frá Vitfoss í Danmörku. Hentar fyrir bæði nautgrip og hesta. Inniheldur flest nauðsynleg steinefni. Hefur jákvæð áhrif á meltingu dýranna. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is

kemi



Suzuki Grand Vitara Limited árg. '05 til sölu, ekinn aðeins 57 þús. km., ssk, álfelgur, leður, dráttarkrókur, heilsársdekk. Finn jeppi. Tilbúinn fyrir veturinn. Verð 1690 þús. Uppl. í síma 893-9787.



Til sölu Isuzu D-max 3,0 ssk. Árg. 10/07. Toppbíl og í toppstandi. Verðhugmynd 2.690.000,- Skoðu upptöku fólksbíls að 500 þús. kr. Uppl. í síma 692-2970.

RAG

import - export



Fliegl TDK 110-88 11 tonna. Sturtar á þrjá vegu, alvöru fjölnota sturtuvagn, er á 355/60 R18 dekkjum. RAG Helluhraun 4. Símar 565-4900 og 892-7502 eða á www.rag.is og á Facebook rag import-export



New Holland T 6070 Elite árg. '12. (Ný) sýnigárvél á góðu verði. RAG Helluhraun 4. Símar 565-4900 og 892-7502 eða á www.rag.is og á Facebook rag import-export



Til sölu atvinnuhúsnæði á Stokkseyri 294m² að stærð + gott milliloft, stór innkeyrsluhurð á gaffli 4,5x5m, góð vegg hæð 6m. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í síma 894-3858.



Til sölu snyrtilegur skemmtibátur frá Trefjum, báturinn er með dýptarmæli, talstöð og GPS (gömlum) 50 hö. sparneytinn Yamaha 4-gengismotor ásamt góðum vagni. Tilvalinn á sjóþöng og skytteri. Verð 2,4 m. Geymsla í vetur kemur til greina. Uppl. í síma 843-3969.



Sprinter til sölu '98 módel af Benz Sprinter til sölu. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Linde rafmagnslyftari til sölu, batterið ónýtt. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Til sölu 16 tonna metra Fasi krani til sölu, til að setja á fasta jörð, dælustöð fylgir með. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Gamalt hjólhýsi til sölu, þarfnast smá lagfæringar, rúm 20 fm. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Til sölu góðar og nýyfirfarnar Mase rafstöðvar 30-40 Kva, keyrðar um 3000 tíma. Uppl. í síma 693-5454.

Til sölu Epoke S-2300H. Saltdreifari, árg. '05. Verð 1 milljón auk vsk. Uppl. í síma 892-1157.



Nýsmíðuð vönduð kerra til sölu sem er 300 cm x 150 cm að stærð. Nýr 1600 kg öxull frá Stáli og Stönsum. 17" felgur og dekk undan Landcruiser. Grind er galvaniseruð, hliðar úr pallaáli, heill botn úr brúnum krossvið. Hliðar og botn er límt til að minnka ryðmyndun. Þessi átti að endast manni en ég neyðist til að selja vegna annarra verkefna. Vinsami. hafið samband við Halldór í síma 860-4152.



Mikið úrval af fallegum ódýrum myndum bæði íslenskum og erlendum. Speglar í miklu úrvali. Innrömmun Kópavogs, Hlíðarsmára 11 (Gengt Smára Hótel). Uppl. í síma 555-7650.



Uppsetning og innrömmun á öllum gerðum af útsaumi og veggteppum. Vönduð vinna, vanir menn. Innrömmun Kópavogs, Hlíðarsmára 11 (Gengt Smára Hótel). Uppl. í síma 555-7650.



Innrammað og plastað Íslandskort stærð 82x64 cm á kr. 13.800 meðan birgðir endast. Einnig landshlutakort og fuglar Íslands. Innrömmun Kópavogs, Hlíðarsmára 11 (Gengt Smára Hótel). Uppl. í síma 555-7650.



Til sölu Iveco Daily árg. '00, ek. 227 þ. km. með krana. Frábær vinnupjarkur. Uppl. í síma 896-0096.



Til sölu 10 mtr. langur beislisvagn, uppl. í síma 863-1782.



Til sölu MAN 19.403 árg. '95, upp-tekkinn motor. Uppl. í síma 863-1782.



Til sölu Lely Splendimo 320T sláttuvél, árg. '07. Verð 550.000 kr. Uppl. í síma 821-9772.

LÍFLAND

• FRÁ 1917 •

Er allt klárt fyrir klárinn? Lífland er með allt fyrir hesthúsið. Hafið samband við sölumenn og ráðgjafa okkar í síma 540-1100.



Multifan loftræstiviftur og stýringar. Paulreyndar við íslenskar aðstæður.



Níðsterkar þýskar gúmmí-mottur.



Fóðurtrog og saltsteinahulstur í ýmsum stærðum og gerðum.



Bryningarskalar í úrvali.



Nótuð plastborð í gripahús. Leitið tilboða.



Læsingar á stíur.

LÍFLAND

• FRÁ 1917 •



Fiat 80/90. Árgerð: 1992. Verð án vsk: 1.850.000 kr



McCormick. Árgerð: 2003. Verð án vsk: 4.270.000 kr.



Steyr 9125. Árgerð: 2002. Verð án vsk: 4.790.000 kr.



New Holland TL100 A. Árgerð: 2005. Verð án vsk: 4.890.000 kr



Valtra 6400. Árgerð: 2003. Verð án vsk: 3.990.000 kr



Landini Vision105. Árgerð: 2007. Verð án vsk: 4.890.000 kr



Massey Ferguson 7495. Árgerð: 2008. Verð án vsk: 8.950.000 kr.



John Deere 6420s. Árgerð: 2006. Verð án vsk: 6.800.000 kr. Jötunn Vélar ehf - Sími 480-0400 - www.jotunn.is. Austurvegi 69 - 800 Selfossi og Lönsbakka - 601 Akureyri



Til sölu Zetor 7341, árg. '98, notuð 2800 tíma. Vélin er í toppstandi og klár í verkin. Verð 2.200.000 + vsk. Uppl. í síma 821-9772.



Til sölu Nissan Patrol Gr. Sjö sæta, ssk. árg. '03, ek. 168 þús. Tveir eig. Tveir dekkjag. 33" á felgum. Uppl. í síma 824-0440.



Til sölu skófla b. 1.50 m og H: 80 cm, ágætt ástand, einnig blað/tönn, beint, ónotað B: 2.00 m og H: 60 cm. Selst saman, verð 300.000 + vsk. Uppl. í síma 892-3042, Björn.



Til sölu vandað 275fm. hús sérhannað til flutnings. Húsið er byggt úr stálgrind og timbri, klætt með áli að utan og Paradorklæðningu að innan. Allar raf- og pípuþagnir ásamt hitatúpu og rafmagnstöflur eru í húsinu. Hægt er að flytja húsið í níu 30fm. einingum. Verðið er 16,5m + vsk. Fyrirspurnir sendist á jonhus1@gmail.com eða í síma 897-7781.



Til sölu HIAB krókheysi. Uppl. í síma 864-7758.



Bókin Byggðir Eyjafjarðar er komin út. Fróðleikur og myndir um bújarðir og ábúendur í Eyjafjarðarsýslu. Bókin er til sölu í Búgarði Óseyri 2 Akureyri. Uppl. í síma 460-4477.



Terex 2005 traktorsgrafa í finu standi til sölu. Notuð aðeins 2700 vinnustundir. Verð. 4.6 m. + vsk. Uppl. í síma 824-4790.



Snjóplógar og snjótennur í úrvali. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Er hann þinn í uppnámi? Neitar hann að borða og er hnípinn að sjá? Við höfum lausnina! Hágæða tónlist fyrir hana. Hressir við hana af öllum tegundum. www.persegulsvid.co.nf



Til sölu sementskúla í ágætu ásigkomulagi, hentar ágætlega sem vatnstankur eða fyrir kornflutninga. Lækkað verð. Til sýnis og sölu hjá Bíla - og vélasölu Borgarnesi. Sími 437-1200.



Til sölu Vicor 3200 diskaslátuvél. Vélin er biluð og selst í því ástandi. Til greina kemur að kaupa aðra samskonar í varahluti. Uppl. í síma 663-2712.

Tveimur hundum vantar heimili í sveit eða góðan eiganda, rúmlega 1 árs rakkí og 10 mán 90% Collie. Mjög vel þjáfaðir. Uppl. í síma 849-4762.

Til sölu 17" álfelgur undir Toyota Land Cruiser, sem nýjar og felgurær. Uppl. í síma 866-3155.

Nýleg Mickey Thompson Baja ATZ 325/65 R-18, negld og mjög lítið slitin. Fást á aðeins 160.000 (Kosta 360.000 ný) Passa m.a. undir Ford F-250. Uppl. í síma 857-9550.

Til sölu einfasa varaafstöð 220/380V 25KVA, traktorskúin. Dugir vel í rafmagnsleysi fyrir alla notkun á bænum. Verð kr 300.000 + vsk. Tíðnibreytir einfasa 4 KVH, gerir mögulegt að nota allt að 5 HA 3 fasa mótör þar sem er einfasa rafmagn. Verð kr 120.000 + vsk. Tækin hafa verið í upphituðu húsi alla tíð. Uppl. í síma 893-3942.

Fólöld undan Adolf frá Miðey til sölu í Dalsseli. Hafid samband við Andrés í síma 846-7105 eða Brynju í síma 846-7106.

Til sölu Massey Ferguson, árg. '74. Þarfnast aðhlyningar. Uppl. í síma 897-5315.

Hey til sölu á Norð-Austurlandi. Áborin há frá því í sumar 70 rúllur og 15 rúllur óaborið. Uppl. í síma 893-6541.

Hef til sölu dráttarvéladekk, stærð 320/85 R24 1 stk. nýtt (lítið notað). Tilboð óskast. Uppl. í síma 697-4948.

Til sölu spennubreytir gerð ADW16000VA. 3x22V 50HZ 3x380V24A. Uppl. í síma 897-3461.

Til sölu efni til vagnsmíði, tvöfaldur öxull og tjakkur. Fjögurra kW díselrafstöð, blásari fyrir hitaveitu, tengdamömmubox og malarvagn. Er á Norðurlandi. Uppl. í síma 891-7300.

Til sölu 4 negld snjódekk, ekin 2 þús. Discoverer m+scooper, stærð 265, 75, 16. Ný á 164 þús. Fást á 120 þús. Uppl. í síma 846-7324.

Til sölu V-Eyjafjöllum rúlluspjót (framan trimafest) og aftan 50 þús stk. Gjafagrind f. kindur 20 þús. Vatnstankur 1 þús l m/skál 11 þús Rúlluvagn L 3 m Br. 2,36. Dekk 8,25 x20 86 þús. Sver dráttarbiti 5 þús Heykvísl 5 þús. Yfirtengi mjórir 6 þús. Öll verð án vsk. Uppl. í símu 482-4007, 487-1267 og 847-2580.

Er með ýmsa varahluti í Volvo FL10 árg. '88. Euroammí á Stoll gálga sem er 117 cm., út fyrir kjálka. Tvö traktorssæti, annað notað loftþúðasæti, hitt ónotað venjulegt sæti. Föðurbætissigill sem hefur verið notaður til að sýra korn. Gamall pólskur þriggja kefla kornvals. Óska eftir dekkjum 750/16 vörubíladekk. Uppl. í síma 893-9610 eða á ulfsstadir@emax.is.

Til sölu mjólkurtankur lítill, um 4-600 ltr. og gamlir íslenskir hnakkur. Uppl. í síma 865-1621.

Til sölu greiðslumark í sauðfé, 755 ærgildi, sem gildir frá 1. janúar 2014. Tilboð í greiðslumarkíð allt eða hluta þess sendist í Búgarði, Óseyri 2, 603 Akureyri merkt -Ærgildi 41 eða á netfang sigurgeir@bugardur.is, eigi síðar en 8.nóvember nk. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Til sölu New Holland TS115 turbo 130+hö, árg. 12/2000, notuð 8.375 tíma, álo 960 tæki, load sensing Verð 3.9 mkr. + vsk. Uppl. í síma 891-9161. Röbert eða á rettarholt@jimdo.com

Til sölu varahluti í Ford, bensín-mótör, skipting, millikassi og hásingar. Hásingar undan Scout 2. Framhásing, girkassi og millikassi í Waoner. Uppl. í síma 865-1375.

Til sölu Hyundai Elantra árg. '98 ek. 202 þús. Vel með farinn. Óska eftir tilboðum. Uppl. í síma 772-7248. Sigmar.

Til sölu gámar, annar 40 feta, vel með farinn. Annar 18 fermetra gámar/vinnuskúr með eldhúsi, salerni og forstofu, einangraður. Staðsett í Reykjavík. Uppl. í síma 898-1633.

Haugsga til sölu Redrock 2500 gallon með 8 tommu áfyllirana, fjarðandi beisli 13 þús. lítra dæla. Stór dekk 32x30,5 radial árg. '09 verð 2,7 m. án vsk. Er í Skagafirði. Uppl. í síma 892-7482, Jón.

Til sölu borholudæla frá Danfoss. Lowara 2gs07m-4.os Tilboð. Uppl. í síma 894-4025.

Er með nokkra traktora til uppgerðar, til sölu og ýmis landbúnaðartæki. Þrjú forkunnaðfögur fólöld og fjórar skjóttar hryssur, ungar. Uppl. í síma 865-6560.

Til sölu ámoksturstæki Alo Quicke af Zetor 7745. Fjarkassi lengd 7,70 á tveimur hæðum að 2/3. Uppl. í síma 892-0157.

Gámur/vinnuskúr til sölu í finu lagi. Ein gönguhurð og tveir gluggar á langlið. Verð 750.000-án vsk. Uppl. í síma 822-1717.

Gott tað til reykingar til sölu í nágrenni Reykjavíkur. Uppl. gefur Sigurbjörn í síma 896-6984.

Óska eftir

Kaupi allar tegundir af vínplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar Staðgr. líka vínplötusófn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á olisigur@gmail.com

Óska eftir að kaupa heytætu, Slam GT-540 HYDRO til niðurriðs eða í heilu lagi. Uppl. í síma 893-3045 Ágúst.

Óska eftir stórum suðupotti (t.d. gömlum þvottapotti). Vinsamlegast hafið samband í síma 825-7822.

Er hann til? Á árunum '84-'87? flutti Vélabor (gamla) inn traktora frá Júgóslavíu sem hétu IMT þar á meðal var vél sem var 35 hö. Þessi gerð var eftirmynd af Massey Ferguson sem var framleiddur frá '57-'60. Mig langar í vél af þessari gerð heila eða lasna. Grænt-Land ehf. Uppl. í síma 860-5570.

Áttu nokkuð? Er að safna saman verkfærum og tólum frá árdögum garðyrkju hér á landi til nútímans. Með garðyrkju er átt við matjurta- og blómaraðkun. Þó að þér finnst hlutirnir ekki merkilegir láttu vita. EKKI HENDA er að skrifa niður verklagslýsingu á meðan elstu menn muna. Grænt-Land ehf. Uppl. í síma 860-5570, Örn.

Óska eftir 20 feta geymslugámi og glussaspili fyrir vír. Uppl. í síma 863-0529.

Óska eftir gömlum 8 silendra vélum, Chevrolet, Chrysler, Ford. Uppl. í síma 893-3634 eða á maggifinnbjornss@gmail.com

Óska eftir ódýrum valtara til að viðhalda flugbraut, er á Mýrum, Borgarfirði. Uppl. í síma 696-0945.

Óska eftir skinnsumavél. Uppl. í síma 893-2928.

Óska eftir nokkrum járnkörungum. Uppl. í síma 778-5445.

Vikingafélagið Glæsir Grundarfirði óskar eftir steðja og eldsmiðaa-höldum gefins eða gegn greiðslu í fisk. Einnig óskum við eftir gömlu smíðatimbri. Uppl. í síma 777-0611. Takk fyrir.

Atvinna

Mark, 26 ára gamall Kanadabúi og bóndi óskar eftir vinnu á sveitabæ á Íslandi. Hann hefur mikla ástríðu fyrir lífrænni og vistfræðilegri matvælaframleiðslu. Vinsamlega hafið samband í síma 1 647 919 5660 eða í gegnum netfangið mark@market-researchtechnology.com

Óska eftir starfsmanni við blandað bú sauðfjár- og nautkjötsframleiðsla. Uppl. í síma 694-8170.

Gisting

Gistiheimilið Bergistangi, Norðurfirði á Ströndum. Bendum væntanlegum viðskiptavinum á heimasíðu okkar, „bergistangi.is“ þar er allar uppl. að finna.

Safnarar

Vegna flutnings. Til sölu skeiðaskápur fyrir 18 skeiðar, 23 skeiðar fylgja með. Stórt pennasafn í möppum 500 stk. og spilasafn. Gamall servantur statif og könnusett. Uppl. í síma 848-5269.

Þjónusta


GB Bókhald. Tek að mér að færa bókhald - skila vsk.-skýrslu - geri ársreikninga - geri og skila skatta-skýrslu - er með dk+dkBúbót. Gerða Bjarnadóttir. Netfang gbbokhald@gmail.com s.431-3336 og 861-3336

Bókhald. Getum bætt við okkur verk-efnum; Bókhald, launaútreikningur, vsk-útreikningur og skil á skýrslum til viðeigandi stofnana. Ársreikningur og skattskil. Sigmar ehf. Bókhaldsstofa Jöldugróf 22,108 Reykjavík, bokhaldsstofansigmar@gmail.com. Uppl. í síma 867-4571.

Bílstjóri í Reykjavík. Þegar mamma kemur til Reykjavíkur, þá segir hún að það sé frábært að hafa bílstjóra sem er tilbúinn að snúast, skulast og ratar um allt. Svo ég ákvað að bjóða upp á slíka þjónustu fyrir hvern sem er. Hafðu bara samband í síma 699-1571. Því.

Skipti á bújörð.

Stærð: 195.6 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1963
Fasteignamat: 19.100.000
Bílskúr: Já

Verð: 28.800.000

Einar Harðarson
Lögg. fasteignasali
6625599
einar@remax.is

Baggaspjót og fóðringar



KEDJUR OG HNALLAR

Keðja með hnalli
13 hlekkir
Verð kr. 1.983



Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is



UPPSTOPPUN



KRISTJÁN FRÁ GILHAGA
SÍMI 892-8154
Netfang: kr.st@simnet.is

Bókajól hjá skógræktarfólki

Skógarauðlindin

ræktun, umhirða og nýting

Fróðleg umfjöllun um skógarauðlindina Tilvalin jólagjöf

Hringdu og pantaðu í síma 433 5000 eða sendu bréf á ritari@lbhi.is

Til sölu



Gluggaverksmiðjan Gæskur ehf. er til sölu. Fyrirtæki í góðum rekstri, sem er enn að auka markaðshlutdeild sína. Um er að ræða lausafé, þ.m.t. allan lager, vélar, þ.m.t. stór sög, suðuvél, borvélar og verkfæri, ásamt hillum og rekkum, tölvu með forriti fyrir teikningar, verkfæri ofl. Ef kaupendur vilja vera í núverandi húsnæði, þá er hægt að gera leigusamning. Núverandi starfsmenn eru tilbúnir að vinna í 2-3 mánuði með nýjum eigendum til þess að koma þeim inn í framkvæmdaferil. Spennandi tækifæri fyrir samhenta aðila. Talsvert af verkefnum geta fylgt með. Uppl. gefnar á Heimaey í síma 481-1114.



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hláða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótör

AMERÍSK GÆÐAVARA

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Bændablaðið

Smáauglýsingar.
563 0300

Somi Mg



Alhliða steinefnablanda fyrir mjólkurkúr með háu hlutfalli af Magnesium, Seleni og Vítamínunum.

Hentar vel í heilfóður.

Brettatilboð:
3.616,-
25 kg poki án vsk

LANDSTÓLPÍ
480 5600



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!

Vélavit

Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 · Garðabær · Sími 5272600 · velavit@velavit.is

GOTT HÚSBÍLAEFNI



Til sölu Ford Transit T125 300, dísel, árg. '05, ek. aðeins 131 þús. Nýlega sprautaður, ný kúpling, nýtt í bremsum og nýr startari. Skráður 7 manna. Góður bíll og vel viðhaldið. Nýskoðaður. Uppl. í síma 663-4455.



16 18 26

Lambakjör þins og það gerist boði
Vilja stýja við merkingarlegt sjafftraust í sveitum landsins
Það er öllin alíðin átti kindunum, hún er svo setstök

Bændablaðið

15. útgáfa 2013 | Fimmtudagur 31. október | Blað nr. 404 | 15. árg. | Útgáfa 30.600

ÁSKRIFT AÐ BÆNDABLAÐINU BORGAR SIG

BÚKONUR OG BÚMENN Í SVEIT OG BORG LESA BÆNDABLAÐIÐ!

Tryggðu þér áskrift að Bændablaðinu og fáðu blaðið sent heim að dyrum.

Bændablaðið kemur 24 sinnum út á ári, á tveggja vikna fresti að jafnaði. Þeir sem gerast áskrifendur fá sérmerktan bol frá Bændablaðinu á meðan birgðir endast.

ÁRSÁSKRIFT KOSTAR EINUNGIS 6.900 KR. en eldri borgarar fá 50% afslátt.

HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 563-0300 EÐA NETFANG **BBL@BONDI.IS.**

Nýttu mjaltþjóninn betur

Fóðurblandan og **Bústólpi** halda í sameiningu fræðslufundi fyrir mjaltþjónaeygendur og aðra áhugamenn því tengdu.

Miðlum reynslu á milli bænda

„Síðustu árin hefur mjaltþjónum fjölgað ört hér á landi og er nú svo komið að um þriðjungur allrar mjólkur á Íslandi kemur frá mjaltþjónabúum. Það er þó afar mikill munur á nýtingu mjaltþjónanna auk þess sem ætla má að vinnubrögð við mjaltþjónana séu afar frábrugðin á milli bóva. Undanfarin misseri hefur verið gert átak í því að bæta nýtingu mjaltþjóna í Danmörku með afar góðum árangri, en byggir átakið á því að miðla reynslu á milli bænda.“

» **Snorri Sigurðsson**, sem starfar sem ráðgjafi í Danmörku, hefur m.a. komið að þessu verkefni þar í landi og hefur Fóðurblandan fengið hann til þess að koma og fjalla um þessi mál og önnur sem nýst geta kúabændum hér á landi sem eru með mjaltþjóna eða eru að velta fyrir sér kaupum á mjaltþjóni.

» **Erlendur Jóhannsson** fóðurfræðingur Fóðurböndunnar og **Hólmgeir Karlsson** hjá Bústólpa munu fjalla um fóðrun mjólkurkúna í mjaltþjónafjösi.

Á fræðslufundunum verður farið yfir:

- Helstu framleiðslutölur mjaltþjónabúa hér á landi árið 2012.
- Mjólkurgæði þeirra og leiðir til þess að ná góðum mjólkurgæðum bæði með tilliti til líf- og frumutölu.
- Farið verður yfir helstu atriði sem lúta að réttum vinnubrögðum við þjálfun kvigna í mjaltþjónafjösum svo sækja þurfi sem færast kúr til mjalta.
- Kynntar árangursríkar aðferðir mjaltþjónabúa sem beita kúnum.
- Rætt um daglegt viðhald, þrif og umgengni við tæki og gripi í mjaltþjónafjösum.
- Kynntar helstu nýjungar varðandi hönnun mjaltþjónafjösa nú til dags, en töluverðar breytingar hafa orðið á hönnunaráherslum slíkra fjösa undanfarin 2-3 ár.

Fræðslufundirnir eru fyrir alla sem nota mjaltþjóna, óháð tegund, og verða haldnir sem hér segir:

» Akureyri – Hótel KEA

Þriðjudaginn 5. nóvember frá kl 10:00 til 14:00
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn með því að senda okkur tölvupóst á bustolpi@bustolpi.is eða í síma 460 3350.

» Sauðárkrókur - Kaffi Krókur

Þriðjudaginn 5. nóvember frá kl 18:00 til 22:00.
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn með því að senda okkur tölvupóst á bustolpi@bustolpi.is eða í síma 460 3350.

» Borgarnes - Verslun KB í Egilsholti

Miðvikudaginn 6. nóvember frá kl 10:00 til 14:00
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn með því að senda okkur tölvupóst á fodur@fodur.is eða í síma 570 9800.

» Selfoss - Verslun Fóðurböndunnar

Austurvegi 64a 2. hæð
Miðvikudaginn 6. nóvember frá kl 18:00 til 22:00
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn með því að senda okkur tölvupóst á fodur@fodur.is eða í síma 570 9800.

» Hvolsvöllur - Verslun Fóðurböndunnar

Hlíðarvegi 2-4
Fimmtudagur 7. nóvember frá kl 10:00 til 14:00
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn með því að senda okkur tölvupóst á fodur@fodur.is eða í síma 570 9800.



Þáttökugjald er kr. 4.000
Innifalin eru öll fundargögn og léttur málsverður.

